

Þrýst á
Jóhönnu
Guðrúnu
að sýna
meira hold

■ Sögurnar á bak
við Eurovision-lögin

FREMSTI
POPPLAGA-
HÖFUNDUR
ÍSLANDS
TEKUR FLUGIÐ



17. MAÍ 2019 / 20. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV



DURAN
DURAN

■ „Við
vorum ekki
búnir undir
frægðina“

FJÖLSKYLDUNNI
VERÐUR SUNDRAÐ

■ Útlendingastofnun vísar
eiginkonu og móður úr landi
■ Gátu ekki sýnt
fram á nægar tekjur



■ Tók á móti
500 börnum

Skagfirskur
galdramaður

Margrét Erla
Maack



Prestsdóttir
sem sagði sig úr
Þjóðkirkjunni

■ Með fylgdarmann vegna áreitni
■ Barn á leiðinni

Margar gerðir af
FARANGURSBOXUM



Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Á þessum degi, 17. maí



1536 – Hjónaband Hinriks VIII. Englandskonungs og Önnu Boleyn er ógilt.



1863 – Rosalía de Castro gefur út Cantares Gallegos, fyrstu bókina sem skrifuð var á galísísku.



1933 – Vidkun Quisling og Johan Bernhard Hjort Nasjonal Samling, Þjóðarhreyfinguna, flokk að fyrirmynd Þýska Nasistaflokksins.



1974 – Þrír óbreyttir borgarar eru myrtir og um 300 særast þegar UVF, hreyfing róttækra sambandssinna á Írlandi, sprengir fjórar bílsprengjur í Dublin og Monaghan í Írsku lýðveldinu.



Höpp og glöpp Óla í bók

Leiðsögumaðurinn Ólafur B. Schram hyggst gefa út sína fyrstu bók, þar sem hann mun segja frá höppum og glöppum á ferðalögum sínum um landið, af reiðmennsku og æskuminningum. „Undanfarin ár hef ég birt smásögur á Facebook-síðu minni og ekki hlotið tjón af,“ segir Ólafur, en um 70 sögur verður að finna í bókinni. Fjallafari – Highlander, fyrirtæki Ólafs, fagnar 25 ára afmæli í ár, en Ólafur hefur varið um 5.000 dögum síðastliðin 25 ár eða nær 14 árum samanlagt á ferðum um byggðir og óbyggðir Íslands. „Á þessum tíma hef ég gisti í tjöldum, á hótelum, í bændagistingu og í allt að 117 fjallaskálum, ekið Sprengisand ótal sinnum á hverju ári, Gæsavatnaleið að jafnaði tvisvar á hverju sumri og farið alla merktu vegarslóða á korti og komið á þorra allra gisti- staða landsins, nær oftast með erlenda ferðamenn með mér,“ segir Ólafur. „Ég hef komið víða við, bæði gangandi, hjólandi,

ríðandi og akandi.“ Ólafur safnar fyrir útgáfu bók- arinnar á Karolina Fund: Höpp og glöpp Óla. Hægt er að styrkja útgáfuna og fá í staðinn allt frá eintaki af bókinni upp í tveggja daga ferðalag um hálendið með höfundi, auk eintaks af bókinni og boði í útgáfuhúf. „Sögurnar mínar með höpp- um og glöppum hafa verið lesnar af fjölda fólks. Hver þeirra er ör- saga, tvær til þrjár bladsíður. En þær virðast vera vinsælar,“ segir Ólafur. „Og eftir fimm ára skrif- örlar enn á ábendingum um að safna þessu saman og binda inn. Næsta skref er því að láta reyna á þessar hvatningar og nýta sér venskapinn við ykkur. Ég hef rætt við útgefanda. Hann vissi ekki hvaðan á hann stóð veðrið þegar ég birtist á skrifstofunni hjá honum, hefur þekkt mig fyrir aðra hluti en innvinnu og skrift- ir. Hann las tvær til þrjár grein- ar, sannfærðist og gerði mér til- boð. Þar er ég staddur í dag. Nú er komið að ykkur að styðja mig í raun.“

Stebbi Hilmars kannar listamannalaun



Háskólastúdentar sem stefna á útskrift í sumar keppast við það í maí að skila inn lokaritgerðum, og er ávallt við hæfi að fagna þegar þeim stóra áfanga er náð. Tónlistarmaðurinn Stefán Hilmarsson, sem lengst hefur verið kenndur við hljómsveitina Sálina hans Jóns míns, hefur skilað inn BA-ritgerð sinni í stjórnmálafræði. Ritgerðin ber heitið „Listin að styrkja: Hugleiðingar um listamannalaun.“ Í viðtali við Vísi í ágúst í fyrra sagði Stefán: „Mig langaði bara að gaumgæfa þennan málaflökk með hliðsjón af pólitískum sjónarmið- um sem og í sögulegu ljósi, verandi listamaður og áhugamaður um pólitík og sögu.“ Í ritgerðinni eru birtar niðurstöður skoðanakönnun- ar sem Stefán stóð fyrir og endurspeglar þessar hugleiðingar hans og afhjúpa hug almennings til listamannalauna.



Varaþingmaður útskrifast

Eydis Blöndal, varaþingkona VG, útskrifast úr heimspeki við Háskóla Íslands í sum- ar, en hún skilaði BA-rit- gerði sinni í heimspeki þann 10. maí. Ritgerðin ber heitið „Hin hliðin á peningnum: Kynbund- inn launamunur í ljósi kenninga Nietzsches og sjónarhólskenninga

femínískrar þekkingarfræði.“ Eydis er fædd 1994 og er dótt- ir Péturs H. Blöndals heitins, sem sat lengi á þingi fyrir Sjálfstæðis- flokkinn. Eydis fagnar skilunum á Twitter með orðunum „Loksins fáanleg, öll 19 þúsund tweetin mín innbundin í bók.“

5 hlutir til þess að gera í stað þess að horfa á Eurovision

Á morgun, laugardag, sest meiri hluti þjóðarinnar niður fyrir framan sjónvarpið, hámar í sig snakk og líklega margir sem fá sér aðeins í tána. Í ár hafa skapast miklar deilur um Eurovision og margir hverjir eru reiðir vegna þeirrar ákvörðunar að halda keppnina í Tel Aviv í Ísrael. Íslendingar eru þar ekki undan- skildir og voru ansi háværar raddir um að við ættum að sleppa því að taka þátt í ár og mótmæla þannig þeim aðgerðum sem stjórnvöld Ísrael hafa tekið og aðför þeirra að Palestínu. Það verða því líklega einhverjir sem ekki ætla sér að fylgjast með keppninni í ár, þrátt fyrir að Íslandi sé spáð góðu gengi. DV fann því fimm hluti sem hægt er að gera í staðinn fyrir að horfa á Eurovision.

Fara út að skokka: Ef þú hafðir hugsað þér að nýta tímann í líkamsrækt er líklega best fyrir þig að fara út að skokka. Ef þú ferð í ræktina verður líklega kveikt á Eurovision í öllum sjónvörpum þar og þú kemst ekki hjá því að sjá hvað fer fram. Eurovision er nokkuð langt sjón- varpsefni svo þú ættir að komast í ágætis- form.



Læsa þig inni á klósetti og hlusta á hljóðbók:

Ef það er sjónvarp á heimili þínu er líklegt að einhver heimil- ismaður muni vilja horfa á keppnina. Þá getur þú læst þig inni á klósetti og hlustað á hljóðbók. Með því úti- lokar þú bæði hljóð og myndefni. Passaðu þig bara að sitja ekki of lengi á klósettinu ef þér verður mál, þá færðu gyllinæð.



Hámhorfa á Game of Thrones:

Ef þú býrð ein/nn og getur því ráðið sjónvarpsefninu þá er þetta tilvalinn tími til þess að rifja upp allar seríurnar af Game of Thrones. Hafir þú ekki séð þær nú þegar, er kominn tími til, enda lokabátturinn sýndur í næstu viku og honum má enginn missa af.



Kaupa í matinn:

Það verða líklega ansi fáir í búiðinni. Það er þó tvennt sem þú þarft að hafa í huga. Ekki gleyma heyrnartólum þar sem líklegt er að keppnin verði spiluð í beinni í útvarpinu í búiðinni. Mundu svo að vera almennileg/ur við starfsfólkið því það neyðist til þess að afgreiða þig á meðan það reynir að fylgj- ast með keppninni í símanum sínum.

Halda húsfund:

Sérðu formaður hús- félags og almennt illa innrætt manneskja, þá er þetta einmitt tíminn til þess að boða alla íbúa á húsfund. Þar getið þið farið yfir sorphirðu, endur- vinnslu og fyrirhug- aðar framkvæmdir. Þá getið þið rætt bílastæðavandamál og rýnt ítarlega í árs- reikninginn. Þú skalt þó ekki gera ráð fyrir því að verða kosinn í stjórn félagsins aftur á næsta ári.





irc.is



Starfsmenn frá Bretlandi

Allir starfsmenn BKG koma frá Bretlandseyjum og tala Ensku fyrir móðurmál.



Fullkomið gegnsæi

Við bjóðum notandafyrirtækjum fullkomið gagnsæi varðandi launagreiðslur.



Réttindi

Allir starfsmenn hafa viðeigandi réttindi til að starfa í Ísland

Hver er hún

■ Er 36 ára og frá Akureyri.

■ Stofnaði dansskóla.

■ Var valin Framúrskarandi ungur Norðlendingur árið 2013.

■ Rakaði hár sitt á Glerártorgi til að safna fyrir sjálfbóðaliðaferð til Úganda.

■ Nýlega hætt sem umsjónarkona Stundarinnar okkar.

SVAR: SIGVYN BLONDAL

Það er staðreynd að...



Orðið skóli er dregið af gríska orðinu skhol sem þýðir frí.



Fuglar geta flogið sofandi.



Full nafn Barbie er Barbara Millicent Roberts.



40 prósent jóla á Íslandi eru hvít og 60 prósent rauð.



Heilagur Gummarus frá Saxlandi er verndardýrlingur fráskilins fólks og þeirra sem þjást af kvíðsliti.

YFIRHEYRSLAN

Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir er Íslendingum að góðu kunn sem fjölmiðlakona, sjónvarpskokkur og vinsæll bloggari. Hún hefur meðal annars gefið út matreiðslubækurnar Matargleði Evu og Kökugleði Evu og stýrt þáttunum Ísskápastríði á Stöð 2. DV tók Evu Laufey í yfirheyrslu.

Hjúskaparstaða og börn?
Gift Haraldi Haraldssyni og við eignum tvær stelpur, Ingibjörgu Rósu (4) og Kristínu Rannveigu (1).

Fyrsta atvinnan?
Ég vann samhliða skólanum á elliheimili, sambyli og sem flugfreyja hjá Icelandair. Ég byrjaði svo hjá Stöð 2 árið 2013.

Skemmtilegast að gera?
Ég er mjög heppin að vinna við það sem mér þykir skemmtilegast; að elda góðan mat og hitta skemmtilegt fólk. Það skemmtilegasta sem ég geri þó er að verja tíma með stelpunum mínum og manningum mínum, þau eru kjarninn minn og ég elska að gera eitthvað skemmtilegt með þeim.

En leiðinlegast?
Ef ég á að vera alveg heiðarleg að þá finnst mér ekkert leiðinlegra en að brjóta saman þvott og ganga frá honum.

Trúir þú á drauga?
Ég get ekki beint sagt að ég trúi á drauga en ég trúi á góða anda og ég er handviss um að fólk sé okkar sem er farið fylgist vel með okkur.

Besta ráð sem þú hefur fengið?
Að vera ég sjálf ... hljómar undarlega, en í starfi mínu þá er auðvelt að detta í smá hlutverkagír og þess vegna er þetta besta ráðið sem ég hef fengið. Ég get ekki verið neitt annað en ég sjálf.

Mannkostir þínir?
Það er nú erfitt að segja, en ætli ég sé almennt góð við dýr og menn (þetta er of mikið sjálfshól fyrir mig).

En lestir?
Kannski of ákveðin stundum, bara stundum.

Fyrsti bíllinn?
Maðurinn minn hefur svolítið stjórnað þessum bílakaupum en fyrsti bíllinn okkar saman var Alfa Romeo fyrir rúmlega 12 árum.

Leiðinlegasta húsverkið?
Frágangur á þvotti, enn og aftur.

Uppáhaldseftirrétturinn?
Tíramisú.

Furðulegasti matur sem þú hefur smakkað?
Erfitt að segja, súrmatur er furðulegur og ætli það sé ekki bara furðulegasti matur sem ég hef smakkað.

Ertu A- eða B-manneskja?
Ég er A-manneskja.

Hver er fyrirmynd þín í lífinu?
Foreldrar mínir eru þar fremstir í flokki, en svo á ég margar góðar fyrirmyndir en ég datt í þann lukkupott að eiga marga góða að og svo hef ég unnið með framúrskarandi fólki úr öllum áttum sem ég læri mikið af.

Fyrsta minningin þín?
Ég man eftir mér í brúðkaupi hjá mömmu minni og pabba, ég var rúmlega tveggja ára og ég man eftir dúkkunni sem ég hélt á og brót úr deginum.

Ert þú góður söngvari?
Ég myndi segja það – hins vegar eru ekki margir sem taka undir það :D.

Hvað er mikilvægast í lífinu?
Að fylgja hjartanu og gera það sem mann langar. Lifa í núinu og njóta þess að verja tíma með fólkinu okkar, það er mikilvægast af öllu.



MYND: HANNA/DV

Barnakarlarnir og -kerlingarnir á þingi

Svarthöfði

Landnámu segir: „Ölvir barnakarl hét maður ágætur í Noregi; hann var víkingur mikill. Hann lét eigi henda börn á spjótaoddum, sem þá var víkingur títt; því var hann barnakarl kallaður.“

Margir barnakarlarnir sitja nú á hinu háa Alþingi, í Miðflokkninum og Sjálfstæðisflokkninum. Nokkrar barnakerlingar líka og hæst bylur þar í Ingu Sæland eins og henni einni er lagið. Í vikunni var kosið um ný lög um fóstureyðingar. Ekki skipaði sjálfur barnamálaráðherrann, Ásmundur Einar, sér í lið með hinum barnakörlunum þó.

Gífuryrði barnakarlanna og -kerlinganna voru mikil þegar þingmenn gerðu grein fyrir atkvæði sínu. Lýstu þeir yfir megnri andúð á frumvarpinu. Sumir þeirra hafa látið gamminn geisa á þingi undanfarna daga. Sæland

sagði til dæmis að verið væri að taka ákvörðun um að drepa börn í móðurviði.

Svarthöfði tók vel eftir þessu í atkvæðagreiðslunni og sá drápsfýsnina í augum þeirra sem sögðu glaðhlakkalega já við frumvarpinu. Fólk sem veit greinilega ekkert betra en að kasta börnum á spjótsodda, hlægja og skála í miði á eftir. Fátt veitir þeim meiri gleði en að drepa börn. Sjóða þau í potti eins og skessan Grýla og rífa þau í sig með brjóski og beinum.

Svarthöfði hjó einnig eftir því að barnakarlarnir og barnakerlingarnar hafa ekki alltaf verið barnanna best þegar kemur að málefnum barna. Mestmegnis eru þetta eldri menn og í halds-samari kantinum. Ekki rekur Svarthöfða minni til þess að þeir hafi barist fyrir málefnum barna fyrr, beitt sér fyrir auknum fjármunum til barnabóta eða fjárstuðningi við barnafjölskyldur.

Þarna eru til dæmis þingmenn eins og Ólafur Ísleifsson og Ás-

mundur Friðriksson sem hafa verið ómyrkir í máli þegar kemur að málefnum hælisleitenda. Gildir þá einu hvort þeir eigi börn eða ekki, sem rífin eru upp um miðjar nætur og send með næturflugi út í óvissuna. Þarna er einnig Brynjar Níelsson lögmáður sem meðal annars varði Ágúst Magnússon, einn alræmdasta barnaníðing Íslandssögunnar. Og Sigríður Á. Andersen sem gekk svo vasklega fram í að halda upplýsingum um uppreista æru leyndum fyrir þolendum tveggja barnaníðinga. Svo vasklega að ríkisstjórn Íslands sprakk í kjölfarið.

Siðferðispostularnir eru fleiri innan raða barnakarla og -kerlinga sem ganga nú fram með sverð og skjöld. Varla þarf að minnast á Klausturdónana. Bergþór Ólason sem fann skrokkinn sem „typpið á honum dugði í“ og Gunnar Braga Sveinsson sem vildi

hjóla í „helvítis tíkina.“ En í þessari viku gátu barnakarlarnir og barnakerlingarnar barið sér á brjóst, klappað sér á bakið og slegið sig til riddara sem helstu málsvara góðs siðgæðis og umhyggju fyrir börnunum. ■



Prófaðu Nicorette® Quickmist munnholsúðann

Slær á reykingalöngun eftir 60 sekúndur



- Virkar eftir 60 sek.
- Úðist í munn við reykingapörf
- 1 mg nikótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Er með mintubragði

Nicorette® býður mesta úrval nikótínlyfja

- fyrir mismunandi þarfir reykingafólks

Það getur verið erfitt að hætta að reykja. Við hjá Nicorette vitum að reykingafólk er ekki allt eins. Þess vegna höfum við þróað 7 mismunandi lyfjaform. Auk QuickMist munnholsúðans er einnig til; Lyfjatyggið, Cooldrops munnsgostöflur, Microtab tungurótartöflur, innsogslyf, Invisi forðaplástur og nefúði.

2 pakkningastærðir:
1 stk. og 2 stk.



Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Nicorette® QuickMist munnholsúði, lausn (inniheldur nikótín, inniheldur hjálparefnið etanól/alkohól, innan við 100 mg af etanól/úða) til meðferðar við tóbaksfíkn hjá fullorðnum með því að draga úr fráhvarfseinkennum vegna nikótíns, þ.m.t. nikótínþörf þegar reynt er að hætta að reykja. Markmiðið er að hætta tóbaksnotkun endanlega. Helst á að nota lyfið samhliða atferlismeðferð ásamt stuðningi. Úðið í munnhol. Börn yngri en 18 ára eiga ekki að nota lyfið. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

IS/NIC/L/K -2019-03-1

 **nicorette®**
gerðu eitthvað magnað



Búa í Kópavogi Mayeth, Aimee Áslaug og Pjetur Guðmundsson.

Útlendingastofnun sundrar fjölskyldu

■ Hamingjusamlega gift í meira en áratug ■ Eiga tíu ára gamla dóttur ■ Geta ekki sýnt fram á nægar tekjur

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Pjetur og Mayeth Guðmundsson hafa verið gift í tæp ellefu ár og mestan hluta hjónabandsins hafa þau búið erlendis. Saman eiga þau tíu ára gamla dóttur. Pjetur er íslenskur ríkisborgari en Mayeth frá Filippseyjum. Fjölskyldan hefur búið saman í Kópavoginum síðan í fyrra en þann 6. maí ákváðu starfsmenn Útlendingastofnunar að synja henni um dvalarleyfi og vísa úr landi vegna þess að ekki var hægt að sýna fram á nægar tekjur heimilisins. Ekki er hægt að vísa Pjetri og dótturinni, Aimee Áslaugu, úr landi en Mayeth var gert að yfirgefa landið innan 15 daga, ellegar verði það gert með valdi.

Hamingjusamlega gift
„Við kynntumst fyrir tólf eða þrettán árum. Þá bjó ég í Noregi og starfaði sem sjómaður. Síðasta sumar fannst okkur vera rétti tíminn fyrir okkur að búa öll saman hérna á Íslandi og þær komu í júní eða júlí,“ segir Pjetur í samtali við DV.
Seinna um sumarið, þann 27. ágúst, lagði Mayeth inn umsókn um dvalarleyfi til Útlendingastofnunar, sem maki Íslendinga. Pjetur segir að öllum nauðsynlegum pappírum hafi verið skilað inn, þar á meðal staðgreiðslufirliti

yfir tekjur ársins. Um haustið hóf dóttirin skólagöngu í Kópavogi.
„Hún vildi auðvitað geta fengið sér vinnu og að við gætum lifað eðlilegu heimilishaldi eins og flestir aðrir. En hún fær ekki kennitölu nema hún sé komin með dvalarleyfi. Við erum hamingjusamlega gift. Við byggðum heimili á Filippseyjum en við viljum búa hérna og að dóttir okkar fái tækifæri til að læra íslensku og kynna stórum sínum hérna. Ég þekki fólk sem hefur gengið í hentugleikahjónaband. En við erum ekki að því. Núna er henni gert að yfirgefa landið, annars verður hún þvinguð burt. Þá má hún ekki koma aftur í minnst tvö ár.“

Bréfið sent á íslensku
Pjetur starfaði í yfir þrjá áratugi á sjónum en fyrir fjórum árum varð hann öryrki, um það leyti sem hann sjálfur flutti til Íslands. Hann fékk heilahimnubólgu og síðan sýkingu sem krafðist þess að skera varð upp í heila og fjarlægja æðagúlp. Hefur hann reglulega fengið mikil höfuðverkjaköst síðan. Hann fær þó aðeins hálfar bætur frá Tryggingastofnun, rúmlega 157 þúsund krónur á mánuði. Mayeth og dóttirin hafa allan hjónabandstímann búið á Filippseyjum og Pjetur reglulega flogið þangað.
„Þeir segja að þetta sé ekki nóg fyrir okkur til að framfleyta okkur, en ég hef nú geta lifað af þessu.

Við erum í ódýru húsnæði og við græjum okkur. Það er líka nýfallinn dómur erlendis sem mun hafa áhrif hér um bætur fólks á milli landa og ég á að fá 100 prósent bætur á næsta ári, segja þeir hjá Tryggingastofnun. Verður þá öllum greitt samtímis og afturvirk. Konan mín vill líka vinna og vill hafa möguleikann til að ferðast á milli Íslands og Filippseyja. Við eigum gott heimili þar líka.“
Pjetur segir að formsframkvæmd Útlendingastofnunar hafi verið með nokkrum ólíkindum. Fyrir það fyrsta þá hafi úrskurðurinn tekið átta mánuði og fjölskyldan lifað í óvissu allan þann tíma. Þá hafi Mayeth sent inn umsóknina á ensku, þar sem hún talar ekki íslensku, en ákvörðunin var send til hennar á íslensku. Þar sem Pjetur hafi ekki formlega verið skráður sem umboðsmaður þá hafi hann ekki mátt sjá neina pappíra, en vitaskuld lásu þau bréfið saman.
„Þær voru báðar grátandi þegar komið var með bréfið í ábyrgðarpósti klukkan tíu í gærkvöldi, og gátu ekkert sofið um nóttina. Ég og dóttir okkar erum nán en hún er meira háð móður sinni. Þessi úrskurður þýðir að hún mun í reynd þurfa að hætta í skólanum hérna og fara með.“
Heimilt að víkja frá skilyrðum vegna veikinda og sanngirniskraka
DV sendi fyrirspurn til Útlendinga-

Þessi úrskurður þýðir að hún mun í reynd þurfa að hætta í skólanum hérna og fara með

stofnunar með nægum fyrirvara og enn hafa ekki borist svör, önnur en þau að vísað var í upplýsingar um framfærslu. Þórhildur Ósk Hagalín upplýsingafulltrúi sagði að trygg framfærslu væri eitt af grunnskilyrðunum fyrir veitingu dvalarleyfis, samkvæmt lögum um útlendinga.
„Útlendingastofnun miðar lágmarksframfærslu við grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar. Upphæðir miðast við tekjur fyrir skatt. Einstaklingur 189.875 kr. á mánuði. Hjón 284.813 kr. á mánuði. Athugið að um sambúðarmaka gildir framfærsluviðmið fyrir einstakling. Viðbótarframfærsla vegna fjölskyldumeðlims 18 og eldri, 94.938 kr. á mánuði. Samkvæmt 57. grein laga um útlendinga er heimilt að víkja frá skilyrði um trygga fram-

færslu hafi framfærsla verið ótrygg um skamma hríð vegna atvinnuleysis, slyss eða veikinda eða vegna sambærilegra ástæðna og eins ef ríkar sanngirniskraka mæla með því.“
Mál Pjeturs og Mayeth er ekki það fyrsta sinnar tegundar sem kemur upp á Íslandi. Árið 2010 var fjallað um sambærilegt mál í DV. Átti þá að sundra fjölskyldu á Bolungarvík í sundur vegna ónógra launa en eiginkonan í því tilviki, Thais de Freitas, var frá Brasilíu. Eiginmaðurinn, Valur Magnússon, gat ekki sýnt fram á nægar tekjur en hann vann í fiski og lítill afli hafði veiðst á miðunum þetta árið. Áttu þau saman tvö ung börn á þeim tíma. Eftir umfjöllunina fór svo að fjölskyldan mátti búa saman hér á landi. ■

GIMLI

FASTEIGNASALA



BORGARHOLTSBRAUT 15, 200 KÓPAVOGUR

74.900.000 kr.

Tegund	Einbýli
Stærð	155 M²
Herbergi	4



SÖLKUGATA 20, 270 MOSFELLSBÆR

69.900.000 kr.

Tegund	Raðhús
Stærð	210 M²
Herbergi	5



HJALLABRÚN 25, 810 HVERAGERÐI

37.600.000 kr.

Tegund	Byggingarlóð
Stærð	160 M²
Herbergi	6

Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík / S. 570 4800

www.gimli.is

BJÓÐUM UPPÁ FRÍTT SÖLUVERÐMAT

Sala á öllum hreinlætisvörum
og áhöldum til ræstinga fyrir
fyrirtæki, stofnanir og
heimili í verslun okkar



Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.



Frotagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892 5232
865 2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
Netfang: thrif@thrif.is Veffang: www.thrif.is

Með allt á hreinu í 15 ár

ÞIÐ VERÐIÐ AÐ TA

■ Langveikum heyrnarlausum mismunað ■ Fastar í fátæktargildru á meðan aðrir

Erla Dóra
erladora@dv.is



Heyrnarlausar konur, sem auk þess glíma við sykursýki, telja sér mismunað af almannatryggingakerfinu.

Heyrnarleysið eitt og sér veitir rétt til óskertra örorkubóta, en engin viðbót kemur til þegar heyrnarlausir glíma auk þess við lífshættulega sjúkdóma. Mismununin felst að þeirra mati í því að heilbrigðir heyrnarlausir á örorku lífi mun við mun betri kjör en þeir sem eru heyrnarlausir og heilsuveilir. Þetta skapar ójafnræði meðal einstaklinga innan samfélags heyrnarlausra.

Preyttar á ástandinu

Konurnar, sem vilja ekki láta nafna sinna getið, deildu sögu sinni með blaðamanni í von um að ríkisstjórnin vaknaði og hugaði betur að aðstæðum þeirra öryrkja sem hafa veruleg útgjöld vegna læknis- og lyfjakostnaðar.

„Ég er orðin mjög þreytt á ástandinu og öllum þessum greiðslum sem falla til. Og mér líður mjög illa. Peningarnir duga ekki til fyrir öllum þessum auka útgjöldum. Ég er heyrnarlaus, tilheyri þeim hópi, en er auk þess

með sjúkdóm. Þeir sem eru heyrnarlausir en eru ekki með neinn sjúkdóm þurfa ekki að bera neinn kostnað af því greiða lyf, fara til læknis og annað. Við fáum öll sömu greiðslurnar frá Tryggingastofnun,” segir ein þeirra.

Þar með skapast ójöfnuður. Heilbrigðir, heyrnarlausir einstaklingar hafa því mun meiri ráðstöfunartekjur en viðmælendur blaðamanns sem bera mikinn kostnað af sjúkdómi sínum. „Þannig að maður hefur mjög lítið á milli handanna til að lifa á, en svo horfir maður til annarra innan samfélags heyrnarlausra sem geta notið lífsins, leyft sér ýmislegt og standa ekki í þessu streði eins og ég.“

Hring eftir hring í Bónus

Annar viðmælenda blaðamanns vildi gjarnan sækja árshátíð hjá Félagi heyrnarlausra sem haldin var á dögnum. En sökum bágs fjárhags var það ekki mögulegt nema viðkomandi hefði sleppt lífsnauðsynlegum lyfjum og læknisheimsóknum, eða fengið lánað fyrir miðanum.

„En þá hefði ég þurft að borga það til baka og það væri ekki betri staða fyrir mig að greiða þetta til baka síðar, því ég er enn sem áður með sama læknis- og lyfjakostn-

aðinn. Maður er bara að reyna að halda að sér höndunum og ég verð að viðurkenna að þegar ég fer í Bónus geng ég hring eftir hring og leita að ódýrum mat, vegna þess að allar mínar tekjur fara í lyfjakostnað.

Mig langar bara að segja við ríkisstjórnina: „Ríkisstjórn! Þið verðið að vakna. Þið verðið að laga þessa kerfislægu mismunun. Af hverju þurfa þeir sem eru heyrnarlausir, en að öðru leyti heilbrigðir, sömu greiðslur frá Tryggingastofnun og við hin sem berum mikinn aukakostnað vegna okkar sjúkdóms. Þau fá sama afsláttarkort og við, afslátt af tannlæknaþjónustu og öðru, og mér finnst það ekki rétt. Mér finnst það ósanngjarnt og gera það að verkum að við stöndum mun hallari fæti en þau.“

Vill vera góð amma

Á meðan viðmælendur blaðamanns verja nánast öllu ráðstöfunarfé í meðferð vegna sjúkdóms sjá þeir aðra heyrnarlausra njóta lífsins. Á meðan þær þurfa jafnvel að leita til Mæðrastreksnefndar til að hafa ofan í sig, geta aðrir innan samfélags heyrnarlausra skellt sér til útlanda, keypt sér ný fót og gert vel við aðstandendur sína.

„Ég er heyrnarlaus, en hef líka

átt að stríða við þunglyndi og þurft að vera á lyfjum vegna þess og þarf að kaupa mjög dýr lyf auk þess sem ég þarf að sprauta mig út af sykursýkinni. Svo sér maður kannski einhverja fallega flík sem mann langar að kaupa, en getur ekki leyft sér það. Ég á barnabörn og auðvitað langar mig að færa þeim afmælis- og jólagjafir, en það er verulega erfitt fyrir mig út af minni fjárhagsstöðu.“

Til að mynda hefur hún þurft að leita til samtaka um þrjónaskap þar sem hún hefur lært að þrjóna og fær ókeypis garn. Þannig hefur hún náð að þrjóna gjafir fyrir barnabörnin. En það ætti ekki að þurfa og auðvitað langar hana að geta fært barnabörnunum gjafir sem þau langar verulega í.

„Mig langar svo að gefa barnabörnunum mínum fallegar gjafir, ég elska þau og öfundast út í annað fólk sem getur gefið sínum barnabörnum eða börnum fallega hluti og dýra. Ég þarf alltaf að leita að einhverju ódýru og ég er bara með samviskubit og líður mjög illa yfir því hvað ég get veitt þeim lítið. Allt út af því að örorkubætur eru of lágar. Ég vil vera góð amma og standa mig í stykkinu en það er mjög erfitt eins og staðan er. Svo sér maður þessa heilbrigðu,

heyrnarlausu einstaklinga sem geta ferðast og gert allt sem þeim sýnist á meðan mér finnst ég alltaf þurfa að ganga á vegg. Mig langar bara að njóta eins og hinir. Auðvitað skammast maður sín alveg í ræmur fyrir að vera fátækur, það er ekkert gaman.“

„Ótrúlega sorgleg staða“

„Ríkið bara hunsar öryrkja og lítur niður á okkur og það verður að laga þetta vandamál.“ Til að rétta stöðuna sjá þær stöllur nokkrar leiðir færar. Til að mynda væri hægt að láta heyrnarlausra gangast undir læknisfræðilegt mat, sem yrði framkvæmt af teymi, þar sem skerðing þeirra væri metin. Einnig væri fært að hafa lyfja- eða læknskostnað endurgjaldslausan hjá þeim einstaklingum sem glíma í rauninni við tvær aðskildar skerðingar sem sjálfstæðar myndu skapa rétt til örorkubóta.

„Auðvitað ætti insúlín og slíkt að vera frítt fyrir okkur svo við séum að fá sömu ráðstöfunartekjur og hinir, en á meðan við erum að eyða svona miklu aukalega í lyf vegna okkar sjúkdóms þá stöndum við ekki jafnfætis hinum. Lífsgæði þessara hópa eru gerólík, þannig að okkar tækifæri til að njóta eru í raun og veru engin.

KIA Í SAMVINNU VIÐ FONTANA KYNNIR:

SKEMMTILEGASTA HJÓLREIÐAKEPPNI ÁRSINS

KIA GULL

2019



KIA GULL
HRINGURINN



LAUGARVATN
fontana
Geothermal Baths

KA EFTIR OKKUR!

ir njóta lífsins



Mér finnst þetta ekki réttlátt og mér finnst að þetta sé málefni sem ríkisstjórnin þurfi að vakna upp af værum blundi vegna, og láta sig varða.“

Staðan er sú að heyrnarlausir fá það sama greitt, hvort sem þeir glíma við kostnaðarsama lífs-hættulega sjúkdóma eða ekki.

„Það verður að aðskilja þessa hópa. Þeir sem eru heyrnarlausir en heilbrigðir að öðru leyti geta farið og unnið og svoleiðis, en þeir sem ekki geta það, þá verður að aðskilja.“

Vilja vitundarvakningu

„Ríkisstjórnin verður að laga þetta,

heilbrigðir, heyrnarlausir eiga ekki að sitja við sama borð og við hin sem erum líka með einhverja auka fötlun. En svo getur náttúr-lega komið upp að heyrnarlaus fái einhvern hamlandi sjúkdóm. Þá ætti hann að fara fram fyrir þrjá lækna og láta meta það, læknarnir myndu þá votta og staðfesta grein-

inguna og senda svo til Trygginga-stofnunar. Þá gæti viðkomandi fengið hærri bætur.“

Skilaboðin sem þær vilja koma á framfæri eru eftirfarandi:

„Halló, þið í ríkisstjórninni! Vaknið til lífsins, þið verðið að taka eftir okkur! Við viljum að þessu ári 2019 þá verði þetta óréttlæti leið-

rétt. Að staða heyrnarlausra verði ekki sú sama, annars vegar þeirra sem eru heyrnarlausir en að öllu öðru leyti heilbrigðir og hins vegar þeirra sem glíma við einhvern annan sjúkdóm. Við viljum vekja fólk til vitundar og að það verði meðvitað um þessa stöðu sem fólk eins og við er í.“ ■

31. ÁGÚST 2019

KIA BRONS 48 KM	KIA SILFUR 65 KM	KIA GULL 106 KM
-------------------------------	--------------------------------	-------------------------------

SKRÁNING OPNAR KL. 13:00 Á LAUGARDAG

Kiagullhringurinn

Kiagullhringurinn

#kiagull

www.kiagullhringurinn.is

Setja upp bekk á Hornströndum til minningar um Solveigu

■ Vinmargur göngugarpur ■ Lést vegna heilaaæxlis

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is

Solveig Thorlacius lést þann 1. júní 2014, en banamein hennar var heilaaæxli. Solveig var vinmörg, hrókur alls fagnaðar hvar sem hún kom og mikið náttúrubarn. Til að heiðra minningu hennar ætla vinir hennar að setja upp bekk til minningar um hana við Hornbjargsvita, og halda dansleik þann 24. maí. Öllum er velkomið að gefa til söfnunarinnar og halda minningu Solveigar á lofti, en söfnun er hafin á Karolina Fund: Söfnun fyrir Sollubekk.

„Solla var hrókur alls fagnaðar hvert sem hún kom. Hún hafði einlægan áhuga á fólki og átti auðvelt með að eignast nýja vini. Hún átti miklu vinaláni að fagna og kunningjahópurinn var svo gríðarstór að það var erfitt að ganga með henni upp Laugavegin, hún þurfti svo oft að stoppa og spjalla við fólki sem hún kannaðist við og varð á vegi hennar,“ segir Ásdís Jónsdóttir vinkona Solveigar.

Solveig var með BA-gráðu í mannfræði og diplóma í markaðs- og útflutningsfræðum. Hún vann um nokkurt skeið fyrir Lýsi hf. og SOS barnaþorp og 2013 hóf hún störf hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum. Solveig veiktist alvarlega sumarið 2013 og lést 1. júní 2014, banamein hennar var heilaaæxli, en fjórum árum áður lést elsta systir hennar, Ingileif, einnig af völdum meins í heila. Solveig var næstýngst fimm systra.

Náttúrubarn og félagsvera
„Solla var náttúrubarn og hafði unun af útivist og fjallgöngum. Hún vann meðal annars sem leiðsögumaður um árabíl. Svo var Solla mikil sögukona og oft tókst henni að sjá nýjar og spaugilegar hliðar á atburðum svo úr urðu miklar skemmtisögur. Hún var með afbrigðum hnyttin og mikill húmoristi,“ segir Ásdís. „Hún hafði brennandi áhuga á mannúðar- og umhverfismálum og var virk í félagsstörfum. Hún var söngelsk



Sögukonan Solveig
Vinmörg og skemmtileg sögukona.

og músíkölsk, sögn lengi í kór og lærði á selló á sínum yngri árum.“
Vinir Solveigar ætla að heiðra minningu hennar á tvo vegu: með því að dansa saman og setja upp bekk. Dansleikurinn ber heitið „Lífið krakkar“ og á Karolina Fund verður hægt að kaupa miða og þar verða líka seldir glaðningar í anda Solveigar sem vinir og vandanmenn gefa til stuðnings verkefninu. Söfnunin verður opnuð föstudaginn 17. maí. „Þar geta vinir og kunningjar Sollu glaðst saman og dansað – en Solla hafði mjög gaman af því að dansa í góðra vina hópi. Öllum er velkomið að gefa til söfnunarinnar. Fjöldinn á dansleikinn takmarkast svoltið af staðnum en hann tekur í mesta

lagi 150 manns, nema okkur takist að finna stærri sal!“
„Við vinirnir minnumst Sollu fyrst og fremst fyrir ótal gleðistundir, hlátur, samveru í fallegri náttúru og allar skemmtisögurnar,“ segir Ásdís. „Sagan af bekknum er sú að vinur Sollu, göngugarpurinn Einar Skúlason, bjó eitt sinn í Edinborg og þar sem hann gekk um borgina tók hann eftir því að þar var að finna marga bekki sem merktir voru látnum einstaklingum. Einar grennsaðist fyrir um þetta og komst að því að í Skotlandi er algengt að vinir og fjölskylda minnist látinna ástvina með því að setja upp bekk á stað þar sem hinum látna þótti gott að koma og njóta lífsins í lifanda



Náttúrubarn Solveig var mikið náttúrubarn og vann meðal annars sem leiðsögumaður um árabíl.



Sól í hjarta Solveig á góðri stundu með vinkonum; Margrét María og Inga María Leifsdætur og Sigrún Jónsdóttir.

Við minnumst Sollu fyrst og fremst fyrir ótal gleðistundir, hlátur, samveru í fallegri náttúru og allar skemmtisögurnar.

lífi. Einari fannst þetta falleg hefð og hefur um nokkurt skeið gengið með þá hugmynd í maganum að gera bekk fyrir Sollu. Nú verður hugmyndinni hrint í framkvæmd.“
Solveig hafði mikið dálæti á Hornströndum svo bekkurinn verður settur upp við Hornbjargsvita og búið er að fá leyfi fyrir bekknum. Bekkurinn verður fluttur norður í byrjun júní í boði Ferðafélags Íslands. Þann 2. júlí verður bekkurinn settur saman og hann vígður 3. júlí. Guðjón

Kristinsson frá Dröngum mun smíða bekkinn og skera út myndir og texta, en á bekkinn verður grafið: „Lífið, krakkar“. „Það er einmitt eitthvað sem Solla sagði gjarnan þegar hún var á göngu og náttúran blasti við í allri sinni dýrd, Solla hafði sérstakt lag á að orða hlutina á skemmtilegan hátt. Brátt munu ferðalangar á Hornbjargsvita geta hvílt lúin bein á bekknum hennar Sollu, horft yfir hafið og hugleitt gildi þess að vera lifandi.“ ■



ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR
WWW.CASTELLO.IS



castello
PIZZERIA

PANTAÐU
Á NETINU

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI



Sýningarnar
LIFANDI HEIMILI og **BARNIÐ**
í LAUGARDALSHÖLL um helgina

Komdu og upplifðu!

Um 80 fyrirtæki
kynna allt það nýjasta

Hver vill ekki vinna
MILLJÓN

Lifandi Heimili stærsta heimilissýningin 2019 er um helgina í Laugardalshöll og þú getur auðveldlega eignast fullt af fallegum vörum fyrir heimilið. Verðmæti vinninga er allt að einni milljón króna og til mikils að vinna því aðeins einn gestur vinnur þá ALLA.

Dreginn verður einn heppinn vinningshafi úr seldum aðgöngumiðum sem eignast fullt af fallegum vörum fyrir heimilið frá sýnendum. Eina sem þú þarft að gera er að fylla út miðann með þínum upplýsingum og þú ert kominn í pottinn.

Vinningarnir verða til sýnis í höllinni og á heimasíðunni www.lifandiheimili.is. Á sunnudaginn kl. 17 drögum við út einn heppinn gest sem tekur vinninginn með sér heim.

MIÐASALA Á WWW.MIDI.IS
OG VIÐ INNGANG

Miðaverð kr. 1.500
(frítt fyrir 15 ára og yngri í fylgd með fullorðnum)

DAGSKRÁ

Laugardagurinn 18. maí

- 12:30** Solla stirða, Siggi sæti og Halla hrekkjusvín
- 14:30** Dimmalimm
- 15:00** Jón Jónsson
- 16:00** Einar Mikael töframaður

OPIÐ

lau: 11-18

sun: 11-17

Sunnudagurinn 19. maí

- 12:30** Solla stirða og Halla hrekkjusvín
- 14:00** Dimmalimm
- 15:00** Sirkus Íslands: Anna Sól
- 16:00** Dans og Kúltúr

FRÍTT í hoppukastala fyrir yngstu kynslóðina



LIFANDI HEIMILI

www.lifandiheimili.is

Haldið í samstarfi við





Fremsti popplagahöfundur Íslands gerist flugmaður

Arnþór Birgisson hefur unnið með mörgum stórstjörnum – Gifting í sumar – Sonurinn skrifaði undir hjá Sony

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Arnþór Birgisson hefur náð lengra á sviði tónlistar en flestir Íslendingar en samt er hann þjóðinni frekar lítt

kunnur. Hann fluttist til Svíþjóðar sem barn og hóf ungur störf sem upptökustjóri og lagahöfundur. Arnþór hefur samið lög fyrir margar af frægustu poppstjörnum veraldar. Má þar nefna Britney Spears, Westlife, Celine Dion, Janet

Jackson og Carlos Santana. Miklar sviptingar eru í lífi Arnþórs þessa dagana. Hann hefur nýlega hafið störf sem atvinnuflugmaður, sonur hans skrifaði nýlega undir útgáfusamning og gifting er skipulögð í sumar. DV ræddi við Arnþór.

Kolféll eftir fyrsta smellinn
Arnþór fæddist í Reykjavík árið 1976 og flutti með fjölskyldu sinni til Eskilstuna, nálægt Stokkhólmi í Svíþjóð, tveggja ára gamall en hann á tvær eldri systur. Faðir hans var í sérfræðilæknisnámi og hugðist snúa heim, en það fór svo að fjölskyldan settist að í Stokkhólmi árið 1983. Faðir hans hóf störf hjá Huddinge-spítalanum og móðir hans hjá Icelandair í Svíþjóð. Fjölskyldan hélt þó góðu sambandi við heimalandið og Arnþór kom alltaf á sumrin til að fara í sveit við Kinnina hjá móðurfjölskyldunni. Arnþór stundaði einnig körfuknattleik á unglingaaldri og kom reglulega hingað í æfingabúðir.

„Ég var góður strákur,“ segir Arnþór. „Ég var forvitinn og alltaf að prófa eitthvað nýtt. Stundum gat ég lent í vesni út af því. Stundum tekst mér vel til og stundum ekki en ég hef aldrei verið hræddur við að taka áhættu. Það hefur fylgt mér alla tíð. Ég stundaði körfuboltann þangað til ég var átján ára, en þá varð ég að hætta því ég hafði svo mikið að gera í tónlist.“

Arnþór gekk í tónlistarskóla tíu ára gamall og fimmtán eða sextán ára var hann farinn að semja eigin lög. Hann byrjaði á að semja fyrir vini sína í tónlistarskólanum og einnig reyndi hann fyrir sér sjálfur. Árið 1995 gaf hann út plötu með uppsöfnuðum lögum en fékk síðan meiri áhuga á að semja fyrir aðra og stýra upptökum.

Þú byrjaðir mjög ungur að starfa við upptökustjórn?

„Já, sautján eða átján ára gamall. Ég fékk starf sem aðstoðarmaður hjá Cosmos-hljóðverinu og lærði mjög mikið. Árið 1997 starfaði ég með Christian Karlsson,

sem er núna í poppsveitinni Galantis, hjá útgáfufyrirtæki sem heitir Merlin. Þá var þetta orðið að fullri vinnu, bæði við upptökustjórn og lagasmíðar.“

Arnþór man vel eftir fyrsta smellinum sínum, en það var lagið Because of You með bandarísku strákasveitinni 98 Degrees. Það lag náði öðru sætinu á bandaríska Billboard-vinsældalistanum.

„Það var ótrúleg tilfinning að sjá lagið klífa og ég kolféll fyrir þessu. Á þessum tíma var netvæðingin ekki hafin og plötur seldust enn þá í milljónum eintaka. Við sendum upptökurnar á geisladisk með FedEx til Bandaríkjanna og biðum svo eftir símtali í tvær vikur. Við vorum ekki einu sinni með tölvupóst. Þegar vel gekk varð maður glaður, fékk sér bjór og fór út að borða. Síðan var að byrjað á því næsta.“

Stúdíóið er athvarf

Á þessum árum varu tvö leiðandi stúdíó í Stokkhólmi, Merlin og Cheiron, þar sem hinn heimsfrægi lagahöfundur Max Martin starfaði. Arnþór segir að velgengni Cheiron hafi smitast yfir til þeirra og Stokkhólmur orðið að suðupunkti popptónlistar.

„Mjög margir tónlistarmenn komu til okkar í kringum aldamótin. En í kringum 2002, þegar plötusala fór að minnka á heimsvísu, þá þurftum við að hafa meira fyrir þessu og sækja verkefni erlendis. Ég fór margsinnis á ári til Los Angeles, New York og London. Undanfarin þrjú eða fjögur ár hefur þetta snúist við og fleiri koma hingað til að taka upp, en landslagið er gjörbreytt með tilkomu Spotify og allra streymisveitanna.“

TÖKUM AÐ OKKUR
ALLAR ALMENNAR
FATAVIÐGERÐIR

Erum á
Malarhöfða 2
8941825

Til hamingju



með nýja áfangann – 55 herbergi



Sá listi af poppstjörnum sem Arnþór hefur samið fyrir og tekið upp er hreint lygilegur á að líta. Þarna má meðal annarra finna Jennifer Lopez, Jessicu Simpson, Carlos Santana, Janet Jackson, Celine Dion, Westlife, Jay-Z, Sting, Samönthu Mumba, Ronan Keating, Enrique Iglesias, Ricky Martin og Boyzone að ögleymdri poppdrottningunni Britney Spears.

Hverjum var skemmtilegast að starfa með?

„Ég verð að segja Janet Jackson. Við vorum þrjár vikur í Los Angeles og mánuð í New York. Hún er fagmaður af öðru kalíberi en ég hef séð áður, bæði sem listamaður og í samskiptum við okkur. Ég hlustaði mikið á hennar tónlist þegar ég var unglingur og hennar lagahöfundar, Terry Lewis og Jimmy Jam, voru mínar hetjur. Það var draumur að fá að standa í þessum sporum.“

Hefur verið erfitt að starfa með einhverjum?

„Já, já, við erum að vinna með mjög skapandi og tilfinningaríku fólki. Margir af listamönnum eru ekki alltaf hamingjusamir og ýmislegt að gerast í einkalífínu. Ég hef samt verið nokkuð heppinn með samstarfsfólki. Stúdíóið er líka nokkurs konar athvarf fyrir listamennina og þeim líður vel

þar. Það er enginn sem kemur til að trufla eða angra þá. Oftast nær er þægilegt andrúmsloft í stúdíói.“

Ert þú alltaf ánægður með útkomuna?

„Nei,“ segir Arnþór eftir smá umhugsun. „Í þessum bransa verður maður að læra listina að gera málamiðlanir. Þeir sem eru einstrengingslegir endast ekki lengi. Það eru margir sem koma að útgáfunni og sumir með áratuga reynslu af því hvað virkar í útvarpi og hvað ekki. Stundum hef ég ekki verið alveg sáttur við lokaútkomuna en þeim skiptum hefur farið fækkandi síðustu tíu árin. Það er ekki jafn mikil pólitík í þessu lengur. Fólk treystir því sem við erum að gera.“

Flýgur stjörnunum

Arnþór hefur lengi verið með flugdellu. Sjálfsgat á móðir hans einhvern þátt í því. Þegar hann var níu ára gamall fékk hann sinn fyrsta flughermisleik og sat hann öll kvöld og lék sér í honum. Árið 2001 byrjaði hann í flugnámi en lauk því ekki vegna anna. Þá var Benjamín, elsti sonurinn, væntanlegur í heiminn.

„Að klára þetta hefur blundað í mér allar götur síðan. Fyrir nokkrum árum fór ég að hugsa: Ef ég geri þetta ekki núna, þá



geri ég þetta aldrei. Þess vegna dreif ég mig af stað og kláraði einkaflugmannsprófið og vegna þess að mér fannst þetta svo skemmtilegt tók ég atvinnuflugmannsprófið líka.“

Arnþór kláraði námið árið 2018 og tók sér þá frí frá upptökum. Í mars síðastliðnum fékk hann flugmannsstöðu hjá flugfélagi í einkaflugi. Starfar hann núna jafnfætis í fluginu og upptökunum, viku og viku í senn.

Ertu þá að fljúga poppstjörnunum um heiminn?

„Já, í nýja starfinu

Í þessum bransa verður maður að læra listina að gera málamiðlanir

hitti ég marga gamla vini og flýg með þá til Ibiza og á fleiri staði. Þeir vilja allir fljúga hjá mér,“ segir Arnþór og skellir upp úr. „Ég hef til dæmis verið að fljúga með fyrsta kollega minn, Christian, og hina strákana í Galantis.“

Að fljúga minni vélum er mjög hentug byrjun í fluginu. Arnþór er þó opinn fyrir því að fljúga stærri vélum og breiðþotum í framtíðinni.

„Þetta hentar mér mjög vel eins og þetta er. Ég bý í Solna, fimm mínútum frá flugvelli. Þetta er lítið og þægilegt, það væri miklu stærra batterí að fljúga fyrir SAS til dæmis. Þegar ég var yngri var draumurinn alltaf að fljúga fyrir Icelandair.“

Sonurinn samdi við Sony

Arnþór á tvo syni, sá yngri heitir Jósef og sá eldri Benjamín. Benjamín, sem verður brátt sautján ára, skrifaði nýlega undir útgáfusamning í tónlist við Sony.

„Hann byrjaði á þessu þegar hann var þrettán eða fjórtán ára gamall og hefur mestan áhuga á hip hop. Hann hefur verið að fá græjur lánaðar hjá mér til þess að búa til tónlist. Ungir strákar sem eru að framleiða sænskt hip hop tóku eftir því sem hann var að gera og vildu fá að taka upp með honum. Þetta verður einhvers konar blanda af hip hop og poppi.“

Ert þú ekkert að skrifa fyrir hann?

„Nei. Ég hef hjálpað honum við ýmislegt, en hann er að gera þetta sjálfur. Hann spilar ekki á hljómborð og stundum biður hann mig að koma og spila. Hann tekur það síðan í sínar áttir.“

Það eru fleiri gleðifréttir af fjölskyldunni því að í ágústu munu Arnþór og Sharaeh Sophia Hosseini, unnusta hans, festa sitt ráð. Arnþór hefur áður verið giftur. Sharaeh er af írönsku bergi brotin, en flutti til Svíþjóðar tveggja ára líkt og Arnþór.

Ræktið þið sambandið við Ísland?

„Já, við gerum það. Því miður tala strákarnir ekki íslensku og ég

sé svolítið eftir því að hafa ekki talað meira við þá á íslensku. En þeir koma með mér til Íslands, oftast einu sinni á ári. Foreldrar mínir eru nú fluttir aftur til Íslands og strákarnir fara til þeirra í sumar. Strákarnir elska að koma til Íslands.“

Heldur meira með Íslandi en Svíþjóð

Það er ekki hægt að sleppa Arnþóri án þess að spyrja hann um Eurovision. Hann er jú milli steins og sleggju, verandi Íslendingur búsettur í Svíþjóð. Eins og við vitum flest þá eru þetta tvær Eurovision-óðustu þjóðir álfunnar og Svíar vitaskuld margfaldir sigurvegarar.

Hefur þú sent lag inn í keppnina?

„Ég hef einu sinni samið lag fyrir vin minn sem heitir Darin, fyrir um það bil tíu árum. Lagið hafnaði í þriðja sæti í keppninni hér, Melodifestivalen. Eurovision er auðvitað mjög skemmtileg keppni. John Lundvik, sænski keppandinn í ár, er góður vinur minn og hefur sungið demó-lög fyrir okkur. Þetta er hans fyrsta skipti og við erum mjög spennt fyrir hans hönd.“

Arnþór hefur einnig fylgst með Hatara, fulltrúum Íslendinga.

Hvort heldur þú með Svíþjóð eða Íslandi?

„Ég held alltaf með þeim sem gengur betur,“ segir Arnþór og flissar. „Ef sá sem ég held með fær fá stig skipti ég umsvifalaust um hollustu. En heilt yfir hef ég alltaf haldið meira með Íslandi en Svíþjóð. Íslendingar hafa líka sent mjög mörg góð lög í keppnina.“

Hvernig heldur þú að Hatara muni ganga?

„Þetta gæti orðið erfitt. Þetta er mjög athyglisvert framlag, bæði lagið og hvernig þetta er sett saman. Það sem mér finnst flott við atriðið er að þetta er öðruvísi og nýtt. Ég er hins vegar ekki viss um að áhorfendur geti skilið það jafn vel og við. Ég þurfti sjálfur að hlusta nokkrum sinnum til að átta mig á því. En ég vona að þeim gangi vel.“ ■



Nokkrar af stjörnunum sem Arnþór hefur samið fyrir
Celine Dion, Carlos Santana, Britney Spears og Janet Jackson

ACANA

Orijen
NOURISH AS NATURE INTENDED

**HUNDAFÓÐUR
ÁN HLÍÐSTAEDU**

gæludýr.is

www.gaeludyr.is



www.one.is · one@one.is
sími: 660 8551 · fax: 588 1057



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

One RECORDS Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

One QUALITY



Próunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.



MoReq2

One PORTAL Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænir innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.

Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.
OneQuality er lausn sem
auðveldar allt vinnferli við útgáfu og
utanumhald gæðahand- bókar og
skjala.



Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

One SYSTEMS
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is



Óskar Páll við tókur á Grænlandi.

Sögurnar á bak við Eurovision-lögin

■ **Þrýst á aðstandendur að breyta klæðnaði Jóhönnu Guðrúnar** ■ **Keppinautur reyndi að skemma fyrir Önnu Mjöll** ■ **Greta leitaði á þjóðlegar slóðir**

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Úrslitakeppni Eurovision fer fram næsta laugardagskvöld og eigum við Íslendingar fulltrúa í úrslitum í fyrsta sinn síðan árið 2014. Af því tilefni ákvað DV að kíkja á sögurnar á bak við nokkur af okkar þekktustu Eurovision-lögum.

Þrýst á Jóhönnu Guðrúnu að sýna meira hold

Óskar Páll Sveinsson er einn af lagahöfundum Is It True?, þess framlags Íslendinga í Eurovision sem hefur náð hvað bestum árangri. Lagið var hins vegar ekki samið upprunalega fyrir Eurovision.

„Þetta lag fæddist um árið 2005 minnir mig. Á þeim tíma bjó ég í London og var að vinna sem laga-höfundur og upptökustjóri. Ég var með útgáfusamning við Sony London. Þetta vildi þannig til að kunningi minn, sem heitir Chris Neil, er einn af upptökustjórum Celine Dion og hringdi í mig og sagðist vera að vinna plötu með rússneskri söngkonu, Tinatin Japaridze, sem væri sennilega allavega jafngóð og Celine Dion. Ég sperraí alltaf eyrun þegar ég heyri eitthvað svona,“ segir Óskar Páll og heldur áfram.

„Hann sagði mér að þau væru að leita að meðhöfundum til að semja lög á plötuna hennar og spurði hvort ég væri ekki til í að semja með henni eitt lag. Þetta var það sem ég var að vinna við á þessum tíma og auðvitað er ekkert skemmtilegra en að vinna með góðum söngvurum. Það er það sem gaf manni alltaf mest – góðar raddir. Það er ekkert sem toppar það.“

Lagið samið á nokkrum tímum
Í framhaldinu fór Óskar Páll í

hljóðver með fyrrnefndum Chris og söngkonunni og allt small saman.

„Ég var tilbúinn með grunnhugmyndina þegar að þau komu í stúdíóið. Þau kveiktu strax á því sem ég var búinn að gera. Ég var búinn að hnoða deigið, síðan var brauðið bakað og sett smá glassúr ofan á. Við gerðum það í sameiningu og út kom þetta lag, Is It True?“

Textasmiðin gekk eins og í sögu og segir Óskar Páll að fæðing lagsins hafi verið auðveldari en með mörg önnur lög. Þríeykið var mætt í hljóðverið klukkan 11 og var demó af laginu tilbúið klukkan 17.

„Síðan liðu nokkur ár og það bólaði ekkert á þessari plötu hennar. Þá kom á daginn að hún ákvað að hætta við að gefa út plötu því henni bauðst að fara í mjög eftirsótt nám í Columbia-háskóla í New York, með áherslu á samskipti Rússlands og Bandaríkjaanna. Þá lá þetta lag uppi í hillu hjá mér. Þegar ég flutti heim til Íslands sá ég auglýsingu fyrir lög í Eurovision. Þá poppaði þetta lag upp í hausinn á mér, en vanda málið við það er það getur nánast enginn sungið þetta almennilega. Mér datt strax Jóhanna Guðrún í hug því ég bara gat ekki ímyndað mér að nokkur önnur söngkona sem ég þekkti gæti ráðið við þetta. Ég spilaði fyrir hana lagið og hún var strax til í þetta.“

Stundin sem rústaði taugakerfinu

Eins og allir vita komst lagið í Söngvakeppnina og bar sigur úr býtum. Það bjuggust hins vegar fáir við því að þetta yrði framlag Íslands árið 2009.

„Þetta lag var aðeins undir radarnum hjá flestum hér heima. Fyrstu viðbrögð hjá nokkrum Eurovision-sérfræðingum voru



Jóhanna Guðrún í kjólnum umdeilda.

alls ekki góð. Þeim leist ekkert á að senda svona lítið Eurovision-legt lag í þessa keppni. Út af þessari umræðu fórum við út með mjög litlar væntingar,“ segir Óskar Páll, sem varð þó enn vonminni þegar úrslit undanriðilsins í Eurovision-keppninni í Rússlandi voru kunn-gjörð. Eins og margir muna var Ísland lesið síðast upp í úrslitin.

„Ég var algjörlega búinn að missa vonina. Ég gleymi seint þegar nafn lagsins var lesið upp. Sú stund algjörlega rústaði taugakerfinu. Þetta var alveg fáránlegt. Það voru svo mörg lög eftir í pottinum sem flestir töldu að væru örugg áfram og okkar lag var ekki eitt af þeim. Það bjóst enginn við að heyra Ísland sem síðasta lag inn,“ segir Óskar Páll, en eftir úrslitakeppnina kom í ljós að Jóhanna Guðrún sigraði í undanriðlinum og eins og flestir vita varð hún í öðru sæti í úrslitakeppninni.



Þrýst á kjólabreytingu
Það var þó ekki bara lagið sem fékk

slæma dóma Eurovision-spekinga heldur einnig kjóllinn frægi sem Jóhanna Guðrún klæddist í Rússlandi.

„Fólk annaðhvort elskaði hann eða hataði hann út af lífinu,“ segir Óskar Páll, en vissir aðilar tengdir keppninni þrýst á Óskar Pál að skipta kjólnum út fyrir eitthvað efnisminna. „Það var meðal annars komið að máli við mig og ýtt á mig um það hvort það ætti ekki að setja hana í stuttan, fleginn kjól. Sýna meira hold. Ég fékk að heyra það frá nokkrum að ég væri klárlega að tapa fjölmörgum stigum með því að hafa hana ekki í flegnari kjól. Ákveðnir aðilar voru algjörlega harðir á því að það þyrfti að sýna meira hold til að komast áfram í keppninni og sögðu klárt að við kæmumst ekki upp úr undankeppninni. Ég fékk að heyra að ég bæri þá ábyrgð á því að við kæmumst ekki upp úr undankeppninni,“ segir Óskar Páll. Hann stóð hins vegar fastur á sínu.

„Mér fannst aldrei góð hugmynd að hafa kjóllinn styttri og flegnari. Mér fannst hætta á því að það myndi skyggja á þessa frábæru rödd og lagið. Það má deila um kjóllinn, eins og allt annað, en ég tel að hann hafi hjálpað okkur heilmikið.“

Óskar Páll rekur í dag framleiðslufyrirtækið Yoda Film og vinnur að heimildamyndagerð og kynningarmyndböndum. Hann er nú á Vestfjörðum að fylgja Veigu Grétarsdóttur er hún fer á kajak rangsælis í kringum landið. Útkoman verður heimildamynd um ferðalagið sem mun heita Á móti straumnum. Hann er ekki alveg hættur í tónlist og útilokar ekki að taka aftur þátt í Eurovision. Varðandi framlag Íslands í ár, Hatara, segist hann vera hæstánægður með það. „Mér sýnist þeir vera með sitt atriði svo gjörsamlega á hreinu að ég gæti ekki gefið þeim nokkur einustu ráð. Ég styð þá 100 prósent í því sem þeir eru að gera,“ segir Óskar Páll. ►





Anna Mjöll
hugsar hlýtt
til Eurovision.

Keppinauturinn beitti bellibrögðum

Söngkonan Anna Mjöll Ólafsdóttir samdi lagið Sjúbídu með föður sínum, Ólafi Gauki heitnum, fyrir Eurovision-keppnina í Ósló árið 1996. Anna Mjöll söng sig í þrettánda sæti.

„Sjónvarpið hafði samband við mig og spurði hvort ég væri til í að semja lag fyrir Eurovision. Mér fannst þetta mikill heiður og sagði strax já, hringdi síðan í pabba og sagði: HJÁLP!“ segir Anna Mjöll og hlær. Hún var þó ekki eini einstaklingurinn sem RÚV hafði samband við það árið og voru keppinautarnir allt annað en vinsamlegir við feðginin.

„Ég held að þeir hafi beðið þrjá einstaklinga að semja lög þetta árið. Einn keppinautur okkar mætti í stúdíóið á meðan við vorum að taka upp í Reykjavík og sýndi allar sínar verstu hliðar, en það breytti engu fyrir okkur,“ segir Anna Mjöll.


„Hugmyndin fæddist út frá öllum fyrirmyndunum mínum; Ellu Fitzgerald, Frank Sinatra, Elvis – sem öll sungu Sjúbídu.

Pabbi samdi síðan þennan glerfína texta við lagið,“ segir hún og bætir við að stórstjarnan Svavar Gestsson hafi veitt þeim mikla hvatningu í þessu Eurovision-ævintýri.

„Svavar Gests skrifaði pabba fallett bréf um þessa textasmíð. Bréfið var alla tíð eftir það uppi á vegg í gítarskólanum hans pabba.“

Anna Mjöll hugsar hlýtt til þessarar Eurovision-reynslu, en móðir hennar, Svanhildur Jakobsdóttir, tók einnig virkan þátt í þessu batteríi.

„Eurovision-reynslan hafði mikla og góða þýðingu fyrir okkur öll. Pabbi útsetti stórkostlega fyrir stórhljómsveitina í Noregi. Tónlistarmennirnir þökk-uðu honum fyrir bestu útsetninguna það árið. Mamma sá um blaðamenn og alla pressuna svo hún var á endalausum hlaupum út um allt að redda öllu. Það sást eiginlega ekkert í hana þessa viku sem við vorum í Noregi. Þetta var mikill heiður enda mjög skemmtileg lífsreynsla.“



Greta og Jónsi á sviðinu.

Samdi lagið í Skálholti

Greta Salóme Stefánsdóttir fór í fyrsta sinn út í Eurovision fyrir Íslands hönd með lagið Never Forget árið 2012. Greta samdi lag og texta og flutti lagið með söngvaranum Jóni Jósep Snæbjörnssyni á stóra sviðinu í Bakú í Aserbaídsjan.


„Never Forget var samið árið 2011 í Skálholti og er byggt á gamalli sögu, sem gerðist í Skálholti, um Ragnheiði biskupsdóttur. Þaðan kom hugmyndin að laginu. Síðan var ég að vinna með þessi íslensku þjóðлага-element og svo fór þetta út í



Greta hefur í nægu að snúast í tónlistinni.

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA MEÐ **TUDOR**

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir faratækja



Hraðþjónusta
Við mælum rafgeyma og skiptum um

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

MIKIÐ ÚRVAL, TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA
Bíldshöfða 12 • 577 1515 • skorri.is

hina hádramatísku ballöðu fyrir konu og karl sem þetta lag endaði á því að vera,“ segir Greta, en þátttakan í Eurovision opnaði margar dyr fyrir hana.

„Þetta lag náttúrlega breytti lífi mínu og ég verð þessu lagi ávallt þakklát. Það að fara í Eurovision 2012 gaf mér svo ótrúlega margt. Ég fékk plötu-samning frá Senu og í kjölfarið fékk ég samning hjá Disney sem breytti lífi mínu á enn frekari hátt, þannig að ég á Eurovision ótrúlega margt að þakka. Bæði þann fylgjendahóp sem ég á í dag og þennan Disney-samning sem ég fékk, sem gaf mér annan samning hjá annarri umboðsskrifstofu sem ég hef verið hjá í tvö ár og er búin að vera

að túra út um allan heim,“ segir hún og bætir við: „Maður getur nýtt Eurovision sem stökkpall ef maður á góðan flutning og er pínulítið klókur.“

Greta hefur góð ráð fyrir Hatara.

„Mitt ráð til Hatara er að halda áfram að stimpla inn þennan boðskap sem þeir eru búnir að vera að stimpla inn, því það er hægt að gera svo margt stærra en bara í keppninni þessarar þrjár mínútur, og það er það sem þeir eru búnir að gera. Svo bara njóta og vera í augnablikinu og hugsa um þetta sem tónleika frekar en nokkuð annað, því svo lýkur Eurovision og þá fyrst byrjar vinnan.“

ht.is

UPPLIFÐU EUROVISION Í MÖGNUM HLJÓÐGÆÐUM

SKARPARI SÖNGUR OG DÝPRI BASSI



550W
MAGNARI
RMS



LG-SK10Y

Kraftmikill og þéttur hljómur með MERIDIAN hljóðtækni, Dolby Atmos 5.1.2 og Adaptive Sound Control. Hefur alla helstu þráðlausu tengimöguleika.

TILBOÐ

79.995,-

Fullt verð 99.995,-

LG Soundbar á frábæru Eurovision tilboði!



160W
MAGNARI

TILBOÐ

17.995,-

Fullt verð 23.995,-

LG-SJ2

Einfaldur og nettur með þráðlausum bassahátalara og Bluetooth.



300W
MAGNARI

TILBOÐ

24.995,-

Fullt verð 29.995,-

LG-SJ4

Þrusugóður og fyrirferðarlítill með þráðlausum bassahátalara og Bluetooth.



360W
MAGNARI

TILBOÐ

54.995,-

Fullt verð 61.995,-

LG-SKG

Öflugur með HighRes hljóði, þráðlausum bassahátalara og helstu tengimöguleikum.



Heimilistæki er stoltur
styrktaraðili Söngvakeppninnar!

 **Heimilistæki**

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES

Djúp gjá á milli Þýskalands og Frakklands hvað varðar framtíðarstefnu ESB

Munu Þjóðverjar taka stóra stökkið?

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is

Frakkar og Þjóðverjar eru nágranna- og vinabjóðir og samskipti ríkjanna eru með miklum ágætum. Í landamæraheruðum ríkjanna ferðast fólk mikið yfir til nágranna sinna til að sækja sér eitt og annað sem kannski ekki er í boði í heimalandinu eða er hagstæðara að kaupa hjá nágrönnunum, nú eða bara til að njóta þess sem nágrannarnir hafa upp á að bjóða í menningu af ýmsu tagi. Það er því ekki óalengit að rekast á Þjóðverja á frönskum veitingastöðum nærri landamærum ríkjanna eða Frakka í þýsku landamæraheruðunum að sýsla eitt og annað. Almenn samskipti fólks eru góð og vinsamleg en á hinu pólitíska sviði eru ríkin ekki samstíga og hafa ólíka sýn á framtíð og stefnu Evrópusambandsins.

Nú er útganga Breta úr ESB yfirvofandi og þegar og ef þeir yfirgefa sambandið verða Þýskaland og Frakkland stærstu og áhrifamestu ríkin innan sambandsins. Margir hafa áhyggjur af því að útganga Breta muni hafa neikvæð áhrif á samskipti Frakka og Þjóðverja og samskiptavél þeirra fari að hiksta og hefur verið bent á að þegar ríkin tvö vinna ekki saman þá fari hlutirnir úrskaiðis í Evrópu.

Sjóðandi heitt mál

Margir sérfræðingar eru sam-mála um að í aðdraganda Brexit og þeirra vandræða sem hafa fylgt fyrirhugaðri útgöngu hafi evrópsk-ir leiðtogar dansað í kringum sjóð-andi heitt málið og verið mjög hik-andi. Þeir hafi forðast að segja eða gera nokkuð það sem getur ruggað bátunum. Þetta hefur orðið til þess að lítið er að gerast innan ESB og virðast flestir forðast alla ákvarð-anatöku.

Emmanuel Macron Frakk-landsforseti reynir að fá Þjóð-verja í lið með sér við endurbætur á einu og öðru er varðar ESB, þar á meðal í varnarmálum og varð-andi evruna. Þjóðverjar hafa þó ekki viljað gera neitt að sinni og virðast bíða. Macron hefur reynt að koma hreyfingu á málun með því að leggja til víðtækar grund-vallarbreyingar á ESB. Með þeim á að þjappa ESB-ríkjunum, sem eftir verða eftir útgöngu Breta, betur saman til að sýna og sanna að evrópskt samstarf sé enn við hestaheilsu og bjartsýni sé ríkj-andi. Markmið Macron er að mynda andsvar við þeim flokkum sem efast um tilverurétt og gagn-semi ESB en þeir eiga miklu fylgi að fagna víða í álfunni. Macron leggur til að ESB-ríkin stofni sameiginlegan her til að ESB verði ekki eins háð Bandaríkjunum í varnar-málum. Auk þess berst hann fyrir því að evruríkin geri sameiginlega



Macron Frakk-landsforseti Vill endurbætur í varnar- og gjald-eyrismálum.



Angela Merkel Hefur sýnt Bretum þolinmæði.

fjármálaáætlun, sameiginlegar reglur um atvinnuleysisbætur og að ESB krefji tæknirisa á borð við Facebook og Google um skatt.

Miklar efasemdir

Þessar tillögur Macron hafa ekki hlotið mikinn hljómgrunn og hefur raunar verið mætt með miklum efasemdum og hafa aðallega valdið pirringi. Ekki síst í Berlín þar sem Annegret Kramp-Karrenbauer, nýr formaður Kristilegra demókrata (flokks Angelu Merkel kanslara), gerði nánast út af við hugmyndir Macron þegar hún sagði að tillögur hans væru „röng leið“. Til að leggja áherslu á mál

sitt, og kannski til að sýna að ekki sé hægt að líta á hana sem einhvern sérstakan vin Frakka í Evrópu, þá setti hún fram tillögu um að loka þeirri deild Evrópuþingsins sem er í Strassborg í Frakklandi. Með þessu sendi hún sterk skila-boð því um leið og einhver set-ur spurningarmerki við staðset-ningu Evrópuþingsins í Strassborg er ljóst að viðkomandi er enginn sérstakur vinur stjórnsvalda í París. Starfsemi Evrópuþingsins í Strass-borg er eitthvað sem Frakkar hafa ekki verið fúsir til að ræða eða breyta en á undanförunum árum hefur verið mikill þrýstingur um að hætta að flytja þinghaldið þang-að frá Brussel í eina viku í hverjum mánuði með tilheyrandi kostnaði og óþægindum fyrir marga. Hefur þetta fyrirkomulag oft verið nefnt ferðasirkusinn. Ekki er hægt að breyta þessu fyrirkomulagi nema öll aðildarríki ESB samþykki og því geta Frakkar komið í veg fyrir allar breytingar á þessu.

Hvað varðar tengslin við Breta eru þessi tvö áhrifamestu ESB-ríki ósammála. Angela Merkel hefur rekið mjúka og þolinmóða stefnu í garð Breta en Macron hefur verið harðari í horn að taka og setti fram harða kröfu um frest Breta til útgöngu úr sambandinu. Sjónar-mið Frakka var að Bretar eigi ekki að fá neina sérmeðferð og að ESB eigi að sýna festu. Leiðtogar ESB-ríkjanna eigi því ekki að venja sig á að halda leiðtogafundi til að undirbúa næsta leiðtogafund þar sem engin ákvörðun verður tek-in frekar en á undirbúningsfund-inum. Þá er Macron ósáttur við að Bretar taki þátt í kosningum til Evrópuþingsins síðar í maí.

Þjóðverjar vilja allra helst að ESB tryggi opið markaðshagkerfi og aðgang að innri markaði sam-bandsins. Þegar, og ef, af Brexit verður mun koma enn betur í ljós hversu andstæð sjónarmið Þjóð-verja og Frakka eru í þessum efn-um. Frakkar hafa lengi verið frekar á þeirri línu að láta ríkið hafa meiri áhrif á flestum sviðum þjóðfé-lagsins og vilja viðhafa ákveðna verndarstefnu en Bretar og Þjóð-

verjar hafa viljað opið og frjálst markaðshagkerfi. Bretar og Frakk-ar hafa sinnt utanríkismálum af krafti en Þjóðverjar hafa ekki verið eins áhugasamir um þann mála-flokk. Frakkar og Þjóðverjar voru Evrópusinnaðir en Bretar frekar efasemdafullir. Allt hefur þetta skapað einhvers konar jafnvægi innan ESB, jafnvægi sem raskast og hrynur jafnvel til grunna ef og þegar Bretar yfirgefa sambandið. Það er ekki til að bæta ástandið að önnur aðildarríki ESB eru jafn ósammála og Þjóðverjar og Frakk-ar hvað varðar framtíðina.

Hvað gerist eftir Brexit?

Þegar rykið sest eftir útgöngu Breta mun myndast ákveðin þörf til að aðlaga sambandið að nýrri stöðu, jafnt innan sambands-ins og gagnvart heimsmyndinni í heild. Bandaríkin eru ekki leng-ur öruggur bandamaður, Rússar eru hugsanleg ógn, Kínverjar eru reiðubúnir til að gleypa evrópsk fyrirtæki með húð og hári og straumur flóttamanna frá Afríku til Evrópu gæti aukist mikið. Það er því ljóst að einhver ríki verða að vera í fararbroddi þrátt fyrir að ekki vilji allir vera með. Óháð nú-verandi efasemdum munu margar af hugmyndum Macron því aftur koma til umræðu og niðurstað-an gæti orðið að ESB haldi áfram för sinni á ólíkum hraða í hin-um ýmsu málaflokkum. Ef finna á lausn á loftslagsmálunum og nei-kvæðum hliðum hnattvæðingar-innar er ekki hægt að búa við kyrr-stöðu og sambandið neyðist til að taka af skarið.

Utanríkisstefnan verður eflaust þung í skauti enda eru Frakkar og Þjóðverjar yfirleitt ekki samstíga í henni en verða að vera í farar-broddi ESB enda valdamestu rík-in innan sambandsins. Þá má ekki gleyma evrunni sem mörg að-ildarríki ESB nota nú sem gjald-miðil. Spurning er hvort Þjóðverj-ar muni taka stóra skrefið í átt að sameiginlegum fjárlögum, sam-eiginlegum skattareglum innan ESB og öðrum hlutum sem þarf að samhæfa. ■

BORÐPLÖTUR
OG SÓLBEKKIR



Sérsmíðum eftir
óskum hvers og eins





Fanntófell

Gylfaflöt 6-8 / S. 587 6688 / fanntofell.is

REYKJAVIK
RAINCOATS



HÖFUM
OPNAÐ
NÝJA
VERSLUN
LAUGAVEGI
62

REYKJAVIK RAINCOATS

LAUGAVEGUR 62, 101 RVK

WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM

SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

AÐRIR ÚTSÖLUSTAÐIR

EPAL - LAUGAVEGI 70

EPAL - HARPA

AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ



Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Einar Þór Sigurðsson
Fréttastjóri: Kristinn Haukur Guðnason Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll vídtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Adalúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Rof milli Kristjáns og Bjarna

Bjarni Benediktsson kaus gegn frumvarpi um þungunarrof sem samþykkt var í vikunni. Það gerði einnig Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, en þeir tveir héldu um stjórnartaumana þegar vinnan að hinum nýju lögum hófst. Árið 2015 fól þáverandi heilbrigðisráðherra, Kristján Þór Júlíusson, sérfræðingum á þessu sviði að vinna að endurskoðun á lögnum. Nútímalegt sjálfræði kvenna var það sjónarmið sem átti að ráða för. Svandís Svavarsdóttir erfði frumvarpið og Kristján kaus vitaskuld með því. Sigmundur er að sjálfsögðu kominn í allt aðra stöðu í hinu pólitíska landslagi en súrt er fyrir Kristján að sjá formann sinn, Bjarna, ekki styðja við ráðherramálið sem hann fylgdi úr hlaði.



Kínverjar vilja eitthvað í staðinn

Kínverjar seilast nú til áhrifa á Íslandi og bjóða gull og græna skóga undir hinu hljómfagra heiti „Belti og braut.“ Verkefnið nær til fjölda landa í Asíu, Afríku og Evrópu og vilja Kínverjar styrkja innviði af ýmsum toga, svo sem vega-gerð, hafnargerð, flugvallagerð og lagnir ljósleiðara. Opinbera skýringin er sú að opna leiðir austur til Kína en ekki er allt sem sýnist. Um margra ára skeið hafa Kínverjar seilst til áhrifa í Afríkuríkjum. Mokað þangað peningum til innviðauppbyggingar og sett upp fyrir-tæki. Eru þeir þá í góðri stöðu til að fá viðskipti og aðgang að miklum, náttúruauðlindum álfunnar. Líkt og í fangelsunum, ef einhver gefur þér gjöf, þá vill hann eiga inni greiða.



Á leið í Hörpu Íslenski sumarklæðnaðurinn kemur sér vel.

Fjölskyldan á rétt á því að vera saman

Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Eftir aðeins nokkra daga á að vísa Mayeth Guðmundsson úr landi. Hún má ekki búa hérna, hún má ekki vinna hérna og, það sem mestu máli skiptir, hún má ekki vera hér með fjölskyldu sinni. DV greinir frá máli hjónanna Mayeth og Pjeturs Guðmundson í vikunni. Þau hafa verið gift í meira en áratug og eiga saman tíu ára gamla dóttur. Blönduð hjónabönd eru algeng hér á landi, þúsundir Íslendinga eiga erlenda maka. Öll þekkjum við einhvern sem er giftur útlendingi. Hentugleikahjónabönd eru vissulega til en í þessu máli er auðsjáanlega ekki um það að ræða. Mayeth og Pjetur höfðu verið gift í tíu ár áður en þau ákváðu að búa sér heimili hér á landi. Það er innbyggt í okkur að fjölskyldur eigi að fá að vera saman. Einhver mjög gild rök geti aðeins gert það að verkum að fjölskyldumeðlimum sé stíð í sundur af ríkisvaldinu; ofbeldi, glæpir eða eitthvað slíkt. Fjárhagsvand-

ræði ættu aldrei að vera nefnd í því samhengi. Frekar ætti ríkisvaldið að styðja við barnafjölskyldur. Við skulum ekki gabba okkur og halda að fjölskyldum hafi aldrei verið stíð í sundur vegna fjárhags. Í gegnum aldirnar þurfti fátækt fólk að gefa frá sér börnin og láta þau alast upp í fóstri. Stundum var börnunum dreift um sveitina af hreppnum og við skulum ekki halda að það hafi verið auðvelt fyrir foreldrana. Fátækum vinnuhjúum var gert ókleift að giftast þegar þau höfðu fest hugi saman. Þeim var meinað um þessa frumþörf mannsins, að finna maka og framlengja gen sín. Allt vegna peninga. Útlendingastofnun hefur á sér slæmt orð fyrir seinagang og harðneskju í garð erlendra ríkisborgara. Þeir sem taka til varna fyrir stofnunina benda á að einungis sé verið að fylgja lögum og reglum. En í lögum eru oft gerðir fyrirvarar, til þess að mæta aðstæðum sem gætu komið upp. Það á sannarlega við í þessu tilviki eins og DV greinir frá. Hægt er að víkja frá skilyrðum um trygga framfærslu, til að mynda á grund-

Hvers vegna líta starfsmenn Útlendingastofnunar ekki á málið sem slíkt og íhuga hvort það sé sanngjarnt að vísa eiginkonu íslensks manns og móður íslensks barns úr landi með valdi?

velli sanngirniasáttæðna, en það er ekki gert í þessu tilviki. Heldur er ekki litið til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem fullgiltur var á Íslandi árið 1992. Stendur þar í 7. grein: „Barn skal skráð þegar eftir fæðingu, og á það frá fæðingu rétt til nafns, rétt til að öðlast ríkisfang og eftir því sem unnt er, rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.“ Þetta er málið í hnotskurn. Fjölskyldan á rétt á því að vera

saman. Ef stjórnvöld á Filippseyjum myndu taka sömu ákvörðun og Íslendingar, þá gæti fjölskyldan aldrei verið saman. Hvers vegna líta starfsmenn Útlendingastofnunar ekki á málið sem slíkt og íhuga hvort það sé sanngjarnt að vísa eiginkonu íslensks manns og móður íslensks barns úr landi með valdi? Nógan tíma hafa þeir haft til að hugsa um þetta. ■

Spurning vikunnar Í hvaða sæti hafnar Ísland í Eurovision?



„Trúlega öðru sæti.“
Margrét Jørgensen



„Fyrsta held ég.“
Guðrún Margrét Bjarnadóttir



„Við vinnum þetta.“
Árni Þór Guðjónsson



„Við lendum í sjötta sæti.“
Ágúst Baldursson



RECARO KIDS kerrur



BARNIÐ:

Bílasmiðurinn verður á glæsilegri sölu- og þjónustu-sýningu í Laugardalshöll

Bílasmiðurinn verður með glæsilegan bás á sýningunni Barnið 2019 sem haldin verður í Laugardalshöll með Lifandi heimili núna um helgina 18.-19. maí.

Um er að ræða sölu- og þjónustu-sýningu fyrir verðandi foreldra, nýbakaða foreldra og tengda aðila. „Það verða margir stórir aðilar í barnageiranum með bása á sýningunni og Bílasmiðurinn hf. verður með stóran og flottan bás þar sem við sýnum helstu barnastólana ásamt barnakerrum frá RECARO KIDS. Við búumst við að það verði mikið um að vera og margt að skoða,“ segir Erla Leifsdóttir hjá Bílasmiðnum.

Sýningin var haldin síðast í Hörpu haustið 2016 og fékk frábærar viðtökur. Mættu þá um 10.000 manns og 40 sýnendur og kynntu þar vörur sínar og þjónustu. Í ár verða allir helstu söluaðilar á barnavörum með bás á sýningunni.

Auk þess verða leiktæki fyrir yngstu kynslóðina. Nældu þér í miða á sölusýningu ársins á midi.is.

Recaro Kids: Gæðavörur og gott verð
RECARO KIDS srl. framleiðir hina rómuðu RECARO barnabílstóla sem eru í algerum sérflokkum hvað varðar gæði og öryggi. „Viljum við m.a nefna RECARO Zero1 360° sem hefur fengið fjölmörg hönnunarverðlaun. Við munum sýna alla barnastólalínuna frá RECARO KIDS sem við bjóðum á Íslandi.“

RECARO KIDS kerrurnar eru einnig mjög vinsælar hér á landi enda sterkbyggðar og traustar. Þær fást í tveimur gerðum, RECARO City Life og Easy Life, með mismunandi notkunarmöguleika. „Þess má geta að City Life kerran frá RECARO KIDS fékk þýsku hönnunarverðlaunin í fyrra enda alveg einstaklega flott og skemmtileg kerra sem auðvelt er að brjóta saman eða leggja bakið niður. Einnig verður til sýnis ýmiss konar aukabúnaður fyrir bæði bílstóla og kerrur.“

Það er um að gera að skella sér á sýninguna Barnið um helgina og kynna sér RECARO barnabílstólana. Nánari upplýsingar um vörurnar frá RECARO KIDS má nálgast á vefsíðunni recaro-kids.com.



Opnunartími sýningarinnar er: 11–18 á laugardeginum og 11–17 á sunnudeginum. Bílasmiðurinn er með bás númer A8.

„Við hlökkum til að sjá sem flesta á sýningunni,“ segir Erla. RECARO KIDS barnabílstólar og kerrur fást hjá Bílasmiðnum hf. Bíldshöfða 16. Sími: 567-2330 Nánari upplýsingar má nálgast á bilasmiðurinn.is eða Facebook Recaro Ísland

GHETTY IMAGES



Of dýr fyrir Svíanana

■ Vill ekki fara aftur til Rússlands ■ Nýtt upphaf með landsliðinu?

Hörður Snævar Jónsson
hoddi@433.is



Viðar Örn Kjartansson, landsliðsmaður Íslands í fótþolta, hefur slegið í gegn í Svíþjóð á síðustu vikum. Viðar var í klípu í Rússlandi og fékk fá tækifæri hjá Rostov. Sökum þess var hann lánaður til Hammarby í Svíþjóð og er byrjaður að raða inn mörkum þar. Lánsdvöl hans tekur enda innan tíðar og búist er við að hann verði seldur í sumar.

„Ég vissi þegar ég kom hingað að það gæti tekið mig smá tíma að komast í leikæfingu, finna rétta taktinn. Ég hafði ekkert spilað af viti í nokkra mánuði. Eftir smá tíma, fann ég þetta smella. Það er byrjað að ganga vel, liðinu fór líka að ganga betur. Við höfum spilað vel og það hefur komið mér á óvart hversu mikil gæði eru í þessu liði. Ég passa vel inn í leikstíl liðsins og ég nýt þess að vera hérna,“ sagði Viðar þegar blaðamaður ræddi við

hann í vikunni. Viðar var þá staddur í hótélbúð sem hann leigir í Stokkhólmi, þann stutta tíma sem hann býr í borginni.

Hammarby hefur náð flugi á síðustu vikum og er í öðru sæti, með jafnmörg stig og topplið Malmö. „Við vorum í upphafi að gera jafntefli og tapa gegn liðum sem við eigum ekki að missa stig gegn. Það vantaði sjálfstraust í liðið. Eftir að það kom þá hefur þetta farið að ganga vel, ég held að það sé klárt að Hammarby mun berjast á toppi deildarinnar allt til loka tímabils. Gæðin eru til staðar.“

Seldur frá Rússlandi í sumar

Viðar er áfram samningsbundinn Rostov í Rússlandi og býst við að félagið selji hann í sumar. Hammarby hefur hins vegar ekki efni á að kaupa hann. „Samningurinn hérna er til 15. júlí, planið í byrjun var að vera þangað til. Rostov taldi það góðan tíma til að koma til

baka svo félagið geti selt mig. Þetta hefur gengið nákvæmlega eins og ég hafði vonast eftir, sjálfstraustið er í botni. Ég á ekki von á því að vera hérna lengur en það, Rostov vill selja mig. Þeir töldu þetta góðan glugga til þess í stað þess að ég spilaði lítið hjá þeim.

Það er alltaf eitthvað í gangi, það gæti eitthvað gerst á næstunni. Hammarby gæti reynt að framfengja lánið, ég held að Rostov vilji það samt ekki. Ég ætla að halda áfram á sömu braut hérna, svo sé ég hvað kemur upp. Ef liðið er á toppnum 15. júlí þá verður mjög erfitt að kveðja. Hammarby hefur sagt í einhverjum viðtölum að liðið ætli að reyna að halda mér. Rostov vill svipaða upphæð og félagið borgaði fyrir mig, það væri brjálæði fyrir lið í Svíþjóð að borga slíka upphæð.“

Tímaeyðsla að snúa aftur

Sama hverju Rostov lofar, þá hefur

Viðar ekki áhuga á að snúa þangað aftur. Lífið reyndist honum erfitt hjá félaginu. „Ef þeir breyta engu, ef sami þjálfari verður, þá er ég bara að eyða tíma í vitleysu. Ef þeir myndu lofa mér spilatíma, þá treysti ég því varlega. Þeir hafa lofað slíku áður, það var ekki mikið traustið sem maður fékk frá þjálfaranum. Svo held ég að það henti mér bara illa að spila svona fótþolta, ég held að það sé ekki fyrir marga framherja. Það myndi ekki gera mér gott að fara þangað aftur.“

Fær stórt tækifæri í næstu landsleikjum

Ef allt helst óbreytt ætti Viðar að leika stórt hlutverk í næsta verkefni landsliðsins, en liðið mætir Tyrklandi og Albaníu í júní. Alfreð Finnbogason verður ekki með vegna meiðsla. Það gæti orðið til þess að Viðar byrji en hann skoraði gegn Andorra í mars. „Ég er

mjög gíraður, sjálfstraustið er á uppleið. Mér líður rosalega vel innan vallar, ég spila alla leiki. Ég veit að lykilmenn í fremstu víglínu eru meiddir, þetta er ekkert smá mikilvægir leikur. Ef ég held áfram að spila vel þá vonast ég eftir því að fá að spila. Þetta eru virkilega mikilvægir leikir.“

Viðar vonar að hann nýti sín tækifæri, hann hefur oft fengið lítið traust hjá landsliðinu. Erik Hamren hefur hins vegar mikla trú á honum. „Ég held ég komi með meira sjálfstraust inn í þetta verkefni en önnur, það er tvennt ólíkt að skora í æfingarleik en alvöru landsleik. Það gaf mér kraft, það gengur líka vel hjá félagsliðinu núna. Ég kem annar inn í þetta verkefni en ef ég hefði spilað minna. Þetta hefur allt áhrif, vonandi eru breyttir tímar hjá mér með landsliðinu. Ég ætla að reyna að byggja á síðasta verkefni.“ ■

Lónaðarblaðið

17. maí 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



Íslenska ullin er einstök

Íslenskt sauðfé hefur gefið Íslendingum skjólmikla ull sem náttúran hefur þróað eftir veðri og vindum í meira en 1000 ár.





Sértilgerð tæki til þess að ná í hæstu gluggana.



Nýbyggingar þarf að þrifa áður en fólkið flytur inn. Ræstingar.is taka að sér iðnaðarþrif.

Fyrir



Ræstingar eru líka í skólaþrifum. Hér þarf að hreinsa mottu.

Eftir



Mottan er allt önnur eftir að starfsmenn Ræstingar.is hafa tekið hana í gegn.

RÆSTINGAR.IS:

Alhliða þjónusta á ræstingum og garðaumsjón fyrir húsfélög

Ræstingar.is is er rótgróið fyrirtæki sem sér um þrif og ræstingar fyrir einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir og húsfélög. „Við stofnuðum fyrirtækið árið 2006 og hefur það stækkað ört í gegnum árin. Margir af okkar kúnum eru fastakúnnar, bæði einstaklingar og fyrirtæki sem við sinnum allt árið um kring. Við notum eingöngu Svansmerkt efni þegar kemur að þrifum enda viljum við vera umhverfi okkar og viðskiptavinum til sóma,“ segir Kristján S. Þórðarson, framkvæmdastjóri Ræstingar.is.

Leitaðu ekki langt yfir skammt
„Langstærsti kúnnahópur okkar er húsfélögin. Við bjóðum enda upp á mjög breiða þjónustu á sviði ræstinga og tengdra verkefna. Við sjáum þá um ræstingu sameignar, djúphreinsu á teppum, gluggaþvott, tunnuskípti í ruslageymslu, sótt-hreinsun og háþrýstipvott á tunnum, þvott á ruslageymslu og þakrennum og fleira. Góð þjónusta og góð samskipti við okkar viðskiptavini skiptir okkur öllu máli og er eitt af okkar aðalsmerkjum. Við höfum til dæmis fengið fyrirsurnir frá húsfélögunum um að bjóða upp á garðaumsjón ásamt þrifunum. Það er mikill hagur fyrir húsfélög að hafa alla helstu þjónustu hjá sama fyrirtæki. Það bæði sparar vinnu fyrir húsfélögin og peninga. Því höfum við ákveðið að bjóða einnig upp á garðslátt og áburðargjöf fyrir garðinn. Þau húsfélög sem eru í reglulegum þrifum hjá okkur fá svo afslátt á allri aukaþjónustu sem við bjóðum upp á.“

Fyrir



Eftir



„Þau fyrirtæki sem eru með daglega eða vikulega ræstingu hjá okkur geta nýtt sér sama afslátt og húsfélögin þegar þeir gera samning við okkur um tvö eða fleiri þjónustuverkefni. Að auki sjáum við um þrif á nýbyggingum, flutningaþrif og iðnaðarþrif fyrir fyrirtæki sem og Airbnb-þrif fyrir þá sem eru með slíkan rekstur.“

Hafðu samband við okkur og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á **raestingar.is**
Sími: **775-8200**
Vefpóstur: **raestingar@raestingar.is**
Facebook: **Raestingar.is**

Fyrir



Hér þarf að taka til hendinni

Eftir



Eftir djúphreinsun á teppi



Skólaþrif



MD VÉLAR:

Opnar dyrnar fyrir nýjan markað

Miklar breytingar hafa átt sér stað í MD Vélum ehf. síðustu tvö árin. „Í stað þess að þjóna eingöngu sjávarútveginum höfum við fært út kviarnar yfir í byggingargeirann og fleira. Þetta hefur gerst með nýjum umboðum, vörum og breytingum hjá rótgrónum birgjum,” segir Laila Björk Hjaltadóttir, fjármála- og viðskiptastjóri MD Véla.

Vararafstöðvar í gámum

MD Vélar hafa verið með umboð fyrir Mitsubishi frá stofnun fyrirtækisins árið 1990. Frá upphafi hafa öll samskipti MD Véla við Mitsubishi farið í gegnum aðalskrifstofuna í Almere í Hollandi og þaðan hafa allar vörur og þjónusta komið. Nú eftir áramót breyttist fyrirkomulagið með tilkomu nýs útibús Mitsubishi í Noregi, sem mun framvegis sinna MD Vélum. „Með þessum breytingum hjá Mitsubishi getum við nú boðið upp á heila véla-pakka frá einum birgja og vararafstöðvar tilbúna til uppsetningar eftir óskum viðskiptavinarins. Þá er t.d. hægt að fá rafstöðvarnar innbyggðar

í gámum með olíutanki undir og fleira. Þetta opnar nýjar dyr fyrir okkur og höfum við t.d. verið að fá fyrirspurnir frá orku- og gagnaverum. Við erum hæstánægð að geta núna sinnt þessum markaði enn betur.”

MD Vélar hafa sérhæft sig í sölu þenslutengja í gegnum árin. „Nú hefur úrvalið breikkað mjög mikið,” segir Laila og bætir við: „Okkar birgir er VM Kompensator í Danmörku og þeir eru með gúmmi-, stál- og veftengi. Gúmmitengin er frá hinum þekktu framleiðanda Trelleborg sem er vottaður og þekktur fyrir gæði.”

Stál- og veftengin eru framleidd í Danmörku og eru sérhönnuð eftir pöntunum. Stáltengin er hægt að fá í stærðum DN 25–DN 5000. „Dönsku tengin eru í hæsta gæðaflokki. Tengin eru ekki bara með eitt lag af stáli, eins og hjá mörgum öðrum framleiðendum, heldur minnst tvö lög. Öll tengin eru sömuleiðis virkjuð með því að teygja og pressa þau áður en þau eru send frá verksmiðju. Með þessari meðferð virkjast allar bylgjur á tenginu. Hreyfingin dreifist á allar

bylgjurnar undir álagi, en ekki bara þessar fyrstu 1–2 eins og oft gerist. Tengin hafa því mun meiri endingartíma og eru öruggari. Einnig býður fyrirtækið upp á veftengi sem eru notuð þegar þrýstingur er lágur, t.d. í lofttræstikerfum. Tengin má hanna þannig að þau þoli mjög sterk efni og allt upp að 1.000°C hita.

VM Kompensator býður einnig upp á þjónustu þar sem starfsmenn þess koma á staðinn, mæla allt upp og hanna svo tengin út frá aðstæðum á staðnum. Við komum líka og setjum upp tengi sé þess óskað. Nýverið voru t.d. menn frá Danmörku uppi í Kölkú, sorpeyðingarstöð í Reykjanesbæ, að setja upp tengi sem leiða í brennslu-ofna og þola allt að 1.000 gráður.”

Nýjasta umboð MD Véla er MetraFlex, staðsett í Chicago, sem framleiðir einnig þenslutengi. Tengin hafa einstakan hreyfanleika allt upp í +/-24 tommur og fást fyrir ýmsa miðla. Einnig fást þau sérhönnuð fyrir eldvarnarkerfi. Tengin geta tekið á sig mjög mikla hreyfingu og henta því sérstaklega vel á jarðskjálftasvæðum

eins og t.d. Íslandi. „Ég var nýverið í Madrid til að ganga frá einkaumboði á þessum tengjum og öllum vörum þessa fyrirtækis í Evrópu. Þetta eru mjög spennandi tímamót og er samstarfið strax farið að skila sér bæði á Íslandi og á meginlandinu.

Aðrar vörur sem þeir framleiða eru t.d. stálþræskar til að tengja saman ofna í byggingum. Þetta er nokkuð sem hótél hafa verið að óska eftir, en þau glíma við það að ef hótélgestur rekst utan í ofn í einu herbergi þá berst hljóðið í næsta herbergi. Svona tengi tekur titringinn og dempar þar með hljóðið.

Við erum með breitt birgjanet og getum boðið upp á mjög fjölbreyttar vörur og lausnir. Við erum spennt fyrir framtíðinni og erum alltaf að bæta við okkur,” segir Laila og hvetur alla til að fylgjast með heimasíðunni mdvelar.is og Facebook-síðu MD Véla: MD Vélar ehf, þar sem hægt er að fá nánari upplýsingar um fyrirtækið og fylgjast með því sem er að gerast.





ÁÁ Verktakar eru leiðandi í háþrýstipvotti



Háþrýstipvottur á bárujárnshúsi.



Háþrýstipvottur á fjölbýlishúsi.



Myndin hægra megin sýnir einbýlishús eftir háþrýstipvott - vinstra megin er sama hús eftir þússningu og fíltun.

Háþrýstipvottur er óhjákvæmilegur undanfari stórra málningarverkefna utanhúss og ákaflega skilvirk aðferð til að gera hús og byggingar klárar undir málningu. Fyrirtækið ÁÁ Verktakar ehf. er leiðandi á sviði háþrýstipvottar hér á landi og hefur yfir að ráða afar öflugum búnaði til slíkra verka, sem er allur í eigu fyrirtækisins.

Til að hreinsa málningu af húsum er notast við 500 bara hita-dælur sem geta hitað vatn upp í 100 gráður. Slíkar dælur eru einnig notaðar í alls konar fitu- og olíu-hreinsanir og víðar þar sem við á.

„Íbúðarhús eru oft hreinsuð með um 300 til 500 bara þrýstingi og köldu vatni sem dugar til að hreinsa óhreini og gróður af húsum. En svo geta verið öndunarvandamál og vatnspokar og þá þarf að hreinsa gömlu málninguna alla af, þ.e. alhreinsun. Þá þarf að nota heitt vatn,” segir Áslaugur Einarsson, framkvæmdastjóri ÁÁ Verktaka.

Fyrirtækið var stofnað árið 1991 og hefur það vaxið og dafnað allar götur síðan. Auk háþrýstipvottar sérhæfir ÁÁ Verktakar ehf. sig í viðhaldi fasteigna, til dæmis múrviðgerðum, málningarvinnu, trésmíðavinnu og annarri viðhaldsvinnu fasteigna.

Sem fyrr segir er búnaður ÁÁ Verktaka til háþrýstipvotta afar öflugur:

„Við erum með 3.000 bara dælur sem eru notaðar til að hreinsa málningu af stáli. Enn fremur við hreinsanir á túrbínuhjólum og ýmsu öðru. Þrýstingurinn á þeim er afar hár og þær mjög öflugar. Enn fremur erum við með 1.500 bara dælur, mjög vatnsmiklar, þær eru meðal annars notaðar í virkjanir, til að hreinsa úr borholum og röllum og vörðum,” segir Áslaugur.

Háþrýstidælnar koma annars vegar frá Þýskalandi, frá framleiðandanum Falch, og hins

vegar frá Bandaríkjunum, frá fyrirtækinu Garden Denver, en báðir aðilar eru afar öflugir framleiðendur háþrýstidæla.

ÁÁ Verktakar ehf. er í Reykjanessbæ en að sögn Áslaugs eru langflest verkefni þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru af ýmsu tagi, til dæmis almennir húseigendur sem ætla að mála hús sitt og þurfa á háþrýstipvotti að halda til að gera klárt undir málningu. Einnig er algengt að málarameistarar leiti til fyrirtækisins eftir tilboðum í háþrýstipvotti.

Háþrýstipvotturinn er einnig oft hluti af stærri verkefnum fyrirtækisins enda sinnir það margs konar húsaviðgerðum og er með fjölda múrara í vinnu. Einnig hefur fyrirtækið unnið mikið fyrir orkufyrirtæki við að beita hinum öfluggu háþrýstidælum við hreinsanir úr borholum og fleira. Þá hefur ÁÁ Verktakar ehf. unnið mikið fyrir útgerðarfyrirtæki og sinnir öllum þvotti fyrir Stálsmiðjuna Framtak, sem rekur Slippinn í Reykjavík.

Sem fyrr segir hefur verið mikil vöxtur í starfseminni:

„Starfsemin hefur vaxið jafnt og þétt frá því við byrjuðum og tækjaskurinn hefur fylgt með. Það varð vissulega dálítið stopp eftir hrunið eins og hjá mörgum en síðan hefur þetta legið upp á við. Sem dæmi um það keyptum við 3.000 bara háþrýstidæluna árið 2013 og var það fyrsta dælan af slíku tagi sem seld var frá Þýskalandi innan Evrópu. Einnig höfum við bætt við okkur skæralyftum og spjótum til að nota þegar unnið er við hærri byggingar,” segir Áslaugur að lokum.

ÁÁ Verktakar ehf.
Fitjabraut 4
260 Reykjanessbær
Símar: 421-6530 og 898-2210
aaverktakar@aaverktakar.is
Heimasíða: www.aaverktakar.is



BÍLASMIÐJA SGB:

„Fólk hættir seint að nudda sér utaní“

Bílasmiðja SGB var stofnuð þegar ég keypti húsnæðið á Ísafirði og tækin sem ég nota í starfsemin árið 2013. Ég var þá aðallega í sprautun og réttingu og hélt það yði tæplega nóg að gera fyrir mig og einn starfsmann í viðbót. En sú varð ekki raunin og síðan þá hefur starfsemin undið töluvert upp á sig, sérstaklega eftir að ferðamennskan tók að aukast hér á Vestfjörðum,” segir Sindri Gunnar Bjarnarson, eigandi Bílasmiðju SGB.

Fjölbreytt þjónusta við heimamenn og ferðalanga

Fyrirtækið býður upp á réttingar, breytingar á bilum, nýsmíði og fleira. „Við erum þó aðallega í bílasprautun. Einnig erum við aðeins komnir með puttana í dekkjabransann til þess að auka þjónustuna við ferðamenn. Við erum svo með Ford 350-dráttarbil með spil og kerru og vörubíl, sérútbúinn með krana og palli, á staðnum, aðallega til þess að sækja bílaða eða tjónaða bíla, en við bjóðum líka upp á bílaflutning milli landshluta.“

Hugar að stækkun

Aðspurður segir Sindri almennt mikið að gera í bílabransanum. „Fólk hættir seint að nudda sér utaní, eins og maður segir, og bílarnir hætta ekki að bíla. Því er alltaf nóg að gera hjá okkur, þótt auðvitað séu hæðir og lægðir í þessum bransa eins og öðrum. Þrátt fyrir það þá stefni ég á stækkun. Hugmyndin er þá að auka þjónustu og bjóða upp á viðgerðir og fleira.“

Við erum tveir á verkstæðinu eins og er og ég þarf að ráða fleiri menntaða og góða starfskrafta,” segir Sindri.

Hafðu samband við Bílasmiðju SGB með því að hringja í síma 847-3413 eða senda netpóst á bilasmidja@gmail.com

Bílasmiðja SGB er staðsett að Seljalandsvegi 86, 400 Ísafirði.





Startar öllu í gang

RAFSTILLING:

Rafstilling ehf. er gamalgróið verkstæði sem sérhæfir sig í alternatora- og startaraviðgerðum. „Við flytjum inn og seljum nýja startara og alternatora, ásamt því að gera við og skipta um þá fyrir viðskiptavinum okkar. Einnig erum við með alla iðhluti svo sem kapla og aðra fylgihluti með störturum. Við þjónustum alls staðar á landinu þar sem hægt er að starta einhverju í gang eða hlaða. Viðskiptavinir okkar eru hvort tveggja fyrirtæki og einstaklingar. Þá þjónustum við mest verktaka, bændur og búalið eða aðila sem tengdir eru sjávarútvegnum,“ segir Sigurjón Jónsson, eigandi fyrirtækisins.

Reynsluboltar
Verkstæðið er með öll nauðsynleg tæki og tól til viðgerða og ísetninga á störturum og alternatorum. Allir viðgerðir hlutir eru prófaðir í prufubekk til að tryggja að allt sé í lagi. Þeim er einnig skilað hreinum og máluðum. „Við höfum áratuga

reynslu í viðgerðum fyrir einstaklinga og fyrirtæki enda er fyrirtækið búið að vera starfandi í meira en tuttugu ár. Starfsmennirnir hér eru að sama skapi flestir búnir að vera hér í um 10–15 ár og með gífurlega reynslu.“ Einnig flytur verkstæðið inn og selur sólarsellur í miklu úrvali fyrir húsbíla og hjólhýsi.


Hraði og góð þjónusta

„Við leggjum áherslu á hraða og góða þjónustu og flytjum inn ýmis vörumerki sem tengjast okkar þjónustu. Við erum bæði með vörur frá original framleiðendum og öðrum til þess að geta boðið viðskiptavinum okkar upp á fyrsta flokks þjónustu.“

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu Rafstillingar, rafstilling.is

Dugguvogi 23, 104 Reykjavík
Sími: 581-4991 eða 663-4942
Netpóstur: rafstilling@rafstilling.is
Facebook: Rafstilling





FISKELDI AUSTFJARÐA HF:

Hágæða íslenskur eldislax stúttfullur af Omega3

Fiskeldi Austfjarða hf. eða Ice Fish Farm var stofnað sumarið 2012. Þetta unga og framsækna fyrirtæki hefur heldur betur sótt á og í dag hefur Fiskeldi Austfjarða hf. getið sér gott orð úti um allan heim fyrir hágæða eldislax.

Fyrirtækið er með sjókvíaldi í Berufirði og Fáskrúðsfirði á hágæða eldislaxi. Einnig er Fiskeldi Austfjarða hf. með seiðastöðvar í annars vegar

Þorlákshöfn og svo á Rifósi fyrir norðan þar sem seiði fyrir laxinn er framleitt.

Lax fyrir heilsuna

Atlantshafslaxinn er mikil heilsuvara enda stúttfullur af hágæða prótíni og með lítið af mettaðri fitu. Laxinn okkar er þar að auki alger hágæða-vara. Þetta er Atlantshafslax og kaldi og hreini sjórinn hér í kringum landið

gerir hann sérstaklega litfagran og ríkan af Omega3 fitusýrum. Einnig er hann að fá toppfóður. Bæði fóðrið og kaldi sjórinn gerir það að verkum að hátt í þrisvar sinnum meira af Omega3 er að finna í laxinum okkar en er í öðrum laxi.

Aqua Gap vottun

Fyrirtækið starfrækir umhverfissvænt fiskeldi og hefur hlotið Aqua Gap

vottun á framleiðslu sinni sem gerir kröfur um sjálfbærni. Notkun allra ónáttúrulegra vinnsluefna er einnig bönnuð. Mest af vörunni okkar er selt út fyrir landsteinana.

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni **icefishfarm.is** og **Facebook-síðunni Fiskeldis Austfjarða: Ice Fish Farm.**



Allar ljósmyndir eru teknar af Jóni Grétarssyni.



Bílasprautun og réttingar Auðuns: Fagurkeri sem réttir bíla og tekur ljósmyndir

Bílasprautun og réttingar Auðuns er gæðavottað réttingaverkstæði af Bilgreina-sambandinu og tryggingafélögum. „Við bjóðum upp á tjónamat, bilaréttingar og bílasprautun. Einnig koma til okkar einstaklingar með bíla sem þarf að rétta og tökum við að sjálfsögðu alltaf vel á móti öllum viðskiptavinum með bros á vör,“ segir Jón Grétarsson, einn eigenda fyrirtækisins.

Fyrirtækjaafsláttur
„Starfsemi okkar gengur aðallega út á að þjónusta tryggingafélögin með sprautun og réttingar á tjónabílum, en við sjáum líka um bíla fyrir fyrirtæki. Þá fá fyrirtækin afslátt af þjónustu okkar sem og starfsmenn fyrirtækjanna fyrir einkabil sinn.“

Laða að sér viðskiptin alls staðar að af landinu
Fyrirtækið er byggt á gömlum grunni en það var upphaflega stofnað 1968. „Nýr eigandi kom inn í reksturinn árið 2013 og rekum við þetta nokkrir saman núna. Sjálfur er ég

með meistaraþróf og áratuga reynslu í bilaréttingum og bílasprautun. Við erum fimm sem störfum alla jafna á verkstæðinu. Við erum tveir með meistaraþróf, tveir eru með sveinsþróf og svo er einn lærlingur. Það er alltaf nóg að gera í þessum bransa og við erum líka að fá viðskiptavinum alls staðar að af landinu. Hingað kom maður t.d. alla leið frá Raufarhöfn með bílinn sinn. Fólk er einnig að koma frá Ísafirði, Höfn, Egilsstöðum og víðar. Við tökum þessu að sjálfsögðu sem hrósi.“

Ljósmyndun og bilaréttingar: hin fullkomna tvenna
Þess má geta að Auðunn er ekki bara bilaréttingamaður af Guðs náð heldur hefur hann hæfileika á fleiri sviðum. „Sjálfur er ég mikill fagurkeri og áhugamaður um ljósmyndun. Ég ferðast um landið með hópi áhugaljósmyndara og tek ljósmyndir af náttúrunni.“ Margir hafa undrast það að á vefsíðu fyrirtækisins, bilasprautun.is er að finna dálk með fallegum ljósmyndum af íslenskri náttúru. „Ég er stoltur af þessum



ljósmyndum og fannst liggja beint við að hafa þær með. Svo tek ég auðvitað ljósmyndir af verkefnum okkar þegar við á og þær má einnig sjá á síðunni. Þetta gerir vefsíðuna skemmtilegri og ég hef líka séð að dálkurinn hefur góð áhrif á viðskiptin.“ Ljósmyndir Jóns má sjá á vefsíðu fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar má nálgast á **bilasprautun.is**
Auðbrekka 27 – Dalbrekkumegin, 200 Kópavogur
Sími 554-2510

Netfang: **bilasprautun@bilasprautun.is**



Vissir þú að ...

- hnúðkál vex ofan á jörðinni?
- ekki er ráðlegt að geyma paprikur í ísskáp því þá er meiri hættan á að þær verði linar?
- gulrætur geymast best við kjörhitastig, sem er 0–2 gráður?
- mest af næringarefnum tómats er að finna í vökv- anum sem umlykur fræin? Því er mikilvægt að sá vökvi sé hafður með í matreiðslunni.
- ræktun grænmetis á Íslandi hófst strax við landnám?
- best er að geyma gúrkur í ekki of miklum kulda heldur á svölum stað, t.d. á þeim stað í ísskápn- um þar sem kuldin er minnstur?
- bragðgæði íslenska grænmetisins eru tilkomin vegna hreina vatnsins og loftins? Þau stafa einnig af því að grænmetið fær að þroskast á eðlilegum hraða.
- gott er að tryggja steinseltu eftir að hafa neytt mat- ar sem inniheldur mikinn hvítlauk því að hún dregur úr hvítlaukslyktinni?

ÍSLENSKT GRÆNMETI:

Enn grænna en annað grænmeti!

Það eru milljón og ein ástæða fyrir því að Íslendingar ættu að velja íslenskt grænmeti. Fyrir utan það hvað það er ótrúlega ferskt, hollt og bragðgott þá er það einfaldlega svo gott fyrir umhverfið.

Kolefnisjöfnun íslensks grænmetis
Íslenskur grænmetisidnaður er alla jafna nokkuð umhverfisvænn. Hér er jarðvarmi nýttur til ræktunar en annars staðar á Norðurlöndunum er jarðgas eða olía nýtt til að hita gróðurhús. Kolefnisfótspor íslenskra tómata er t.a.m. eingöngu einn fimmti af spori danskra tómata og það er áður en kolefnisjöfnun kom til sögunnar. „Sölufélag garðyrkjumanna og Kolviður gerðu nýlega samning um að íslenskt grænmeti, bæði ræktun og flutningur á milli bæjarfélaga yrði kolefnisjafnaður. Í fyrra gróðursetti Sölufélag garðyrkjumanna rúmlega 2.000 tré sem er ívið meira en það sem þarf til þess að kolefnisjafna flutning á íslensku grænmeti. Með þessu erum við búin að stíga mjög stórt skref í að kolefnisjafna vöruna alla,“ segir Kristín Linda Sveinsdóttir, markaðsstjóri fyrirtækisins.

Krossleggja finger um hagstætt sumar
Sölufélag garðyrkjumanna sam- anstendur af fjölda bænda sem rækta allt það gömsæta grænmeti sem selt er undir vörumerkinu Íslenskt grænmeti. „Langflestir ræktunar- staðirnir eru staðsettir í kringum jarðvarmasvæðin á Flúðum, í Borgar- firði og fyrir norðan á Hveravöllum. Þar eru ræktaðir tómatar, paprikur, gúrkur, ber, salöt, kryddjurtir, sveppir og margt fleira.



Útiræktarsvæðin er svo að finna á víðfeðmu svæði frá Ölfusi og alla leið til Víkur í Mýrdal. Þar er ræktað rótargrænmeti, kartöflur, spergilkál, blómkál, hnúðkál, kinakál og margt fleira. Í fyrra var uppskeran á úti- ræktarsvæðunum því miður ekki upp á sitt besta sökum hins alræmda rigningarsumars sem hér gekk í garð. Þá lét sólin lítið á sér kræla. Bænd- urnir eru nú búnir að sá fyrir þetta sumar og eru vongóðir um góða uppskeru enda hefur þessi vorbyrjun gefið vænleg fyrirheit um sólrikt og hlýtt sumar.“

Gerum eitthvað gott úr íslensku grænmeti í sumar!
Með hækkandi sól eru paprikurnar og tómatarirnir í toppformi og það er um að gera að nýta sér það til fullnustu. Hefur þú til dæmis nokkurn tímann bragðað kalda tómatsúpu með fetaosti og myntu? Súpan er ótrúlega fersk og passar syndsamlega vel með íslensku sumri.

Köld tómatsúpa

- 6 stk. plómutómatar
- stk. agúrka
- rif hvítlaukur
- 100 ml tómatsafi
- safi úr 1 lime
- 1 tsk. tabasco-sósa
- smá fersk mynta
- 1 pk fetasneiðar

Skerið tómata, agúrkuna og hvítlaukinn gróft. Setið í matvinnslu- vél og maukið ásamt tómát- og limesafanum og myntulaufunum eftir smekk. Kryddið með tabasco-sósunni. Setjið í skálar ásamt fetaostinum og skreytið með myntulaufi.

Höfundur uppskriftar: Hrefna Sætran



Paprikur eru gimsteinar náttúrunnar í finnst í ótal fallegum sterkum litum. Gular, rauð- ar, appelsínugular, grænar og fjólubláar! Þær eru góðar hráar, einar og sér, skornar í lengjur með idýfu, steiktar, ofnbakaðar, grillaðar, fylltar ... Möguleikarnir eru óendanlegir. En það eru fáir sem vita að ein paprika inniheldur jafnmikið af C-vitami og fjórar app- elsínur. Auk þess eru paprikur hitaæiningasnauðar frá náttúrunnar hendi.

Grillað paprikusalat

- 6–8 íslenskar paprikur í mismunandi litum
- 6 msk. ólífuolía
- 1 hvítlauksgeiri, saxaður smátt
- nýmalaður pipar og salt
- 1–2 msk. furuhnetur
- nokkur basilíkublöð (má sleppa)

Útigrill hitað, eða grillað í ofninum, og paprikurnar grillaðar við góðan hita, þar til hýðið er allt orðið svart. Snúið öðru hverju svo að þær grillist jafnt. Þeim er svo stungið í bréfpoka eða settar í skál og plast breitt yfir. Látnar standa í um 5 mínútur og þá ætti að vera auðvelt að fletta hýðinu af þeim. Best er að gera þetta yfir sigti svo að safinn fari ekki til spillis. Skerið grilluðu paprikurnar í breiðar ræmur og raðið á disk. Hraerið paprikusafanum saman við ólífu- oliu, hvítlauk, pipar og salt og hellið yfir paprikurnar. Dreifið furuhnetum yfir og skreytið með basilíkublöðum sem skorin hafa verið í ræmur. Berið paprikurnar t.d. fram sem forrétt eða sem meðlæti með grilluðum mat. Einnig má skera þær í mjórri ræmur og nota þær og olíuna út á pasta.

Höfundur uppskriftar: Nanna Rögnvaldardóttir

Þessar uppskriftir og fjölda annarra má finna á vefnum **islenst.is**. Þú færð íslenskt grænmeti og ávexti úti í næstu matvörubúð.





Leiðandi á íslenskum verktakamarkaði

Strax í upphafi var sérstök áhersla lögð á fagleg vinnubrögð og þrífalega umgengni," segir Halldór Kristjánsson, verkstjóri fyrirtækisins Bortækni. Þar gengur starfsemin út á að leysa fagmannlega af hendi öll verkefni, stór sem smá, á fljótlegan og skilvirkan máta. „Þetta hefur dafnað vel hjá okkur undanfarin ár og hefur allt gengið hispurslaust fyrir sig. Auk þess erum við komnir í betra húsnæði sem hentar starfseminni betur.“

Halldór segir að Bortækni annist margvísleg verkefni, eins og til dæmis kjarnaborun og steypusögun auk þess sem fyrirtækið sérhæfir sig í niðurrifi. „Bortækni hefur á hátt í fjögurra áratuga ferli ávallt lagt mikla áherslu á að veita viðskiptavinum sínum góða og persónulega þjónustu. Með nýjustu og bestu fánlegum tækjum er okkur kleift að bjóða hraða þjónustu á sanngjörnu verði,”


segir hann.

„Bortækni hefur verið leiðandi í íslenskum verktakamarkaði í gegnum tíðina og ekkert verk er of stórt eða of smátt fyrir okkur. Í dag erum við með með 10–12 starfsmenn sem eru allir búnir að vera lengi í faginu. Okkur er mjög umhugað um vinnuöryggi og heilsu okkar starfsmanna. Bortækni vinnur mikið í heimahúsum við að saga glugga, hurðarop og stiga. Fyrirtækið tekur einnig að sér að saga fyrir hita í gólf og sér um að rífa allt, eins og innréttingar, veggir og gólfefni. Við komum á staðinn og gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu,” segir Halldór.

Bortækni ehf., Miðhrauni 14, 210 Garðabær
Símar: 567-7570, 693-7700
Netfang: bortækni@bortækni.is
www.bortækni.is

Nýtt á Íslandi. ÞURRBORUN Kjarnaborun án vatns. Hentar mjög vel á skrifstofum og á stöðum sem maður vill ekki fá vatn. Sparar mikla vinnu. Endilega hafið samband við Bortækni í s: 5677570 eða bortækni@bortækni.is





Þjótandi – Sérhæfing og ný tækni í jarðvinnu og vegagerð

Fyrtækið Þjótandi á Hellu er eitt af stærri fyrirtækjum á Suðurlandi í jarðvinnu. Í dag er fyrirtækið með um 20 starfsmenn í vinnu, yfir 50 vinnuvélar og 18 vörubíla. Fyrirtækið var ekki stórt í upphafi, en árið 1991 keypti Ólafur Einarsson, sem er fæddur og uppalinn á Hellu, sér gröfu eftir að hann varð atvinnulaus eftir gjaldþrot þáverandi vinnuveitanda síns.

„Við erum í allri jarðvinnu, vegagerð, og allri mannvirkjagerð sem tilheyrir jarðvinnu,” segir Ólafur. „Við erum sérhæfðir í lagnavinnu, vinnum mikið fyrir veitustofnanir og sveitarfélög við að leggja lagnir, jarðstrengi, hitaveitu og vatnslagnir og ljósleiðarastrengi.

Við sinnum einnig vetrarþjónustu fyrir sveitarfélög og Vegagerðina með snjómokstur og hálkuvörnir.“

Ekkert verk er of stórt eða of lítið fyrir Þjótanda. „Við sinnum öllu frá smáverkum upp í stærri verkefni og erum með gröfur frá 2 tonnum upp í risagröfur sem eru 60 tonn.“

Verkefni fyrir sveitarfélög
Þjótandi vinnur mikið á útboðsmark-

aðnum, þar sem fyrirtækið býður í verkefni hjá ýmsum aðilum. „Stærsta verkefnið í dag er verkefni fyrir Vega-gerðina sem heitir Gjábackavegur á Þingvöllum og strenglagnir fyrir Rarik og sveitarfélög. Einnig er verið að vinna við gatnagerð á Hellu.“

Nýlega tók fyrirtækið upp nýja tækni sem kallast klapparfræsari. „Það er sög sem sagar fyrir strengjum í klappir. Þetta er nýjung hér á landi í strenglagn, því þá þarf ekki að fleyga fyrir jarðstrengjum í klappirnar sem hefur verið mjög tímafrekt og kostnaðarsamt.“ Þjótandi er eina fyrirtækið hér á landi sem býr yfir þessari tækni. Fyrirtækið hefur yfir að ráða 4 jarðytum sérútbúnum með víbraplögum til strenglagna.

„Við erum að bora undir vegi, getum borað allt að 70 sentimetra rör undir vegi fyrir lögnum,” segir Ólafur. „Þjótandi er einnig með bílkrana og sá stærsti er 85 tonn.

Þjótandi ehf. er staðsett á Hellu, en tekur að sér vinnu um allt land.

Allar upplýsingar má fá í síma 893-9190 og á netfanginu tjotandi@simnet.is.





FAGFORM:

Traustur aðili í merkingum fagnar stóraafmæli

Petta er allt frá einstaklingum upp í stórfyrirtæki og stofnanir, bæði stórar sem smáar merkingar, allt frá sandblásnum filmum yfir í bílamerkingar og ljósaskilti. Þetta er afskaplega fjölbreytt,“ segir Halldór Árnason, framkvæmdastjóri skiltagerðarinnar Fagform, sem staðsett er í Gagnheiði 55 á Selfossi. Þó að fyrirtækið sé ekki stórt er starfsemin blómleg og hefur farið sívaxandi, sérstaklega síðustu fjögur árin, en Fagform fagnar 25 ára afmæli í ár.

Aðspurður segir Halldór að starfsemin hafi þróast mikið á síðustu árum og ljósamerkingar séu að verða

sífelld fyrirferðarmeiri: „LED-væðingin hefur þar mikil áhrif. LED-ljósir eru dýrari lausn í upphafi en síðan verður mikill rafmagnssparnaður af þeim til lengri tíma lítið og því er þetta hagstæður kostur sem sífelld fleiri nýta sér.“

Halldór segir að bílamerkingar séu mjög stór hluti af starfseminni enda vart hægt að hugsa sér betri og ódýrari auglýsingu en að merkja vel bíl fyrirtækisins. Segir Halldór að sprenging hafi orðið í bílamerkingum hjá Fagformi síðustu þrjú árin.

Vandasöm verkefni fyrir opinbera aðila

„Kúnnahópurinn hefur stækkað ört á síðustu fjórum árum og meðal annars hafa bæst við stórir opinberir aðilar. Við erum til dæmis einn af fjórum aðilum í rammasamningi við Vegagerðina þar sem við framleiðum skilti eftir ströngum kröfum þeirra,“ segir Halldór, en það er mikið ferli að komast í gegnum rammasamning ríkisins og veitir fyrirtækinu óneitanlega gæðastimpil.

Sumarið er háannatími í þessum bransa þar sem útimerkingar og skilti leika stórt hlutverk. „Það hafa alltaf verið árstíðasveiflur í þessu en þetta hefur jafnað sig nokkuð út hjá okkur síðustu ár og nú finnum við ekki fyrir

þessari lægð í janúar og febrúar sem er svo algeng í þessu fagi, vegna þess að við höfum fengið traust verkefni gegnum rammasamningana ásamt því að þjónusta flest sveitarfélög á Suðurlandi.“

Sem fyrr segir sinnir Fagform stórum og smáum verkefnum fyrir stjóra og smáa aðila, einstaklinga, fyrirtæki, ríki og borg.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni Fagform.is og einnig gefur að líta hér með greininni myndir af nokkrum verkefnum. Símanúmer er 482-3266 og netfang fagform@fagform.is





ICELAND RECRUITMENT
ALLTAF GOTT FÓLK

S: 522-7700
irc.is

“Iceland Recruitment” starfsmanna- og ráðningaþjónusta útvegar hæfa enska iðnaðarmenn, blikksmiði, vélavinnumenn og menn með meirapróf. Við hugsum vel um okkar fólk. S: 522-7700 irc.is

„Gæði skipta okkur meira máli en magn“

ICELAND RECRUITMENT:

Vantar þig starfsmann með þekkingu og reynslu í því sem starfið felst í? Ert þú að hugsa um að byggja en veigrar þér við að hafa samband við múrara, pípulagningamann, arkitekt, smíði, og alla hina, og halda svo utan um þetta allt saman? Iceland Recruitment er starfsmannaþjónusta sem útvegar reynda starfsmenn með sérhæfða menntun til ráðningar. „Ég hef verið í starfsmannaþjónustubransanum síðan 2005 og fyrir fimm árum stofnaði ég Iceland Recruitment starfsmannaþjónustu,” segir Alan Matthews, eigandi Iceland Recruitment.

Svið starfsmannaþjónustunnar Iceland Recruitment er tvíþætt. „Annars vegar erum við með geira

innan þjónustunnar sem útvegar iðnaðarmenn fyrir byggingariðnaðinn. Hins vegar erum við með starfsmannaþjónustu sem útvegar starfsmenn fyrir ýmis önnur störf, hvort sem það eru starfsmenn í matvælaframleiðslu, grafískir hönnuðir, textahöfundar, sölumenn, vefsíðuhönnuðir eða hvaðeina.”

Ekki sóa tíma og fjármunum
Ef þú hefur hug á að byggja, stórt eða smátt, þá er einfalt að klára dæmið með því að hafa samband við Iceland Recruitment. „Við höfum það fyrir reglu að allir iðnaðarmenn okkar séu með tilskilin réttindi og menntun og minnst fimm ára reynslu. Starfsmenn okkar koma frá Bretlandseyjum og hafa allir ensku að móðurmáli. Það

er ótrúlegt magn af tíma og fjármunum sem sóast þegar menn skilja ekki hver annan. Því er það skylda fyrir alla okkar starfsmenn að tala góða ensku. Einnig greiða allir okkar starfsmenn skattaiðgjöld í íslensk stéttafélög og lífeyrissjóði eins og íslenskir starfsbræður þeirra. Einnig borgum við öllum okkar starfsmönnum sanna gjörn laun og erum jafnvel að borga hærri laun en margir aðrir. Við bjóðum notendafyrirtækjum okkar upp á fullkomið gagnsæi varðandi launagreiðslur starfsmanna.”

Gæði umfram magn

„Þessi bransi fer bara stækkandi enda síaukin þörf fyrir iðnaðarmenn og annað starfsfólk á vinnumarkaðnum til þess að sinna öllum þeim

verkefnum sem fylgja nútímaþjóðfélagi. Við hjá Iceland Recruitment höfum alltaf einblint á gæði frekar en magn og haft það fyrir reglu að starfsmenn okkar séu fyrsta flokks og kunni vel til verka. Enda hefur það sýnt sig að viðskiptavinir okkar eru hæstánægðir með fólkið okkar.”

Nánari upplýsingar má nálgast á icelandrecruitment.is

Ármúli 36, Reykjavík.

Sími: 522-7700

Netpóstur: alan@icelandrecruitment.is



ÁLTAK:

Þaktíminn er runninn upp!

Núna er þaktíminn runninn upp í byggingariðnaðinum og margir eru farnir að huga að þakefnum og uppsetningu þaka fyrir næsta haust. Áltak býður upp á afar breitt vöruúrval af þakklæðningarefni úr áli, aluzinki, kopar og fleiru. Áltak er einnig með fjölbreytt úrval af þakgluggum sem auðvelt er að nota í bland við þakefnið. Fyrirtækið var stofnað árið 1997 og búa starfsmenn yfir gífurlegri reynslu sem snýr að húsbyggingum. „Sölumenn okkar eru sérlega fróðir um þakefni og allt sem tengist því og geta ráðlagt öllum, bæði vönum húsasmiðum og leikmönnum, um val á þakefni, þakpappa, festingum og fleiru,” segir Guðmundur Hannesson, sölustjóri hjá Áltaki.

Fjölbreytt þakefni í óskalengdum
„Við erum með eigin framleiðslu á þakefni úr bæði áli og aluzinki. Þá erum við með afar breiða línu í bæði litum og formi. Við bjóðum t.a.m. upp á hátt í 30 liti í álinu. Svo bjóðum við upp á sex mismunandi prófíla, þ.e. trapisu-prófil, stallað þakefni og svo fjórar mismunandi stærðir og þykktir af bárum. Stallaða þakefnið fæst einnig í steinskífuútliti. Við getum framleitt allt þakefni í hvaða útliti sem er og afhent á einungis fjórum til fimm dögum í þeirri lengd sem viðskiptavinurinn óskar eftir.“

Grundvallaratriði að allt passi saman

Það þarf margt að hafa í huga þegar kemur að því að setja upp þak eða skipta um þakefni. Það er ekki bara útlitið sem skiptir máli heldur líka efnisval, val á undirlagi, tegund og efni festinga og margt fleira. „Við erum með tvær gerðir af þakpappa sem passar undir allt þakefni sem við bjóðum upp á. Pappinn er vatnsheldur og fæst í tveimur þykktum og er

valinn út frá þakefninu sem fólk hefur hug á að nota. Einnig erum við með allar festingar og annan aukabúnað sem þarf. Það er mikilvægt að fá ráðleggingar hjá okkur varðandi val á vörutegundum því þegar komið er upp á þak þá er algert grundvallaratriði að allt passi saman, þakefni, þakpappi og festingar.“

60 ára gömul álþök í stakasta lagi
„Álið hefur sýnt sig og sannað hér-lendis. Til eru dæmi um hús með sextíu ára gömul álþök sem enn eru í finu standi. Það er deginum ljósara að það borgar sig að velja vel þegar kemur að þakefni. Sérstaklega í loftslagi eins og á Íslandi. Hér geta komið mikil rigingasumur eins það í fyrra, sem er enn ferskt í minni allra Reykvinga. Einnig getur veturinn verið snjópungur og stormasumur sem gerir það að verkum að það reynir enn meira á húspökin. Þakefnið og annað sem við bjóðum upp á hjá Áltaki stenst ströngustu gæðakröfur fyrir íslenskt veðurfar.“

Ylklæðningar: Hagkvæmar lausnir

„Einnig bjóðum við upp á ylklæðningar eða samlokueiningar úr bæði PIR og steinull.“ Samlokueiningar eru með hagkvæmstu lausnum á þök. Með einni einingu sem skrúfuð er á stál- eða tréburðargrind er kominn fullbúinn útveggur og/eða þak – fullbúið að utan sem innan. „Á Íslandi eru mjög strangar kröfur um brunapol og við hjá Áltaki þekkjum reglurnar og bjóðum einungis það sem hentar hverju verkefni.“

Hægt er að hafa samband í síma 577-4100 eða koma við hjá Áltaki í Fossaleyni 8, 112 Reykjavík. Einnig er hægt að senda póst á altak@altak.is og skoða vörur nánar á heimasíðu Áltaks, www.altak.is.





Vélfang ehf. var stofnað vorið 2004 af þeim Eyjólfí Péttri Pálmasyni, Skarphéðni Erlingssyni, Stefáni G. Ármannssyni, Þórði Jónssyni og Kristjáni Ragnarssyni. Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað og í dag selur fyrirtækið og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, vélaverktaka, golfvelli og sveitarfélög.

15 ára reynsla

„Við veitum framúrskarandi þjónustu og miðlum þekkingu sem byggir á tæplega 15 ára reynslu. Hjá okkur starfar fámenn en öflug liðsheld með mikla starfsreynslu á sviði bú- og vinnuvéla. Í raun er erfitt að skilgreina starfssvið hvers og eins en eitt eiga starfsmennirnir sameiginlegt: Það er rík þjónustulund og vilji til að leysa þau verkefni sem framundan eru. Við höfum allt frá upphafi lagt áherslu á að ráða gott og öflugt fólk til starfa, sem passar inn í þann hóp og þann góða anda sem fyrir er. Einn okkar er til dæmis svo skáldmæltur að hann getur beinlínis talað í ferskeytlum. Hann heitir Kristján og sér um vísnapátt fyrirtækisins,“ segir Eyjólfur og bendir á að andinn innan fyrirtækisins sé sérstaklega góður.

Þjónustar nýjar vélar, gamlar og varahluti

„Starfsmenn okkar keppast við að uppfylla þarfir viðskiptavina sinna, hvort sem um er að ræða sölu og þjónustu á notuðum eða nýjum vélum eða við útvegum varahluta. Stundum hentar góð, notuð vél jafn vel og ný, og öfugt,“ segir Eyjólfur. Stór hluti af starfsemi Vélfangs ehf. er varahlutabjónustan. Fyrirtækið er með umboð fyrir fjölda fyrirtækja sem þjónusta vinnuvél-ar. „Því höfum við tök á að afgreiða flesta sem til okkar koma með skjóttum og öruggum hætti,“ segir Eyjólfur. Helstu framleiðendur sem Vélfang hefur umboð fyrir eru CLAAS, Fendt, Kuhn, Redrock, og margir fleiri.

JCB – heimsklassa fjölskyldufyrirtæki

„Við erum stolt að geta sagt frá því að Vélfang ehf. tók við umboði fyrir JCB-vinnuvélar á haustmánuðum 2009. JCB er einn stærsti framleiðandi vinnuvéla í heimi og í gegnum tíðina hefur hann fjárfest mikið í rannsóknum og þróun. Með þessu móti heldur fyrirtækið sér fremst í flokki nýsköpunar og að sama skapi getum við útvegað fyrsta flokks vinnuvélar fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Eyjólfur.

Gæðafatnaður á góðu verði

„Nýlega stækkaði Vélfang verslun sína og ákváðum við að bjóða upp á meira úrval í gæðafatnaði, fyrir alla fjölskylduna, minjagripum og leikföngum. Við bjóðum upp á gott vöruúrval af sterkbyggðum vinnufatnaði fyrir alla fjölskylduna, svo sem samfestinga, smekkbuxur, boli, hanska og fleira. Einnig erum við með geysivinsælar hettupeysur með traktor framan á og vinnuhanska fyrir börn. Úrval af leikföngunum er alltaf að aukast hjá okkur sökum mikillar eftirspurnar. Við erum einnig með frábært verð á leikföngunum og fatnaði sem kemur á óvart,“ segir Eyjólfur.



Nánari upplýsingar má nálgast á www.velfang.is og Facebook-síðunni Vélfang ehf.

Gylfaflöt 32, Grafarvogi og Frostagötu 2a, Akureyri

Sími: **580-8200**

Opið alla virka daga frá 08.00–17.00

Netpóstur: velfang@velfang.is



Gríðarmikið úrval og þjónusta á háu stigi

VINNUFÖT EHF:


Vinnuföt ehf. er leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á vinnufatnaði til fyrirtækja. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á gæði og veitir viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu á þessu sviði, enda vöruúrvalið gríðarlegt. Fyrirtækið sérhæfir sig í sölu og þjónustu á öllum tegundum af vinnufatnaði, hlífðarfatnaði, öryggisfatnaði, öryggisskóm, öryggisvörum og vinnuvettlingum. Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir mörg þekkt vörumerki í Evrópu.

„Við þjónustum stærri og minni fyrirtæki í öllu sem viðkemur fatnaði og öryggisvörum fyrir starfsmenn þeirra, þar með talin ráðgjöf í hvaða

fatnaður hentar best hverju sinni, merkingar á fatnaði og fleira slíkt og leggjum mikla áherslu á að þjónustan sé á háu stigi,“ segir Sigurður Guðjónsson hjá Vinnufötum og tekur fram að það sé alltaf nóg að gera og reksturinn gangi vel.

Opnunartími verslunarinnar er 8 til 17 mánudaga til fimmtudaga og 8 til 16 á föstudögum.

Verslunin er staðsett á Nethyl 2a, 110 Reykjavík.



MYNDIR: HANNA/DV

Lífsglöð Margrét hefur erfð lífsgleðina frá ömmu sinni.



„Ég er að kenna fólki að njóta sköpunarverksins“

Margrét Erla er önnur kafin meðan hún bíður frumburðarins

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Margrét Erla Maack hefur verið í sviðsljósinu á sjónvarpsskjáum og skemmtunum landsmanna í fjölda ára. Starfstítlarnir í dag eru fjölmargir: skemmtikraftur, veislustjóri, danskennari, plötusnúður, karókískrímsli og sprellikerling og í haust bætist nýtt hlutverk við, en Margrét á von á sínu fyrsta barni í lok september.

Bláðamaður fór og hitti Margréti á Mokka kaffi, þar sem hún tók á móti henni ólgandi af krafti og áhuga og það er farið að sjá

á henni að hún er ekki kona einsömul. Margrét er skemmtileg og talar hratt, alvön að veita viðtöl og segja frá og greinilegt að hún á marga vini og kunningja en svo hefur það ekki alltaf verið.

„Ég var ekki rosavinsæl í grunnskóla, en ég fór nokkrum sinnum til útlanda í alþjóðlegar sumarbúðir á vegum CISV og það hjálpaði mér að komast í gegnum grunnskólann að sjá að heimurinn er stærri en 7. bekkur Austurbæjarskóla, og milli tvítugs og þrítugs fór ég þrisvar út með börn á vegum CISV og gaf þannig til baka,“ segir Margrét. Aðspurð hvort hún hafi lent í einelti í grunnskóla,

svarar hún neitandi. „Orðum það frekar þannig að þau hafi ekki fattað hvað ég er skemmtileg. Ég átti alveg góða vini og vinkonur. En það var fólk sem var opinberlega illa við mig og svona hatursfélög. Þetta hefur ekkert gert mér nema gott og ég vil bara nota tækifærið til að þakka þeim kærlega fyrir mótlætið. Þetta sýndi mér líka að það þurfa ekki allir að fíla mann, þetta var erfitt á þessum tíma, en ég er þakklát fyrir þetta í dag.“

Herranætur og heilahimnubólga

Að loknum grunnskóla ákvað Margrét að fara í MR, og segir hún að

mesti hvatinn hafi verið að enginn úr Austurbæjarskóla fór þangað. „Ég var búin að fara á sýningar á Herranótt, þar sem eldri frændi minn og uppeldisbróðir, Ólafur Egils, var í MR. Ég heillaðist af félagslífinu í MR og fann mína rödd svolítið þar. Ég var í nollabekk og í nokkur ár var ég tossinn í bekknum, þar sem ég var svo mikið í félagslífinu og mátti lítið vera að því að sinna náminu. Á lokaárinu tók ég mig á, en fékk heilahimnubólgu í janúar/febrúar rétt fyrir útskrift þannig að þrátt fyrir að ég hefði tekið mig á skilaði það sér ekki í einkunnum, sem var svolítið leiðinlegt.“

Margrét tók þátt í sýningum Herranætur öll árin í MR, var í stjórn í eitt ár og segir MR hafa verið ótrúlegan skóla. Hún fagnar því að í dag sé horft á hvað stúdentar hafi gert í félagslífinu þegar þeir sækja um atvinnu, hvort þeir hafi komið að skólablaðinu, kunni að gera fjárhagsáætlun og annað slíkt. „Það er gleðilegt að það sé orðinn stór hluti af því sem skoðað er í fari fólks.“

Eftir MR ætlaði ég í leiklist eða eitthvað tengt leik- eða sýningarstjórn. Svo komst ég ekki inn í leiklistarskólann og fór að læra ensku í Háskóla Íslands. Síðan komst ég inn í sýningarstjórnun í ►



breskum skóla, á þeim tíma var ég með breskan kærasta, og þetta hékk saman, að ég gæti búið hjá honum af því skólinn var dýr. Svo lauk því sambandi og draumnum um skólann líka. Þannig að örlög-in hafa valdið því að ég er eins og ég er hér í dag.“

Skemmtileg störf komu í veg fyrir útskrift

Sambandsslitin við þann breska voru ákveðinn vendipunktur og langt var í að Margrét myndi klára BA-námið í enskunni. „Ég var búin að hjakka í náminu í þrjú ár og frekar langt í að ég myndi klára. Ég var að blogga á þessum tíma og maður hjá Iceland Express hafði samband við mig, sagði að ég væri skemmtilegur penni og bauð mér vinnu við að skrifa fyrir fyrirtækið. Ég var líka að vinna í Þjóðleikhúsinu við að selja kaffi í hléum, spila sem plötusnúður og kenna dans í Kramhúsinu. Þannig að það var rosalega lítill tími fyrir námið því

öll störfin mín voru svo skemmtileg!“ segir Margrét.

Drottning kynnist kabarettsenunni

Í sömu viku og sá breski hvarf úr lífi Margrétar kom happdrættisvinningur frá Háskóla Íslands í hendur hennar. „Ein milljón var mikill peningur fyrir 23 ára konu. Ég sá fyrir mér að ég þyrfti ekki að vinna um sumarið eins og alltaf þannig að ég fór að skoða hvort ég gæti verið í New York, en ég hafði heimsótt borgina einu sinni áður og fannst hún geggjuð.“

Svo heppilega vildi til að Margrét hafði flutt karókihóp frá borginni inn nokkrum mánuðum áður og átti því fjölda vina í New York og einn þeirra var að fara í Evrópureisu og leigði Margréti herbergið sitt í þrjá mánuði. Margrét fór á uppistandssýningar og karóki, fór í masterclass-tíma í magadansi og kynntist fjölda kabarettlistafólks. Þeirra á með-

al var Reggie Watts, sem starfar í dag sem hljómsveitarstjóri í þáttum James Corden, The Late Late Show.

„Þetta tímabil var fullkomið, dollarinn var 80 krónur og ég lifði eins og drottning og var að fíla mig í tætlur. Watts spurði hvort ég væri eitthvað að sýna úti og þegar ég sagðist ekki vera með leyfi til þess, þá sagði hann að það væri alveg horft fram hjá því í þessum bransa, ef það væri í stuttan tíma og ég væri með flugmiða heim,“ segir Margrét sem var ráðin í tvær vikur á Box, stórum, þekktum og vinsælum kabarettstað. „Þar kynntist ég heimi sem ég vissi ekki að væri til, dragheiminum, fullorðinssirkus og fleira. Þarna kynntist ég fólki sem varð nokkrum árum seinna risastór nöfn, eins og Lady Gaga sem ég hoppaði upp úr köku með. Eitt kvöldið var ég látin leysa af, sett í pínubrækur og brjóstadúska og ég blés flórskyri yfir mini Marilyn Manson og ég hugsaði að

þetta væri það skemmtilegasta sem ég hefði gert. Ég sá að það er hægt að eiga stórkostlegt líf með því að skemmta í 20 mínútur á kvöldi. Þetta breytti gjörsamlega lífi mínu.“

Sirkussenan á Íslandi verður að veruleika

Í lok sumarsins langaði Margréti ekki heim, var miður sín að vera að yfirgefa klúbba- og kabarettsenuna og var grátandi í kveðjupartíinu sínu. Vinir hennar stöppuðu í hana stálinu og sögðu hana vera að hugsa þetta rangt. „Þú ert með tækifærið sem við vildum óska að við hefðum. New York verður alltaf hérna fyrir þig. Þú ferð heim til Íslands og býrð til þína rödd þar, sögðu þau við mig og eftir að ég fór heim höfðu þau reglulega samband og spurðu hvort ég væri byrjuð,“ segir Margrét, sem gerði ekkert fyrir en hún sá auglýsingu um ókeypis sirkustíma á sunnudögum í Kramhúsinu.

„Þetta er fólkið,“ hugsaði ég og úr þessum hópi varð Sirkus Íslands til, sem Lee Nelson stofnaði. Ég vann með þeim í tíu ár og við hjuggum líka til fullorðinssirkusinn Skinnsemi, sem ég er ofboðslega stolt af að hafa komið að,“ segir Margrét, sem þó hætti til að sinna öðru. „Það var ekki endilega takmarkið að vinna við þetta, heldur að búa til platform og gera eitthvað meira fyrir skemmtanalífið en fara bara á barinn og detta í það. Þótt ég hafi hætt, þá er mikið samstarf á milli okkar og við erum að lána skemmtikrafta hingað og þangað og öll að vinna saman að því að þessi sena sé til staðar.“

Aðspurð hvort að ekki sé kominn tími til að kabarettsenan eignist sinn fasta stað, sitt eigið hús, segir Margrét að það væri draumurinn. „Við erum að vinna í því á fimm ára planinu. Reykjavík kabarett er í samstarfi við Slipper Room í New York, sem tekur svona 200 manns þegar þétt er setið. Hann er með áhorfendapalla á tveimur hæðum og þar er pláss fyrir loftfimleika og af því að lofthæðin er mikil þá er hægt að vera með eld, það er dansgólf og það eru ljós og reykvélar og frábær kokteillalisti, sem er mjög mikilvægt. James, sem hannaði staðinn, langar að koma hingað og hanna stað hér, þetta eru allt miklir draumar en það hefur svo oft gerst í mínu lífi að ég hef átt drauma og svo rætast þeir, þannig að ég hef fulla trú á að þetta muni gerast,“ segir Margrét.

„Ég var að koma heim úr Evrópuferðalagi þar sem ég kom fram í flottum leikhúsum, en uppáhaldssýningarnar voru eins og í Eistlandi þar sem voru 50 manns í salnum og það var bara pakkað. Og í Berlín þar sem var reykt inni og sviðið var ógeðslega klístrað og það voru bara 40 manns í stöppuðum áhorfendasalum og það var frábært. Fjaðravængirnir mínir lykta eins og Kaffibarinn árið 1999 og það er bara æðislegt,“ segir Margrét. „Þannig að þetta má ekki vera of flott og það er bara áskorun fyrir alla og ég fæ svo mikla fróun úr því að segja, „það er uppselt““

Áreitni jakkalakka í dauðateygjum

Margrét hefur áður tjáð sig í viðtölum um kynferðislega áreitni sem hún hefur orðið fyrir í starfi sínu, en hún segir hana hafa minnkað eftir að hún byrjaði að tjá sig um hana opinberlega. „Það er hins vegar ekki út af mannvirðingu við mig heldur af því að þeir vilja ekki setja fyrirtæki sitt í vonda stöðu. Eftir að áreitnin varð mikil, þá tek ég með fylgdarmann með mér,

rukka meira fyrir og greiði honum síðan laun.“

Áreitnin var ekki mest á þeim tímum sem maetti halda, á sýningum að kvöldi til þegar vin var haft um hönd. „Í burlesque er þetta mjög skýrt: hér er ég, hér er sviðið, hér eru áhorfendur og svo eru það fleiri konur sem mæta á sýningar en karlar. Áreitnin var mest og oftast þegar ég var með fyrirlestra eða að stjórna ráðstefnum að degi til eða að vinna sem plötusnúður. Samkvæmt minni upplifun tengt störfum sem áður voru karlastörf, en ungar, sterkar og klárar konur eru að koma inn í. Þessir menn eru ekki steriótýpan af dónaköllum sem einhverjir hafa kannski. Nei, þetta eru menntaðir jakkalakkar sem eru hræddir um stöður sínar og áreitnin er svona síðustu dauðateygjur þeirra til að toga mig niður og sýna að þeir hafi yfirhöndina.“

Úr skriftu á skjá allra landsmanna

Á sirkustímanum hafði Margrét einnig tíma fyrir allt þetta RÚV-stúss eins og hún orðar það sjálf. „Ég frétti að það væri laust starf og sótti um, en besti vinur minn, Atli Viðar, var að vinna sem skrifta í sunnudagsþáttum Evu Maríu og var að hætta.“

Ég starfaði sem skrifta í hálftrá og ef einhver er að lesa þetta sem vill byrja í fjölmiðlum þá er skrifta besta leiðin inn, sérstaklega ef þú vilt verða dagskrárgerðarmanneskja í sjónvarpi. Þú lærir allt: hvernig hugmyndirnar verða til, hvernig þú átt að framkvæma þær, við hvern þú átt að tala innanhúss, lærir alla tækniterminólógiu, kynnist öllu staffinu af því þú ert bara í blóðrásinni.

Síðan bað Sigmar í Kastljósinu mig um að leysa Ragnhildi Steinunni af, en hún var að fara í fæðingarorlof. Honum fannst við Heiða skemmtilegar og með góða efnisnálgun. Síðan, þegar Ragnhildur Steinunn kom aftur, kom í ljós að starfið á Rás 2 beidd ekki eftir mér og ég fékk smá panikkast, en Sigmar stóð við bakið á mér sem endranær, hann er klettur þessi maður, og ég fékk að vera áfram og var í Kastljósinu árin 2010–2016.

Það var ótrúlega gaman að vera í Kastljósinu, en þá eyðilagði mig þó fyrir lífstíð, ég held að ég geti aldrei aftur verið í 9–5 vinnu eins og þú þekkir eflaust,“ og blaðamaður kinkar kolli og skilur fullkomlega hvað Margrét á við. „Maður þrífst á því að enginn dagur er eins, alltaf að tala við nýtt og nýtt fólk og maður sýgur í sig gleðina og dugnaðinn í fólkinu sem maður er að tala við,“ segir Margrét og nefnir að á þessum árum var Kastljósið, sem dæmi, að opinbera barnaníðinga, með samstarf við Wikileaks og fleira. „Þó að ég væri mest að tala við einhverja hunda með sölgleraugu og popphljómsveitir þá fann ég að maður var hluti af mikilvægu batteríi. Samstarfið var gott, og að kynnst fólki eins og Agli Eðvarðs, og vinna náði með Brynju og Þóru, fólki sem er miklar fyrirmyndir, það er mikilvægt fyrir unga konu og ég hefði aldrei viljað sleppa þessu þótt ég hefði orðið sár þegar ég var látin fara. En ég væri ekki hér í dag ef Kastljósið hefði ekki komið til, bæði að fá vinnuna og að missa hana, af því að ég veit að ég gæti ekki veislustýrt eins mikið og ég geri nema af því fólk man eftir mér sem stelpunni úr sjónvarpinu.“

Midborgarborn alið upp í kærleika og kristilegum gildum

Margrét er uppalin á Bergstaðastræti, býr núna á Öðinsgötu og



RÁIN ER ALHLIÐA VEITINGAHÚS Í hjarta REYKJANESBÆJAR

MATSÖLUSTAÐUR

SKEMMTISTAÐUR

RÁÐSTEFNUR

ÁRSHÁTÍÐIR

VEISLUR



RÁIN



Kærastinn Tómas Margrét og sveitastrákurinn sem flutti inn á fyrsta stefnumóti.

vinnur „svolítið í þessum ríðis herna,“ segir hún og teiknar hring í kringum sig. Hún var einkabarn í níu ár, þar til Vigdís Perla, systir hennar, fæddist. „Við höfum alltaf verið mjög nánar og erum mjög líkar, en það munar alveg þessum níu árum þannig að það var aldrei samkeppni um sömu athyglinu eða neitt svoléiðis, og ég fékk snemma að bera ábyrgð á henni sem var ótrúlega gaman. Og núna býr hún í London og það er ógeðslega erfitt!“

Margrét segir foreldra sína ólíka, en mjög samstíga. Móðir hennar, Ragnheiður Ólafsdóttir, starfar sem miðasölustúlka í Þjóðleikhúsinu og sem blómasölu-dama í Kópavogi. „Hún er stórkostleg og maður skilur ekki að þetta stóra hjarta komist fyrir í þessum kropp sem hún hefur. Hún er mamma allra, öll mín frændsystkin mömmu megin eru börnin hennar, ég kem í heimsókn og það er alltaf einhver í heimsókn hjá henni. Vinir systur minnar koma í heimsókn til að drekka viskí með henni, sem er furðulegt og geggjað á sama tíma. Mamma er ofsalega mannglögg og skemmtileg, henni finnst gaman að gefa fólki að borða og er ofboðslega nærandi manneskja.“

Faðir Margrétar, Pjetur Þ. Maack, er prestur og aðspurð hvort hún hafi ekki viljað fara í hempuna eins og hann svarar hún að þau séu í sama bransa. „Við erum bæði að kenna fólki að njóta sköpunarverksins á mismunandi hátt. Ég er ekki sérstaklega trúuð, en ég er alin upp í miklum kærleika og kristilegum gildum, trúnni var aldrei troðið upp á mig. Mér var frekar kennd sú upplifun að trú sé hjálpartæki og geti hjálpað fólki mikið, eins og í gegnum sorg, fíkn og aðra erfiðleika. Og ég fann svona að pabbi vonaði að ég þyrfti kannski ekkert á trúnni að halda, sem mér finnst mjög fallett uppeldi.“

Kyntist sveitastrák á Tinder

Sjálf er Margrét búin að stofna eigin fjölskyldu, en hún kyntist kærastanum, Tómasi Steindórsyni, á Tinder og á það vinkonu sinni að þakka, sem tók af henni símann og lækkaði aldursmörkin í stefnumótaappinu. „Hann er góður, mjúkur sveitakall frá Hellu, ógeðslega fyndinn. Hann er stór og mikill, eins og hoppukastali í körfuboltabúningi og að sjá mann hlaupa á hann er það fyndnasta sem ég veit. Ég fæ enn hláturskast þegar sé lappirnar hans í rúminu; „er þessi stærð til af manneskju?““

Tómas er með fleiri en einn bolta á lofti líkt og Margrét, hann starfar hjá Billboard, þar sem hann selur auglýsingar á strætóskýli og skilti, en er aðallega í því að laga þau, er plötusnúður, sér um pubquiz og spilar körfu með

Breiðablik. „Hann er fastur í 9–5 vinnunni og finnst erfiðast hvað ég er oft erlendis því hann á erfitt með að fá frí og koma með.“

Þau hafa verið saman í tvö og hálft ár og hittust á sínu fyrsta og eina stefnumóti eftir að hafa spjallað í tvær vikur á Tinder og reynt að finna tíma til að hittast. „Það var náttfatapartí heima hjá mér þar sem við horfðum á Útsvar með kíló af nammi. Við ákváðum strax að byrja saman, vorum ákveðin í samband og hann flutti inn,“ segir Margrét.

„Tómas er öðruvísi en aðrir sem ég hef verið með, honum finnst ekkert mál að ég þéni suma mánuði meira en hann, að ég sé áberandi eða að ég vinni við það sem ég geri. Fyrri kærastar heilluðust oft af mér af því að ég var að gera svo mikið, af því að ég var skemmtikraftur og plötusnúður, svo spurðu þeir hvenær ég ætlaði að hætta þessu. Ég held að enginn segi svona af væntumþykju, en kannski vantaði einhverja bara ástæðu til að hætta með mér. Ég dýrka vinnuna mína, hún er hluti af persónuleika mínum og Tómasi finnst hún snilld. Tómas er allur þakinn.“

Ófrísk með Instagram-öfund

Parið á von á barni í lok september og þegar Margrét er spurð hvað hún sé langt gengin, tekur hún upp símann og skoðar dagatalið. „Ég er svo léleg í þessu, ég er með Instagram-öfund og er búin að henda öllum út sem eiga von á barni. Ég er ekki byrjuð að tengja eða byrjuð á hreidurgerð. Ég er að fara í rannsókn á morgun og fæ þá að vita kynið og þá vonast ég til að tengja betur við barnið, þegar ég get kallað það hann eða hana, ekki það. Ég er örliðið kvíðin fyrir þessu, að tengja aldrei, það kemur en ég er samt; „hvað ef það kemur ekki?“

Þetta er búin að ganga vel, ég var gengin átta vikur þegar ég vissi að ég var ófrísk. Ég er enn þá að kenna, nýkomin úr Evróputúr, er að fara til Brighton um helgina og svo til New York í lok maí. Þetta er ekkert mál og ég er mjög heppin,“ segir Margrét, sem hefur reynslu af meðgöngu. „Ég hef bæði farið í fóstureyðingu og misst fóstur, og áður var mjög mikil vanlíðan, uppköst og grindargliðnun.“

Viðtalið er tekið sama dag og ný lög um þungunarrof voru samþykkt á Alþingi. Margrét hefur sterkar skoðanir á málefnum og segir að hún sjái það mjög skýrt að engin kona komin jafn langt á leið og hún velji fóstureyðingu að gamni sínu. „Það er engin sem fer á þessum tíma, nema það sé aðkallandi og félagslegar og líkamlegar ástæður liggja að baki.“

Margrét skráði sig úr Þjóðkirkjunni eftir að grein Agnesar M. Sigurðardóttur um þungunarrof birtist í Morgunblaðinu. „Ég hef gefið

Þjóðkirkjunni mikinn séns í gegnum tíðina af því að pabbi minn er prestur, en ég skráði mig úr henni núna. Grein Agnesar er miðaldarkjaftæði, þar sem hún tjáir sig ekki sem kona, heldur sem biskup. Það er fjöldi frábærra presta starfandi, en þarna er risaeðla talsmaður kirkjunnar. Ég verð svo reið, pabbi sagði mér um daginn að skoða ekki í pakkann og fá ekki að vita kynið á barninu. Ég svaraði að þegar hann og karlar á hans aldri myndu byrja að ganga með börn gætu þeir tjáð sig um leg kvenna, ekki núna.“

Á undan barni kemur Búkalú

Áður en haustar og Margrét fer að undirbúa komu frumburðarins leggur hún land undir fót með sumarferðalagið Búkalú. Það var leikarinn Örn Arnason sem stakk upp á nafninu og stuðmaðurinn Jakob Frimann Magnússon samþykkti um hæl. „Lagið virkar fullkomlega undir stíkluna sem ég er að klippa núna, en Jakob sagði mér að búkalú væri einhver sixtis lífs- og dansstíll. Sara vinkona kom svo með Lönd og lendar-setninguna.“

Með Margréti verða þekktir skemmtikraftar frá New York og hún segist spennnt fyrir að fara með þá í alls konar rými á landsbyggðinni. Svo spyrja þau hvar við munum gista og ég svara til dæmis með að við munum gista hjá Röggvinnu.



Kaupmannahöfn Margrét í nýafstöðnum Evróputúr. Mynd: Gaia Micotovich

konu minni, og svo ætli nágranni hennar að lána okkur sitt hús og það verði bara opið. Nei, ég þekki nágrannann ekkert, er eitthvert ykkar með ofnæmi fyrir kaninum? Það verður geggjað að fara með Kana í þennan íslenska veruleika þar sem allir eru vinir, allir eru skyldir og fólk bara treystir manni.“

Ætla þú að vera í þessum bransa áfram þar til þú ferð á eftirlaun?

„Ég veit það ekki. Öll móður-fjölskylda mín er skemmtikraftur og listafólk, þannig að það gæti verið, en svo fæ ég kannski leiða á þessu.“ Blaðamaður stingur upp á að viðburðastjórnun gæti tekið við. „Já, og að opna kabarettklúbbinn. Eina fasta vinnan sem ég hef

haft er fjölmiðlavinnan, sem er náttúrulega óruggasta starfsumhverfi sem þú finnur núna. Í dag veit ég nákvæmlega hvernig ég er að fara að borga leiguna mína til áramóta og ég er byrjuð að bóka þorablót og veislustjórn á næsta ári. Ég var aldrei þar þegar ég vann við fjölmiðla, ég veit hvar ég verð næsta árið og það er mun meiri lúxus en margir lifa við og ef eitt-hvað kemur upp á, þá get ég alltaf kennt fleiri danstíma í Kramhúsinu.“

„En ég veit ekki hvernig týpa þetta er sem ég er að fæða í þennan heim, kannski er þetta barn sem enginn vill passa og þá er ég bara í djúpum skít, þótt ég sé ekki ein að eiga það.“ ■

Hádegis tilboð

alla virka daga frá 11.30 ~ 14.00

Humarsúpa & grillað fiskspjót

2.850 kr

Geirsgötu 8 • 553 1500

„Ég varð mjög fegin þegar ég sá nýjan dag byrja“

Heiðrún fékk blóðtappa í heila – Skjót viðbrögð Skarphéðins björguðu henni

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is

Eftir hefðbundinn vinnudag mánudaginn 8. október á síðasta ári sat Heiðrún Jóhannsdóttir, 43 ára, ásamt dóttur sinni og eiginmanninum, Skarphéðni Leifssyni, við eldhúsborðið þar sem þau spjölluðu saman um daginn og veginn. Dóttir Heiðrúnar hafði komið við í heimsókn til foreldra sinna og eftir stuttu spjall fór hún inn í gamla herbergið sitt að sækja hluti til þess að taka með sér heim, en hún var þá tiltölulega nýflutt að heiman.

Heiðrún sat við eldhúsborðið en eiginmaður hennar stóð upp til þess að ganga frá kaffibollunum. Heiðrún hafði ákveðið að fara á hlaupaæfingu og sá að hún þyrfti að fara að gera sig klára fyrir og gerði sig því líklega til þess að standa upp.

„Þá fékk ég svona eins og skot,



höfuðverkjarskot framan í ennið og mér fannst eins og það væri að

líða yfir mig. Fannst ég vera eitthvað voðalega skrítin. Ég lagðist augnablik fram á borðið og hélt að þetta myndi líða hjá en þegar ég ætlaði svo að reisa mig upp var ég orðin enn þá verri, með höfuðverk og svima. Ég fann þá að ég var líka orðin dofin í vinstri handlegg og hann lak niður. Ég reisti mig upp og sagði við manninn minn: „Skarphéðinn, ég er eitthvað skrítin.“ Um leið og ég sagði þetta þá heyrði ég að ég sagði þetta mjög skringilega, svona drafandi. Þá var ég líka orðin dofin í andlitinu vinstra megin. Maðurinn minn kom til mín og studdi við mig. Hann kallaði á dóttur mína: „Hringdu á sjúkrahíl. Núna!“ Hann áttaði sig strax á því hvað gæti verið í gangi, en var þó mjög rólegur meðan á þessu stóð,“ segir Heiðrún í viðtali við DV.

Hefur ávallt verið við góða heilsu

Heiðrún er uppalin í Svarfaðardal en hefur verið búsett á Akureyri í rúm tuttugu ár. Þar stundaði hún leikskólakennaranám ásamt meistaranámi við Háskólann á Akureyri og hefur síðan þá starfað sem leikskólakennari. Heiðrún hefur ávallt verið mjög hraust og dugleg að hreyfa sig. Hún á þrjú börn með eiginmanni sínum, tvo stráka, 11 og 14 ára, og tvítuga stelpu.

Síðasta vetur fékk Heiðrún skyndilega blóðtappa í heila sem hafði engin boð gert á undan sér. Heilsa hennar var góð og hún æfði hlaup af kappi.

„Meðan á þessu öllu stóð þá endurtók ég mig aftur og aftur og sagðist vera eitthvað skrítin. Tilfinningarnar fóru á flug og ég réð ekkert við tárin og ekkann. Yngri sonur okkar sat hinum megin við borðið, horfði á mig og hélt í hendina á mér. Hann var pollrólegur meðan á þessu stóð, en ég veit að hann skældi með systur sinni eftir að ég fór á sjúkrahúsið. Dóttir okkar hringdi á sjúkrahíl og ég heyrði að hún var að reyna að gefa þeim sem bestar upplýsingar og bað þá um að flýta sér. Ég fann að dofinn var komin niður í fætur en mér fannst ég samt

„Ég var rúmliggjandi, stíf í kjálkanum fram á kvöld og brosti bara út í annað.“ / Mynd: Aðsend



“Hringdu á sjúkrahíl. Núna!”

vera að lagast og róast. Ég sagði manninum mínum að ég héldi að ég væri að verða betri en hann sagði mjög ákveðinn við mig að ég færi nú samt upp á sjúkrahús. Á því augnabliki kom sjúkrahíllinn og þau fóru beint í að mæla blóðþrýstinginn sem var mjög hár. Fljótlega áttuðu þau sig á hvað var í gangi og hjálpuðu mér niður stigann heima hjá okkur og á börurnar. Ég var enn dofin vinstra megin og var hrikalega kalt.“

Réð ekki við tilfinningarnar

Þegar á sjúkrahúsið var komið beið herdeild af læknum og hjúkrunarfræðingum eftir Heiðrúnu og segir hún hvern og einn hafa vitað nákvæmlega hvert sitt hlutverk var.

„Allir unnu nákvæmt og öruggt. Ég var aldrei óörugg á bráðadeildinni eða í sjúkrahílunum. Það voru allir mjög öruggir, rólegir og faglegir í sínum vinnubrögðum og greindu mér frá því hvað þau væru að hugsa og hvað þyrfti að skoða. Fljótlega var ég send í segulómun og þar var mér alveg svakalega kalt, ég skalf öll og enn láku tár þar sem ég var í einhverjum tilfinn-

ingalegum rússíbana og réð ekki við neitt. Í segulómuninni kom í ljós að það var blóðtappi í heilanum á mér en sem betur fer var enginn blæðing út frá honum. Ég var því send á gjörgæslu og fékk segavarnandi lyf í æð sem áttu að leysa tappann upp. Um nóttina var lítið sofði þar sem ég var með alls konar slöngur tengdar við mig. Ég var rúmliggjandi, stíf í kjálkanum fram á kvöld og brosti bara út í annað. Ég viðurkenni alveg að á tímupunkti var ég mjög hrædd og ég var bangin að fara inn í nóttina, ég varð mjög fegin þegar ég sá nýjan dag byrja.“

Heiðrún fékk síðar þær upplýsingar að vegna þess hve snemma hún komst undir læknishendur og lyfjagjöf þá hafi hún ekki verið í lífshættu.

„Pabbi minn lést árið 2015 í stofunni við hliðina á þeirri sem ég lá í og ég sagði við hann út í loftið að þetta væri ekki minn tími. Ég held að hann hafi hlustað á mig.“

Orsökina var gat á milli gátta í hjartanu

Daginn eftir fékk Heiðrún staðfestingu á því að um blóðtappa

EIGUM MARGA LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á mt.is og í s: 580 4500

MÁLMTÆKNI
ÁL • STÁL • PLAST



banthai

RESTAURANT

Laugavegur 130, Reykjavík



BEST THAI FOOD 2019

ALSO BEST : 2009, 2010, 2011, 2012, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017 and 2018

BEST GOD DAMM RESTAURANT 2011 **TOP TEN** : BEST RESTAURANTS IN ICELAND

DV. 17.06.11

kynning

Tælenski veitingastaður **MiXED** *úrval af vinsælum thailenskum réttum*



opnunartími

11.30 – 21.30

**16.00 – 22.00 fös - lau
lokað á sun**

Tælenski veitingastaðurinn Mixed er frábær staður þar sem að þú færð góðan hádegismat á sanngjörnu verði.

Mixed var áður hinn vinsæli NanaThai sem var staðsettur í Skeifunni en er nú á Hverfisgötu 125 fyrir ofan Hlemm undir nafninu Mixed.

Mixed hefur sömu eigendur og hinn margverðlaunaði staður BanThai. Endilega komdu og prófaðu!

mixed.is

Hverfisgata 125, 105 RVK, ofan við Hlemm
mixed@mixed.is, tel : 588-1810 / 588-1818





Heiðrún var tengd við hjartasírita / Mynd: Aðsend



„Öll þessi skjótu viðbrögð gerðu það að verkum að ég fékk eins skjótan bata og raun ber vitni.“ / Mynd: Aðsend



„Ég setti mér það markmið að æfa mig rosalega vel fram að aðgerð.“ / Mynd: Hanna

Þetta er verkefnið mitt núna og ég geri það besta úr því

Í heila hefði verið að ræða þar sem enn sást í leifarnar á honum. Næsta skref var því að finna út úr því hvað hafði orsakað tappann og hvernig hann hefði komist upp í heila.

„Þá fór ég í hjartaskoðun í gegnum vélindað og þar kom í ljós að ég er með gat á milli gátta í hjartanu. Ég hef líklega fengið einhvern óreglulegan takt í hjartað og þá hefur tappinn komist þar í gegn og ferðast upp þar til hann endaði í þröngu æðunum í heilanum. Þetta er ekki ættgengt eða fæðingargalli þar sem þetta er fæðingaropið sem á að lokast en hafði ekki gert það hjá mér. Ég hafði ekki hugmynd um að þetta op væri opið hjá mér, og af hverju þetta gerðist núna en ekki síðar eða fyrr getur enginn vitað.“

Heiðrún dvaldi í þrjá daga á sjúkrahúsinu og var nokkuð fljót að jafna sig þrátt fyrir mikla þreytu og hægagang. Var hún sett á blóðþynningarlyf sem hún þarf að taka enn þann dag í dag og fékk hjartasírita til þess að fylgjast með hjartslætti og gáttatífi.

Andlegt og líkamlegt áfall

„Svo var ákveðið að senda beiðni til Landspítalans um aðgerð til þess að loka gatinu og verður þrætt upp í gegnum nára og gatinu þannig lokað. Ég fer í þessa aðgerð núna í maí. Þegar ég lá á gjörgæslunni var einstaklega vel hugsað

um mig. Þar á maður að kvarta og láta vita af öllu. Eftir að hafa verið með síritann í viku bað ég um viðtal við hjartalækni af því að mig vantaði svör við mörgum spurningum eftir þetta allt saman, og líka til að fara yfir hvað gerðist. Ég veiktist, fór heim og framhaldið var einhvern veginn svo óljóst og margar spurningar sem vöknudu upp. Þetta var svakalegt áfall bæði andlega og líkamlega. Við fengum að hitta Gunnar Þór hjartalækni sem fór með okkur yfir ferlið alveg frá A-Ö. Hann svaraði öllum okkar spurningum og við fórum mjög jákvæð og bjartsýn út af þessum fundi. Þetta var einmitt fundurinn sem við þurftum á að halda, tveimur vikum eftir áfallið. Að liggja á sjúkrahúsinu á Akureyri var dásamlegt þótt maður vilji nú helst ekki vera þar, en allt starfsfólkið var svo nærgætið og yndislegt að það á fyllstu þakkir skildar fyrir. Það eina sem ég hefði þó viljað fá eða verið boðið var að fá að tala við félags- eða sálfræðing. Andlega hliðin var lengi mjög viðkvæm og tilfinningar mínar voru út og suður.“

Þrátt fyrir alla erfiðleikana tók Heiðrún ákvörðun um að leyfa sér að vera í uppnámi í smá tíma en ætlaði svo að rífa sig upp og takast á við allt saman.

„Ég var búin að ákveða að ég myndi gráta í klukkutíma og verkenna mér. Gráta yfir því hvað

ég var heppin og gráta yfir því að ég var heima þegar þetta gerðist. Gráta yfir því að þetta kom fyrir mig og gráta yfir velvild fólks. Svo ætlaði ég að rífa mig upp og takast á við þetta. Egill, þjálfarinn minn í TFW, sendi mér skilaboð um að eftir niðursveiflu kæmi krafturinn og ákveðnin í að sigra og ég ákvað að fara eftir því. Maður fer á botninn og spyrnir sér svo upp. Við fjölskyldan ræddum þetta mikið og ég reyni að segja börnunum mínum hvað sé í gangi, hvað hafi gerst og hvernig aðgerðin verður. Ég ákvað líka mjög snemma að segja frá því sem gerðist þar sem þetta spurðist hratt út. Ég fékk ótrúlega mörg og falleg skilaboð og kveðjur og ég þurfti stundum að lesa þær í mörgum hollum því ég sat bara og skældi yfir væntumþykju og góðmennsku fólks. Ég fylltist svo miklu þakklæti og auðmýkt að ég átti mjög erfitt með að ná utan um það á tímabili og geri stundum enn. Þá held ég að það hafi hjálpað mér andlega að hafa talað opin-skátt um þetta. Ég er frekar opin og jákvæð manneskja og á mjög auðvelt með að sýna tilfinningar mínar þannig að það hefur hjálpað líka.“

Lífir í voninni

Heiðrún segist mikið hafa velt því fyrir sér hvers vegna hún hafi lent í þessu.

„Manni finnst að það séu einhver skilaboð á bak við þetta og það truflaði mig lengi að finna ekki út úr því hvað þetta var að segja mér. Hvað ég ætti að gera við þetta áfall, þessa reynslu. Ég er svo sem ekki enn búin að átta mig á því en dóttir mín talaði um að það væri verið að hægja á mér eða endurræsa mig. Þetta hefur svo sem hægt á mér á margan hátt þótt ég hafi náð mér ótrúlega vel, og margir litlir hlutir hafa breyst. Lengi vel afboðaði ég mig á fundi og hittinga þar sem ég var frekar uppgefin. Ég á líka erfitt með áreiti sem er kannski ekki hentugt í leikskólanum en þar eru stundir þar sem ég get kúplað mig út og oftast

finnst mér best að koma heim eftir daginn og hvílast. Mér er alltaf frekar kalt og því eru ullarsokkar og hlýjar peysur staðalbúnaður heima á kvöldin. Ég upplifi oftast suð í eyrum og þarf að passa svefninn minn vel. Ég átti erfitt með erfiðis- og ákafavinnu og tók mér því pásu í ræktinni. Í dag er ég mjög meðvituð um mig og ég finnst til dæmis þegar blóðþrýstingurinn fer upp og hvíli mig þá. Ég ákvað að lifa ekki í óttanum, þótt ég hafi auðvitað verið hrædd á ákveðnum tímamarki. Í stað óttans ákvað ég að lifa í voninni, ég trúi því að það sé alltaf von. Þetta er verkefnið mitt núna og ég geri það besta úr því.“

Fyrir blóðtappann hreyfði Heiðrún sig mikið og hikaði aldrei við að fara ein í fjallgöngur eða hlaupaæfingar. Eftir áfallið gat hún minna hreyft sig og vegna óvissu fannst henni betra að vera með eiginmanni sínum þegar hún fór út.

„Fyrst fórum við bara hring í götunni og svo lengdum við það alltaf aðeins. Ég var mánuð heima í veikindaleyfi og fór þá aftur að vinna en ég var mjög þreytt og uppgefin. Sem betur fer er ég með frábæran yfirmann og yndislegt samstarfsfólk sem hefur stutt mig og sýnt mér fullan skilning í þessu ferli. Í janúar ákvað ég að hlusta almennilega á líkamann og hætti tímabundið í ræktinni, ég var alltaf svo örmagna í líkamanum og vöðvunum að ég gat þetta ekki. Ég ákvað í staðinn að reyna að hlaupa og byrjaði hægt og rólega. Ég varð að hafa eitthvað til þess að stefna að og fyrst ég hafði komist þokkalega út úr þessu ákvað ég að markmið sumarsins væri að hlaupa 21,1 kílómetra í Reykjavíkumaraþoninu. Ég fékk að vita að aðgerðin yrði framkvæmd í maí og það létti mikið á mér. Ég setti mér það markmið að æfa mig rosalega vel fram að aðgerð og prófa að hlaupa hálfmaraðon. Þetta hefur gengið eftir, ég er búin að eiga frábæran apríl í æfingum, hef lengt hlaupin töluvert og náði að hlaupa

hálfmaraðon í lok apríl. Ég er ekki á neinum brjálæðislegum hraða og geri þetta bara örugglega.“

Nauðsynlegt að fólk fái fræðslu

Þegar Heiðrún skráði sig í Reykjavíkumaraþonið vildi hún að það hefði einhvern tilgang og ákvað því að finna sér samtök til þess að styrkja.

„Það myndi virka sem hvatning fyrir mig ef fólk heitir á mig. Ég var svolitla stund að velja samtök því að meðan á öllu þessu stóð kom líka í ljós í haust að ég er með BrCa2 og hef ég verið að hitta lækna og hjúkrunarfræðinga út af því líka. Þannig að þegar það koma skilaboð eða bréf frá Landspítalanum þá veit ég aldrei hvort það er út af hjartanu eða brjóstunum. Ég gat því valið úr nokkrum samtökum sem snertu mig en ég ákvað að hlaupa fyrir Hjartaheill að þessu sinni. Ég hef ekki mikið leitað til þeirra samtaka í gegnum áfallið mitt, kannski hef ég ekki verið tilbúin í það enn þá, en ég hef lesið mikið af efni á heimasíðunni þeirra. Ég hvet fólk til þess að kynna sér efnið þar og að fara reglulega í skoðun og láta mæla blóðþrýsting og blóðfitu ásamt því að fara í þolpróf hjá hjartalækni. Mér finnst nauðsynlegt að fólk fái fræðslu og þekki einkenni heilablæðingar og blóðtappa og kunni og geti brugðist rétt við. Það sannaðist heldur betur með mig þar sem við hringjum á sjúkrahól klukkan 17.00, ég er innrituð á bráðadeild klukkan 17.15 og komin með lyf í æð klukkan 18.00. Öll þessi skjótu viðbrögð gerðu það að verkum að ég fékk eins skjótan bata og raun ber vitni. Heppnin í óheppninni var að þetta gerðist við eldhúsbordið heima hjá mér, ég var með fólk í kringum mig, fólk sem þekkti einkennin og brást hárrétt við. Ég hefði getað verið að keyra bílinn eða verið rokin upp á fjall.“ ■

Hægt er að heita á Heiðrúnu og styrkja Hjartaheill á síðu Reykjavíkumaraþonsins undir nafni hennar: Heiðrún Jóhannsdóttir



ÞAK.IS:

Reynsla og þekking er besta auglýsingin

Fyrirtækið Þak.is var stofnað 2008 og í dag starfa fjórir iðnaðarmenn með gífurlega reynslu hjá fyrirtækinu. „Við þjónustum einstaklinga, húsfélög sem og stærri eða minni fyrirtæki um land allt,“ segir Ólafur Ragnar Ólafsson, eigandi Þak.is.

„Þak.is býður upp á alla þá þjónustu sem viðkemur húsaviðhaldi innan- sem utan-dyra. Þá tökum við að okkur breytingar á heilum íbúðum innendurnýjum eldhúsi eða baðherbergi, sjáum um flísalögn, málun, uppsetningar eða niðurrif á veggjum og fleira.

Utandryra erum við í endurnýjun eða viðgerðum og sjáum t.d. um þakskipti, endurnýjun þakrenna, bárujárnsklæðningar og aðrar veggklæðningar. Einnig erum við í þakmálun, setjum upp og gerum við þakkanta, framkvæmum gluggaskipti, setjum upp blikk flassningar, erum í pallasmíði og margt, margt fleira.“

Er þakið þitt í lagi?
Það er alltaf mikilvægt fylgjast með þakinu; hvort það sé kom-

inn tími á að skipta um það eða lengja endingartíma þaksins með þakmálun. Þak.is býður upp á mat á því og öllu öðru, viðskiptavinum sínum að kostnaðarlausu.

„Í þakklæðningar notum við mikið til bárujárns úr alusinki eða stallað ál, eftir því hvað kunninn vill. Þessi efni hafa sýnt og sannað hvað þau eru endingargóð og duga vel í íslenskri veðráttu og það er þess vegna sem við notum þau. Við lendum því miður oft í því að endurvinnna þeir eftir verktaka sem hafa ekki þekkingu og skila frá sér verkum hálfkláruðum eða í verra ástandi en áður en þeir tóku við því. Þetta er sorgleg staðreynd, en sýnir bara að það borgar sig að skipta við aðila sem kunna til verka,“ segir Ólafur.

Nánari upplýsingar má nálgast á facebooksiðunni þak.is.

Heimasíðan thak.is er lokuð vegna breytinga.

Hafðu samband í síma 699-6980.

Netpóstur: thak@thak.is





Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Breska poppsveitin Duran Duran var lengi vel vinsælasta hljómsveitin hér á landi og addáendurnir einhverjir þeir staðföstu. Hún var

stofnuð árið 1978 og varð fljótlega heimsþekkt. Duran Duran hefur gengið í gegnum miklar mannabreytingar í gegnum tíðina en um aldamótin komu upprunalegu meðlimir sveitarinnar aftur saman og hafa starfað sleitulaust

síðan þá. Munu þeir troða upp í Laugardalshöllinni þann 25. júní næstkomandi. DV ræddi við Roger Taylor, trymbil Duran Duran, um tónlistina, sögu sveitarinnar, frægðina og fleira.

„Ég þekki Björk“
Duran Duran kom hingað til lands árið 2005 og hélt tónleika í Egils-höll. Roger Taylor man vel eftir þeim tónleikum. Hann segir:
„Ég hef mikið hugsað um þá. Þetta var frábært kvöld og heimsókn. Þá var ekki langt síðan við komum saman aftur og það var mikið að gera hjá okkur. Því miður höfðum við ekki mikinn tíma til að skoða okkur um. Við stoppuðum hérna í aðeins tvær nætur. En ég man að þetta er heillandi staður og eftirminnilegur.“
Þekkir þú íslenska tónlist?
„Ég þekki Björk,“ segir Roger eftir smá hik og hlær.
Hverju megum við eiga von frá ykkur núna?
„Við höfum gefið út nokkrar plötur síðan við komum síðast. Tónlistarsafnið hefur því stækkað og tónleikarnir verða sífellt fullgerðari, ef svo má segja. Við elskum samt að spila gömlu lögin, hittarana frá því snemma á níunda áratugnum. Við hlökkum mikið til að koma.“

verksmiðjunum. Allir í minni fjölskyldu, marga ættliði aftur, unnu með höndunum. Sem trommari geri ég það nú upp að vissu marki líka,“ segir Roger og hlær. „Þetta var verkafólk en faðir minn elskaði tónlist og smitaði mig af þeim áhuga. Þegar hann kom heim á kvöldin kenndi hann mér á klassískan gítar, spænskan gítar og hvað sem hann gat komið höndum yfir. Ég kenndi mér sjálfur að spila á trommurnar þegar ég var tólf ára og varð sá fyrsti í minni fjölskyldu til að sleppa úr hinu hefðbundna verkamannalífi. Faðir minn hafði mikla trú á sjálfkennslu, að maður gæti lært nánast hvað sem er ef maður læsi nógu mikið og æfði sig. Ég á honum og hans heimssýn mikið að þakka.“
Hafði harða rokkið áhrif á þig?
„Ég fór og sá flest þessi bönd sem unglingur og þau gerðu það að verkum að við höfðum trú á að það væri hægt að komast burt og „meika“ ða.“ Við fórum allt aðra leið og vorum að einhverju leyti undir áhrifum frá pönkbylgjunni. En þessi eldri og þyngri bönd gáfu okkur trúna.“

Planid leit vel út á blaði
Roger segir að Duran Duran hafi ekki tekið sig af neinni léttúð í upphafi. Þeir voru með áætlun um að sigra heiminn, jafn vel áður en ein einasta nóta var komin niður á blað.

„Við vorum aðeins rétt byrjaðir, John (Taylor) var nýbúinn að skipta úr gítar yfir í bassa, Nick (Rhoads) var nýbúinn að kaupa sér hljómborð. Við vorum ekki enn komnir með söngvara. Við vissum í raun ekkert hvað við vorum að gera, en við ætluðum að

Gerid gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa

MEMORY Deluxe
Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann
Aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Verð með botni og fótum:
80x200 cm
Verð aðeins kr. 74.900.-

VALHÖLL
5 svæðaskipt heilsudýna
Góð millistífl heilsudýna á frábæru verði. Pokagormakerfi, gæðabólstur. Verð með botni og fótum:
80x200 cm
Verð aðeins kr. 74.900.-

SAGA / FREYJA
Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur
Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirbúna, sterkir hliðarkantar, gæðabólstur. Verð með botni og fótum:
80x200 cm
Verð aðeins kr. 94.900.-

Umboðsaðilar: Húsgagnaval | Höfn | Bara snilld ehf. | Egilsstöðum



”Við vissum í raun ekkert hvað við vorum að gera, en við ætluðum að spila í Madison Square Garden í New York innan tveggja ára.

spila í Madison Square Garden í New York innan tveggja ára. Það var brjáluð hugmynd því við vorum ekki einu sinni komnir með umboðsmann. Tímaramminn stóðst ekki alveg, en við spiluðum í Madison Square Garden árið 1983, fimm árum eftir að hljómsveitin var stofnuð. Og við gerðum það af krafti viljans eintómum.“

Á þessum tíma varð Duran Duran eitt stærsta band heimsins, hljómsveitin seldi milljónir platna, spilaði um allan heim og var mikill frumkvöðull í myndbandagerð. Gula pressan og paparrassar hundeltu þá og fjölluðu um hverja hreyfingu.

Voruð þið búnir undir frægðina?

„Nei,“ segir Roger og flissar. „Við vorum ekki búnir undir frægðina. Þessi áætlun okkar leit mjög vel út á blaði og ég hafði viljað vera í stóru rokk- eða poppbandi síðan ég var tólf ára. En þegar þetta raungerðist vorum við ekki undirbúnir. Við vorum rúmlega tvítugir, með milljónir inni á bankareikningum, ekkert einkalíf. Við vorum líka allir frægir, ólíkt mörgum öðrum böndum þar sem einn eða tveir verða stórstjörnur. Ég myndi ekki vilja fara aftur í tímann og breyta neinu því þetta kom okkur á þann stað sem við erum á í dag. En, nei, við vorum langt því frá undirbúnir. Við gátum ekki gengið úti á götu án þess að ljósmyndari væri að elta okkur.“

Eins og oft vill verða þá fylgir töluvert partíhald lífinu á tón-

leikaferðalögum. Roger segir að það hafi alveg átt við um Duran Duran.

„Já, kannski misstum við stjórnina nokkrum sinnum,“ segir Roger og hlær dátt. „Ef þú tekur nokkra tvítuga gutta, dælir peningum inn á reikningana þeirra og sendir þá í kringum hnöttinn þá mun alltaf eitthvað misjafnt gerast. Við vorum hömlulausir á þessum tíma, fullir af krafti og sköpunargleði. Vegna frægðarinnar þá bólgaði sjálfsálitið líka. Á tónleikaferðalagi er mikið af dauðum tíma. Maður er á sviði í klukkutíma og þarf einhvern veginn að fylla tímann. Alltaf á nýju hóteli og í nýrri borg. Hvað gerir maður þá? Jú, maður djamar. Hjá okkur var þetta sennilega ansi villt um tíma.“

Vildi venjulegt líf

Árið 1986 sagði Roger Taylor skilið við Duran Duran. Þá var hljómsveitin á hápunkti frægðarinnar. Árið áður áttu þeir lagið A View to a Kill úr samnefndri James Bond kvikmynd og spiluðu á styrktartónleikunum Live Aid sem einn og hálfur milljarður manns fylgdist með í sjónvarpi.

„Ég þurfti að stíga til hliðar um tíma. Á þessum tíma var allt orðið svolítið brjálað. Við vorum fyrsta hljómsveitin sem var í blöðunum á hverjum degi. Ritsstjórar gulu pressunnar ákváðu að þeir vildu að poppstjörnur yrðu hluti af daglegri umfjöllun. Allt sem við gerðum eða sögðum komst í fréttirnar og það var of mikið fyrir mig. Ég

”Ef þú tekur nokkra tvítuga gutta, dælir peningum inn á reikningana þeirra og sendir þá í kringum hnöttinn þá mun alltaf eitthvað misjafnt gerast.

ætlaði aðeins að taka mér pásu í stuttan tíma, en það varð að mörgum árum. Ég vildi venjulegt líf, þótt það sé kannski ekki hægt eftir að hafa verið í Duran Duran.“

Roger flutti á bugarð í Englandi og eignaðist börn og buru. Hann hugsaði líf sitt upp á nýtt en skildi þó ekki alveg við tónlistina. Á tíunda áratugnum hreift hann af danstónlistinni sem tröllreið öllu á þeim tíma. Hann fór að semja að nýju og gerðist plötusnúður um tíma. Duran Duran hélt áfram störfum en gekk í gegnum manna-breytingar.

„Í kringum aldamótin hringdi John í mig og sagði að upprunalega bandið væri að koma aftur saman og hvort ég vildi ekki vera með. Ég hélt að Duran Duran væri búin að vera á þessum tímamarki. Ég var því hikandi þegar hann hringdi og þurfti að liggja á þessu yfir nótt. Síðan hringdi ég til baka og sló til.“

Var dýnamíkin sú sama í bandinu þegar þú komst til baka?

„Nákvæmlega sú sama,“ segir Roger og hlær. „Samt höfðum við allir verið að gera mismunandi hluti á meðan við vorum í sundur. Fólk reynir að breyta sér en í grunninn erum við öll þau sem við erum. Eitt af því sem gerir dýnamíkina í bandinu svo góða er hversu ólíkir við erum. Það heldur okkur skapandi.“

Er það sveipað jafn miklum ljóma í dag að túra um heiminn?

„Ef ég á að vera hreinskilinn þá held ég að það hafi aldrei verið

sveipað miklum ljóma. Við erum annaðhvort á tónleikastaðnum, á hóteli eða flugvelli. Það koma þó dagar þar sem við eigum frí og getum skoðað okkur um. Í dag erum við líka mun rólegri og yfirvegaðri en við vorum áður fyrr og einbeittum okkur að tónleikunum sjálfum.“

Ekkert fimm ára plan

Margar eldri hljómsveitir hætta að gefa út nýtt efni á einhverjum tímamarki. Þær endurnýja sig ekki og spila aðeins eldra efni. Það er ekki hægt að segja um Duran Duran sem gefur sífellt út nýjar plötur þótt hljómsveitin flytji einnig eldra efni í bland á tónleikum. Síðan Roger gekk aftur til liðs við sveitina hefur Duran Duran gefið út fjórar plötur og sú nýjasta, Paper Gods frá árinu 2015, náði töluverðum vinsældum.

„Við erum að vinna að nýrri plötu núna,“ segir Roger. „Hún kemur sennilega út á næsta ári. Á síðustu plötunni fórum við vel inn í elektróníkuna en á þeirri næstu förum við nær rótum okkar á níunda áratugnum. Við erum ekki bundnir af neinu og getum farið í hvaða átt sem við viljum í lagasmíðinni. Það er bara eitthvað sem gerist af sjálfu sér. Við ræðum ekkert sérstaklega hvaða stefnu við ætlum að taka.“

Er yngra fólk móttækilegt fyrir tónlistinni ykkar?

„Já, við sjáum töluvert af yngra fólki á tónleikaferðalögum okkar. Í dag er tónlistarneysla orðin svo

breytt. Áður fyrr var alltaf fyrirfram ákveðinn farvegur sem tónlistin varð að fara, í gegnum útgáfufyrirtæki, tónlistarpressuna og gagnrýnendur. Fólk las þetta og keypti plötur byggð á þeirri gagnrýni. Nú hlustar fólk á tónlistina á netinu, kynnist fleiru og lætur ekki aðra stjórna því hvað það hlustar á. Ungt fólk í dag nálgast tónlistina okkar án fyrirframgefinnna skoðana.“

Hefur þinn trommustíll breyst?

„Já, mjög svo. Ég sé þetta þegar ég horfi á gömul myndbönd af sjálfum mér. Ég var alinn upp á pönki og allt snerist um kraft og hraða. Í dag er ég orðinn mun mildari og fagaðri í hreyfingum, með meira grúví en áður.“

Býstu við að hljómsveitin haldi áfram í mörg ár til viðbótar?

„Ég hreinlega veit það ekki. Við ræðum það aldrei og reynum að lifa í núinu, eins og sagt er. Núna erum við að einbeita okkur að nýju plötunni og lagasmíð fyrir hana. Svo förum við á tónleikaferðalag eftir útgáfu hennar. Við hugsum ekki lengra fram í tímann en það. Það er ekkert fimm ára plan.“

Roger segir að meðlimir Duran Duran séu góðir vinir, frekar en hljómsveitarfélagar, en þó eyði þeir ekki öllum frítíma sínum saman. Í dag hafa þeir meiri skilning hver á öðrum og setji ekki óþarfa pressu á sig. En það var ekki alltaf svo.

„Áður fyrr vissum við ekki hvernig við áttum að tala saman. Það safnaðist sífellt upp kergja og að lokum funkeruðum við ekki sem heild. Við ólumst upp í Birmingham á sjöunda og áttunda áratugnum og lærðum því ekki að ræða hlutina. Í dag er miklu betri skilningur á milli okkar og virkilega góð og lífseig vinátta.“ ■

Duran Duran kemur til Íslands og heldur tónleika í Laugardalshöllinni þann 25. júní næstkomandi. Búast má við miklu sjónarspili frá poppurunum sem hafa plægt akurinn í fjörutíu ár, selt hundrað milljónir platna og unnið ótal verðlaun á ferlinum. Hægt er að nálgast miða á tónleikana hjá tix.is

GRÆNA TUNNAN

AUÐVELDAR FLOKKUNINA

Pappír, pappa, plast og minni málmhluti má setja beint í tunnuna - Muna að skola

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Pantaðu grænu tunnuna í síma 577-5757 eða www.igf.is/panta

Borgaryfirvöld í Berlín heiðra fórnarlömb nasista

Jarðsetja líkamsvefi líflátins fólks ■ Fundust í dánarbúi prófessors

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is

Amánudaginn voru 300 líkamsvefir úr fórnarlömbum nasista jarðsettir í Berlín. Það voru borgaryfirvöld sem stóðu fyrir þessu til að heiðra minningu hinna látnu. Vefirnir voru úr fólki sem nasistar tóku af lífi vegna pólitískra skoðana þess. Líkamsvefirnir fundust í dánarbúi Hermanns Stieve, læknis og prófessors við Charité-háskólasjúkrahúsið. Hann lést 1952 en ættingjar hans uppgötvuðu þetta vefjasafn fyrir þremur árum.

184 lík
Stieve starfaði með nasistum til að fá lík hjá þeim til rannsókna. Hann fékk 184 lík frá þeim, aðallega kvenmannslík, lík fólks sem var tekið af lífi vegna pólitískra skoðana. Líkamsvefirnir voru geymdir í litlum svörtum kössum á heimili Stieve og voru sumir þeirra merktir með nafni. Þegar líkamsvefirnir fundust voru þeir afhentir Charité-háskólasjúkrahúsinu. Það fól síðan minningarmiðstöð þýsku andspyrnuhreyfingarinnar að rannsaka sögu þeirra.

Rannsóknin leiddi í ljós að lík fólksins höfðu verið sótt af bílstjóra sem fór með þau til Stieve, stundum bara örfáum mínútum eftir að fólkið var tekið af lífi í Plötzensee-fangelsinu. Stieve krufði síðan líkin og hlutaði í sundur áður en hann brenndi þau og lét hverfa sporlaust. Tæplega 3.000 manns voru tekin af lífi í Plötzensee á valdatíma Hitlers. Fólkið var háls-



höggvið eða hengt.

Hélt nákvæma skrá
Þrátt fyrir að Stieve hafi losað sig við líkin á leynilegan hátt leyndi hann ekki starfsemi sinni, því hann hélt nákvæma skrá yfir þau og hvað hann gerði við þau. Aðaláherslu lagði hann á að rannsaka

æxlunarfæri fólks. Niðurstöður rannsókna hans voru meðal þeirra fyrstu sem bentu til að stress, af völdum þess að hljóta dauðadóm, gæti truflað tíðahring kvenna. Sum af fórnarlömbunum voru vel þekkt í Þýskalandi, þar á meðal 13 konur úr andspyrnuhreyfingu kommúnista.

Sum af fórnarlömbunum voru vel þekkt í Þýskalandi, þar á meðal 13 konur úr andspyrnuhreyfingu kommúnista.

Ákveðið var að jarðsetja líkamsvefina því fórnarlömbin voru aldrei jarðsett, og því fengu ættingjar þeirra aldrei neina vitneskju um hinsta hvíldarstað þeirra. Stieve hafði aðgang að líkum karlmanna, sem voru teknir af lífi, áður en nasistar komust til valda því konur voru ekki teknar af lífi fyrr en Hitler komst til valda. Hann

var því byrjaður á verkefni sínu löngu áður en nasistar komust til valda en vílaði ekki fyrir sér að starfa náið með þeim til að fá nægilega mörg lík til að geta stundað rannsóknir sínar. Hann var ekki sóttur til saka fyrir stríðsglæpadómstóli að stríðinu loknu því hann var ekki félagi í nasistaflokknum. ■



GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili
JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Dísellyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur




Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melabraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is





Gamla auglýsingin

Mánudagsblaðið 14. maí 1973

Mánudagsblaðið var djarft, klámfengið og menningarlegt

■ Fyrsta gula blaðið ■ Nektarmyndir á forsíðu

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Mánudagsblaðið naut mikillar sérstöðu í íslensku blaðaflóru um áratuga skeið. Blaðið var gróft og fréttirnar oft byggðar á sögugögnum. Þetta var einkennilegur bræðingur af kynferðislegum, og jafnvel klámfengnu efni, og sterkri umfjöllun um hámenningu. Að mestu leyti var blaðið skrifað af einum manni, Agnari Bogasyni, sem var mjög hægrisinnaður og íhaldssamur.

Hægriblað

Agnar Bogason gaf Mánudagsblaðið út í rúmlega þrjá áratugi.

Hann var fæddur í Reykjavík árið 1921 og uppalinn í miðbænum. Agnar útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1940 og hélt þá vestur til Bandaríkjanna til þess að nema tannlækningar. Hann skipti þá um gír og lauk háskólagráðu í fjölmiðlafræði í Chicago árið 1946. Þegar hann sneri aftur heim var hann stuttan tíma á Morgunblaðinu en stofnaði Mánudagsblaðið árið 1947.

Eins og nafnið gefur til kynna var Mánudagsblaðið vikublað og kom út á mánudögum. Það skar sig verulega úr flórunni á þessum tíma fyrir efnistösk og orðnotkun. Mætti segja að blaðið hafi verið það fyrsta héraðs sem telst til



Agnar Bogason
Skar sig úr fjölmiðlaflórunni.

gulu pressunnar. En á þessum tíma voru öll stóru dagblöðin í eigu stjórnmálaflokkanna og íhaldssöm í sinni framsetningu. Agnar var vissulega hægrisinnaður og faldi það ekki, en blaðið var óháð og ekki bundið Sjálfstæðisflokknum eða neinum öðrum stjórnmálaflokki.

Í fyrsta tölublaðinu, sem kom út þann 4. október árið 1948, stóð: „Enginn pólitískur flokkur né einstaklingur stendur á bak við ritstjórnina til þess að hafa áhrif á stefnu hennar eða hvað má birta og hvað ekki. Blaðið mun leitast við að verða lesendum bæði til gagns og fróðleiks og birta greinar sem snerta almenningshag.“

Strax á fyrstu tölublaðinu sást hins vegar hvar hollustan lá, bæði í innanlandsmálum og utan landsteinanna. Með borgaralegum öflum og gegn vinstriinu.

Æsifréttablað

Mánudagsblaðsins verður hins vegar ekki minnst fyrir þá pólitísku afstöðu sem tekin var. Heldur fyrir fréttir úr daglegu lífi Íslendinga, oft fréttir úr sollinum. Voru fyrirspurnir og fréttirnar sjálfar yfirleitt skrifaðar í æsifréttastíl sem var Íslendingum framaðandi á þeim tíma en var þekktur í Bandaríkjunum. Mikið var skrifað um áfengisdrykkju og lögreglumál henni tengd. Agnar skrifaði sjálfur stærstan hluta blaðsins, og augsjáanlegt að hann var vel tengdur inn í bæjarlífið, hjá leigubílstjórum, vertum og fleiri stéttum. Sjálfur viðurkenndi Agnar að hafa drukkið ótæpilega sjálfur.

Fréttirnar báru þess merki að hann hefði heyrt þetta og hitt frá félögum sínum. Oft voru stórar fullyrðingar um hvernig hinir og þessir hópar höguðu sér án þess að það væri skýrt neitt frekar. Sem dæmi má nefna langa grein frá 20. apríl árið 1970 þar sem fullyrt er að nemendur Verzlunarskólans

hafi allir stundað gegndarlausu fíkniefnaneyslu og stóðlífi og það með blessun skólastjórans.

Klámblað

Þegar liða tók á fóru kynferðismál að verða áberandi á síðum blaðsins og orðið stóðlífi kom glettileg oft fyrir. Ein frétt frá 1. október árið 1973 lýsir Mánudagsblaðinu vel og hvernig fréttir þar voru unnar.

„Til eru í Reykjavík eiturlyfjaklúbbar, eins og allir vita. Kunningi okkar lenti þar á dögnum og sagði sínar farir ekki sléttar. Hann brúkar ekki hass eða annað slíkt og var litinn hornauga fyrir bragðið. Út yfir tók þó þegar „gestirnir“, allir í kringum 15–18 ára, bæði kynin, hófu upp stóðlífi þarna, blönduðust hvert innan um annað og voru þar á ýmsum stigum samfara eða öðrum ástarleikjum. Hann sagði að þau hefðu verið allveg blygðunarlaus og ekkert haft á móti, þótt þeir sem ekki tóku þátt, horfðu á.“

Þrátt fyrir þessa heilögu vandlætingu greinarhöfundar var sífellt kjamsað á kynferðislegum málum. Einnig birtust í auknum mæli nektarmyndir, og þá helst af konum og ekki var hikað við að birta slíkar myndir á forsíðunni. Á áttunda áratugnum má eiginlega segja að blaðið hafi verið gegnsýrt af kynferðislegum málum og hreinlega klámfengið.

Menningarblað

Það sem stingur helst í stúf þegar gömlum tölublaðum af Mánudagsblaðinu er flett, er hin mikla menningarumfjöllun sem þar tíðkaðist. Innan um djarfar ljósmyndir, upphrópanir um kommúnista og blammingar á drykkjumenningu unga fólksins

má finna gagnrýni í löngu máli og skrifaða af talsverðri þekkingu um Ibsen, Shakespeare, Dalí og Woody Allen.

Leiklistargagnrýnin var ávallt hornsteinninn í menningarumfjöllun Mánudagsblaðsins og það sem skilaði sér hvað best út í samfélagið. Agnar sjálfur var í félagi leikdómara hjá Reykjavíkurbliðunum og sinnti skrifum um leiklist lengur en flestir aðrir. Félagið veitti verðlaunin Silfurlampann til þeirra sem þóttu hafa skarast fram úr í leiklist á hverju ári. Voru þau verðlaun undanfari Grímunnar.

En leiklist fékk ekki allt rýmið. Í Mánudagsblaðinu mátti einnig finna mikla umfjöllun um kvikmyndir, sjónvarpsþætti, myndlist, dans og sér í lagi bókmenntir. Þessi umfjöllun gat verið mjög harkaleg á köflum og listamenn fengið rækilega á baukinn ef Agnari fannst þeir ekki standa sig í stykkinu. Varð gagnrýnin oft mjög umtöluð í þjóðfélaginu þó að blaðið sjálft þætti ekki mjög fínt. Sjálfsagt hafa margir menningarvitar laumast í skjóli myrkurs til þess að kaupa blaðið og ekki sagt nokkrum manni frá því.

Fátækari en kirkjurotta

Fram til ársins 1970 voru að jafnaði prentuð um tólf þúsund eintök af Mánudagsblaðinu. Þá byrjaði salan að dala. Í viðtali við Vikuna árið 1979 greindi Agnar frá því að hann hefði fengið heilablóðfall árið 1974 og lamast hægra megin í líkamanum. Hann varð óvinnufær í heilt ár og útgáfan var stopul eftir það. Þegar viðtalið var birt var upplagið komið niður í þrjú þúsund eintök.

„Nú er ég líka fátækari en nokkur kirkjurotta, þrátt fyrir 20 ára útgáfustarf. Ég væri líklega stórríkur maður núna ef ég hefði haldið áfram í tannlækningunum en það átti ekki við mig að hanga yfir gapandi kjöftum,“ sagði Agnar.

Síðasta tölublaðið kom út þann 20. desember árið 1982. Agnar lést tæpu ári síðar. ■

Vandaðar innréttingar



Hjá Parka færðu flottar innréttingar í hæsta gæðaflokki. Mikið úrval.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig!

Parki
INTERIORS

Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



SKAGFIRSKUR GALDRAMADUR

■ Jónas Jónsson í Hróarsdal ■ Tók á móti hundruðum barna ■ Ritfær og iðinn

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is


Árið 1927 lá Jónas Jónsson, bóndi í Hróarsdal í Skagafirði, háaldraður á banalegunni. Hann átti áhuga-verðari og sérkennilegri ævi en margur annar bóndi í sveitinni og Íslandi ef út í það er farið. Hann var sagður vera göldróttur, átti galdrabók og stundaði lækningar. Hann var ómenntaður ljósfaðir og tók á móti hundruðum barna og átti fjölmörg sjálfur. Auk þess var hann skáld, leikritahöfundur, smiður og stjórnmálamaður. Verður hér stuttlega gerð grein fyrir ævi hins skagfirska galdramanns.

Eignaðist 33 börn

Jónas Jónsson var fæddur þann 20. septembermánaðar árið 1840 í Hróarsdal í Hegranesi. Foreldrar hans voru bændur þar. Jónas tók við búskapnum og kvæntist fyrstu eiginkonu sinni, Sigurbjörgu Sveinsdóttur, árið 1863. Var það ástríkt hjónaband en barnlaust. Önnur kona Jónasar var Elísabet Gísladóttir og var það hjónaband mun frjórra. Eignuðust þau tólf börn en Elísabet lést árið 1894. Þriðja eiginkona Jónasar var Lilja Jónsdóttir, sem var 32 árum yngri en hann. Þau gerðu betur og eignuðust 13 börn. Er þar ekki lokið upptalningu á börnum Jónasar því átta átti hann utan hjónabands og voru börnin því 33 talsins. Komust þau langflest á legg og urðu mörg langlíf. Árið 1985, þegar 145 ár voru liðin frá fæðingu Jónasar, greindi Þjóðviljinn frá því að sex börn hans væru enn á lífi.

Tók á móti 500 börnum

Jónas gekk aldrei menntaveginna en sankaði að sér fróðleik engu að síður, héðan og þaðan. Hann las bæði íslensk og erlend rit og var einn mesti tungumálamaður í bændastétt síns tíma. Sérstakan áhuga hafði Jónas á læknisfræði og stundaði lækningar þótt engin prófgráða væri til staðar. Jónas gerði þetta af hugsjón fremur en til gróða, og hann leyfði sjúklingum sínum að ákveða hversu mikið þeir borguðu honum fyrir viðvik og meðölin. Oft voru launin ekki mikil.



Galdrakver Jónasar
Tíminn 17. júní 1994.



Hjónin í Hróarsdal Jónas og Lilja, þriðja kona hans.

Lengi lá hann yfir bókum um sjúkdóma og reyndi að búa sjálfur til meðöl við þeim. Sagt er að hann hafi búið til formúlu til að slá á kíghósta. Einnig fór það orð af Jónasi að hans remedíur virkuðu betur en margra lærðra lækna og að fólk hefði læknað af illkynja sjúkdómum eftir að hann tók við meðhöndluninni af lærðum. En vitaskuld voru fræðin öðruvísi í þá tíð og sögusagnir áttu það til að verða ýktari þegar þær fóru manna á milli. Jónas beitti óhefðbundnum lækningum, hómópatíu og aðferð sem kölluð er alopapalækningar. Gjarnan notaði hann íslenskar lækningajurtir. Vin-

sælt var að kalla í Jónas þegar um fæðingar var að ræða. Sagt er að hann hafi tekið á móti fimm hundruð börnum og líklegast öllum sínum eigin. Sagt var að aldrei hefði kona dáið af barnsförum hjá honum.

Dverghagur og ritfær

Jónas var ekki aðeins vel lesinn maður heldur var verkunnátta hans mikil og þótti hann afburðafær í höndunum og iðinn. Smíðaði hann með tré, járn, silfri og jafnvel gulli og var sagður dverghagur. Fá ef nokkur voru þau störf sem hann gat ekki gengið inn í. Ekki varð hann þó ríkur af þessu frekar en

Sagt var að aldrei hefði kona dáið af barnsförum hjá honum

lækningunum og auk þess þurftu hann og eiginkonu hans að sjá fyrir risastórum barnahóp. Einnig stundaði Jónas störf fyrir sveitina. Hann sat í sýslunefnd Skagafjarðar í 26 ár og í hreppsnefnd lengi einnig. Er þá ekki upptalið allt sem Jónas vann sér til frægðar því að ritfær var hann einnig og skáld. Jónas orti fjölmörg ljóð og vísur, skrifaði leikrit og greinar í blöð og tímarit. Hér er dæmi um kveðskap Jónasar, vísan „Eg held bjargist Ísaland.“

*Eg held bjargist Ísaland
að þó nokkuð þrengdi,
Efað bróðurástarband
Alla saman tengdi.*

Dularfullt galdrakver

Það undarlegasta sem Jónas festi á blað var af allt öðrum og tor-

skildari meiði. Galdrakver með þulum, rúnum og táknnum, 25 blaðsíður í heildina. Ekki er vitað hvenær Jónas skrifaði upp galdrana og ekki er vitað hvort hann skrifaði þá upp eftir öðru riti. Hverju sem því líður vissu Skagfirðingar að Jónas ætti kverið og gekk sú saga í sveitinni að hann væri göldróttur. Sennilega hefur áhugi hans á lækningum og grasmæðlum haft sitt að segja varðandi það. Galdrakverið fannst í fórum afkomenda Jónasar og er það nú geymt hjá Stofnun Árna Magnússonar.

Þegar Jónas var kominn á níðræðisaldurinn var hann orðinn slitinn og hrumur. Sinakreppa hrjáði hann og lá hann því rúmfastur árum saman. Þó að líkaminn hafi verið farinn að gefa sig var hann ern og ungur í anda. Lést hann loks árið 1927. ■

dk

Pos afgreiðslukerfi fyrir verslun og þjónustu

Afgreiðslu- og sjálfsafgreiðslukerfi



Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

Hafið samband við okkur og fáid kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.



Færum bókhald til framtíðar!

Aukin sjálfvirknivæðing bókhalds er staðreynd og dregur stórkostlega úr vinnu og kostnaði við rekstur. Margir telja að innan fárra ára muni bókhaldið alfarið færa sig sjálft.

Hvernig búum við okkur undir nýja framtíð?

Aðalfyrirlesari er Erik Damgaard en viðskiptalausnir hans hafa mótað rekstur fyrirtækja um allan heim á síðustu 30 árum. Erindi Eriks ber titilinn *Optimize Your Business* og gefur þér góða mynd af því hvaða skref þú getur tekið núna til að búa undir stafræna framtíð. Erik er stofnandi og forstjóri Uniconta, sem fer nú sigurför um heiminn. Hann hefur áður komið til Íslands og haft hefur verið eftir honum í erlendum fjölmiðlum Ísland sé einn af lykilmörkuðum Uniconta.

Miðvikudaginn 22. maí, 2019

- 08:30 Skráning og morgunverður
- 08:45 Setning ráðstefnu
- 09:00 Erik Damgaard, Uniconta – Optimize Your Business
- 10:30 Kaffihlé – opið sýningarsvæði
- 11:00 Linda Rut Benediktsdóttir & Jónas Magnússon, RSK – Nordic Smart Government
- 11:30 Ari Eldjárn – slær á léttu strengi
- 11:50 Kristján Mikalsson, Rafmyntaráð – Af hverju eru allir að tala um bálkakeðjur?
- 12:20 Pallborðsumræður
- 12:45 Opið sýningarsvæði og léttar veitingar

Fundarstjóri er Ingvaldur Thor Einarsson, frkv.stj. Uniconta á Íslandi.

Staðsetning

Icelandair Hotel Reykjavík Natura
Nauthólsvegi 52
101 Reykjavík

www.framtidarbokhald.is



Erik Damgaard
stofnandi og forstjóri Uniconta

Erik Damgaard er ókrýndur konungur bókhaldskerfanna en ferill hans spannar hátt í 40 ár og er Uniconta sjötta lausnin úr hans smíðju. Hann markaði vatnaskil í viðskiptalausnum með útgáfu Concorde XAL og síðar Axapta. Fyrirtæki Eriks var selt til Microsoft fyrir \$2 milljarða árið 2001 og Dynamics AX hefur frá þeim tíma verið flaggskip Microsoft í viðskiptalausnum.



Linda Rut Benediktsdóttir
frá RSK

Linda Rut stýrir vinnu íslenska landsteymisins í Nordic Smart Government sem er samstarfsverkefni fyrirtækjaskráa, skattyfirvalda, hagstofa og fleiri aðila á öllum Norðurlöndunum. Verkefnið snýst um að gera viðskiptagögn aðgengileg fyrirtækjum og stofnunum á sjálfvirkum, snjallan og öruggan hátt í rauntíma og stuðla þannig að einfaldara rekstrarumhverfi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á Norðurlöndunum.



Jónas Magnússon
frá RSK

Jónas hefur starfað um árabíl hjá ríkisskattstjóra og er fulltrúi embættisins í Nordic Smart Government. Vinnuhópurinn hans hefur umsjón með samskiptum við hagsmunaaðila en samráð og samtal skiptir öllu þegar framtíð er mótuð. Fundir með fulltrúum fyrirtækja hafa skilað innsýn í viðhorf og rekstrarumhverfi þeirra ekki síst þegar kemur að bókhaldsvinnunni, en færsla bókhalds er sá grunnur sem byggja þarf á svo markmiðum Nordic Smart Government verði náð.



Kristján Ingi Mikaelsson
frkv.stj., Rafmyntaráðs

Kristján Ingi er framkvæmdastjóri Rafmyntaráðs en hann hefur í gegnum tíðina hrint af stað fjölda verkefna sem snúa m.a. að opnun gagna, eflingu lýðræðisins og auknu upplýsingaflæði í aðdraganda kosninga. Hann hefur einnig verið virkur í uppbyggingu forritunarsamfélagsins og var einn af forsvarsmönnum ráðstefnunnar JSConf Iceland og tæknistyrktarsjóðnum Community Fund. Kristján hefur tekið virkan þátt í frumkvöðlastarfi hérlandis og bjó hann um tíma í Kísildalnum.

SAKAMÁL



13 ára dóttir Barböru Opel, Heather, var á meðal þeirra fimm unglunga sem Barbara réð til að myrða 64 ára yfirmann hennar, Jerry Duane Heimann. Unglingarnir myrtu Heimann þann 13. apríl, 2001. Þá bjó Barbara með Heimann og 89 ára gamalli móður hans, sem hún reyndar sá um. Barbara ágirtist 40.000 Bandaríkjadali sem Heimann hafði fótum sínum og daginn þann sátu unglingarnir fyrir honum er hann kom heim frá vinnu og réðust á hann með hnífum og hafnaboltakylfu. Lík hans fannst átta dögum síðar í grunnri gróf í um sextán kílómetra fjarlægð frá húsi hans í Snohomish-sýslu í Washington. Kyle Boston, 14 ára, fékk 220 dali fyrir vikið, og síðar 18 ára dóm, og

DRAUGURINN

■ Dolly Oesterreich var ekki við eina fjölinna felld ■ Átti um tíma þrjá ástmenn ■

Walburga „Dolly“ Oesterreich var bandarísk húsmóðir og eiginkona vellauðugs textílframleiðanda, Freds Oesterreich. Dolly fæddist árið 1880, en áhöld eru um hvort það var í Þýskalandi eða í Milwaukee í Wisconsin-fylki í Bandaríkjunum.

Hvað sem því líður þá var um hana sagt að hún hefði alltaf verið með karlmann innan seilingar, alla jafna fleiri en einn. Um eiginmann hennar var sagt að hann hefði verið harður nagli, gefinn fyrir sopann og, eins og áður sagði, afar loðinn um lófana. Fred hafði auðgast á höndlun með textílvörur; aðallega kvenfatnaði og þá mestmegnis svuntum.

Otto tálldreginn

Dolly og Fred bjuggu fyrst saman í Milwaukee, en fluttu síðar til Los Angeles. Það var í Milwaukee, í kringum 1913, sem Dolly kynntist

Eiginmaðurinn og ástmaðurinn tókust á og þegar upp var staðið hafði Fred verið skotinn þremur skotum, þar af einu í hnakkann

ist Otto nokkrum Sanhuber. Otto vann í verksmiðju Freds og sá þar um viðgerðir á saumavélum.

Dolly sá sér leik á borði og ákvað að draga Otto, sem þá var

sautján ára, á talar. Fyrsti leikur Dolly í stöðunni var að hringja í mann sinn, sem þá var í vinnunni og segja að saumavél hennar væri biluð. Þegar Otto

Hús Oesterreich-hjónanna í Milwaukee Dolly geymdi ástmann sinn í risinu um nokkurra ára skeið.



kom á heimili hjónanna, grunlaus með öllu, tók Dolly á móti honum íklædd nælonsokkum og silkislopp. Björninn var unninn og það sem síðar varð er lyginni líkast.

Fred kemst að sannleikanum

Innan skamms varð Otto sem leir í höndum Dolly og síðar lýsti hann sjálfum sér sem „kynlífsþræl“ hennar. Þau hittust á laun á nálægu hóteli eða annars staðar. Einnig hittust þau á heimili Dolly og Freds ef svo bar undir.

En tíðar heimsóknir Ottos fóru ekki fram hjá nágrönnum hjónanna sem færðu þær í tal við Fred. Kokkállinn brást hinn versti við og skipaði Otto að halda sig fjarri Dolly þaðan í frá.

Dolly stakk þá upp á því að Otto segði starfi sínu í verksmiðju Freds lausu og flytti inn á heimili þeirra hjóna, með leynd; hann gæti komið sér fyrir uppi í risi og látið lítið fyrir sér fara.

Skrifar í frístundum

Það fannst Otto þjóðráð því ekki aðeins yrði hann nær ástkonu sinni heldur fengi hann að auki tækifæri og tíma til að láta draum sinn um að skrifa glæpareyfara ræstast.

Við tók daglegt líf. Otto sinnti heimilisverkum og skyldum sínum gagnvart húsmóðurinni. Hann fékk matarleifar úr eldhúsinu. Í „frítíma“ sínum var hann í næði í risinu, las reyfara og skrifaði sjálfur ævintýrasögur þar sem losti og rómantík léku stórt hlutverk. Otto tókst meira að segja að selja tímaritum einhverjar sagna sinna, en það er önnur saga.

Hjónin flytja og Otto með

Tilvist Ottos á heimilinu fór fullkomlega fram hjá Fred þótt stundum hafi litlu munað að hann kæmist að blekkingunni. Árið 1918 fluttu Oesterreich-hjónin til Los Angeles. Dolly hafði hugsað fyrir öllu og sent Otto þangað á undan og skyldi hann biða komu þeirra.

Verifone®

Ný greiðslulausn fyrir sjálfsala



Verifone á Íslandi, leiðandi fyrirtæki í greiðslulausum

verifone@verifone.is S: 544 5060

Þrettán ára frændi hans fékk um 100 dali, og var dæmdur til vistar í unglingafangelsi til 21 árs aldurs. Jeffrey Grote, 17 ára, fékk bíl, og 50 ára dóm. Ekki fylgir sögunni hvað Marriam Diane Oliver, 14 ára, fékk fyrir sinn snúð, en hún fékk 22 ára dóm. Heather fékk 22 ára dóm. Til að bíta höfuðið af skömminni lét Barbara tvö önnur börn sín, 7 og 11 ára, þrifa upp blóðið í kjölfar morðsins. Sjálf fékk Barbara Opel lífstíðardóm 24. apríl árið 2003.

INN Í RISINU

Otto geymdi hún í risinu í áratug ■ Rifrildi hjónanna breytti öllu



Dolly hafði fengið að ráða hvaða hús hjónin myndu fjárfesta í og valdi eitt með háalofti. Eins fljótt og auðið var flutti Otto inn á háaloftið, með leynd að sjálf sögðu, og samband hans og Dolly tók á sig fyrri mynd.

Skothvellir síðla kvölds

Vindur nú sögunni fram til ársins 1922. Síðla kvölds 22. ágúst barst ómur af hávaðarifrildi upp í risið til Ottos. Hjónin áttu það til að rífast en í þetta skipti virtist sem eitt-hvað meira væri í uppsiglingu. Otto heyrði að rifrildið breyttist í líkamleg átök og leist ekki á blikuna.

Otto náði í tvær litlar skammbyssur og rauk niður ástkonu sinni til bjargar. Án efa hefur Fred orðið hvumsa að sjá þarna kominn gamlan starfsmann sem átti að heyra sögunni til, eftir að hafa verið sagt að halda krumlunum fjarri frú Oesterreich. Eiginmaðurinn og ástmaðurinn tókust á og þegar upp var staðið hafði Fred verið skotinn

premúr skotum, þar af einu í hnakkann.

Logið að lögreglu

Turtildúfurnar ákváðu að setja á svið innbrot þjófa og mundi Dolly fullyrða að eiginmaður hennar hefði ekki viljað verða við kröfum þeirra og þeir því skotið hann.

Otto læsti Dolly inni í svefnherbergisskáp og fleygði lyklinum fram á ganginn. Síðan faldi hann rándýrt demantsúr Freds og fór síðan upp í ris og faldi sig.

Nágrannar heyrðu skothvöllina og höfðu samband við lögregluna sem fann Dolly liggjandi í hnipri í fataskápnum. Hún virtist vera í öngum sínum.

Lögreglan hafði lítið annað að byggja á en frásögn Dolly, en hafði þó sínar grunsemdir. Skammbyssan sem notuð hafði verið fannst ekki, en kúlan benti til að um litla skammbyssu hefði verið að ræða, afar óalgengt vopn á meðal innbrotspjófa.



Fred Oesterreich Hafði ekki hugmynd um „leigjandann“ í risinu.



Straumhvörf í neysluvatnsdælum



GRUNDFOS

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Grundfos Scala 3-45
Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýsting og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra
Innbyggð þurrkeysrluvörn
Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

Dragháls 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is



15 ára að aldri var Frakkinn Jean-Laurent Olivier, sem fæddist 1944, sendur í sveit í Montlevon. Fyrir þann tíma hafði hann verið í fóstri á vegum franska félagsmálafirvalda en móðir hans hafði yfirgefið hann þegar hann var barn að aldri. Með tíð og tíma eignaðist Jean-Laurent sína eigin jörð og þann 17. júní, 1967, var hann að störfum á dráttarvél úti á akri. Þá sá hann tvö börn að leik og þekkti þar börn nágretta síns, Demarle, Pierette, 12 ára, og bróður hennar Lucien, 10 ára. Jean-Laurent gaf sig á tal við börnin sem þekktu hann af góðu einu. Næsta morgun fann bóndi nokkur börnin látin. Hafði Pierette verið nauðgað og þau bæði kyrrt. Lögreglan tók Jean-Laurent til yfirheyrslu og eftir tvo sólarhringa játaði hann á sig glæpin. Hann gat þó ekki gefið nokkrar skýringar á hvað hefði komið yfir hann.

Meira en ári síðar hófust réttarhöld yfir Jean-Laurent og er skemmst frá því að segja að hann var sakfelldur. Engar mildandi forsendur voru til staðar og Jean-Laurent var dæmdur til dauða. Klukkan fimm að morgni 11. mars, 1969, var Jean-Laurent vakinn í klefa sínum og hálf tíma síðar skildi fallöxin höfuð hans frá bóknum. Hann var síðasti maðurinn sem tekinn var af lífi í forsetatíð Charles De Gaulle.



Ástmönnum fjölgar
Leið nú tíminn. Dolly flutti í annað að hverfi og kom Otto fyrir í risinu. En Dolly bætti nú um betur því hún stofnaði til sambands við lögfræðinginn sem hafði séð um dánarbúið, Herman S. Shapiro. Hún gaf Shapiro demantsúr Freds. Shapiro þekkti úrið og Dolly sagðist hafa fundið það undir sófapullu. Dolly var iðin við kolann því hún bætti þriðja ástmanninum í safn sitt; kaupskýslumanni að nafni Roy H. Klumb. Hún bað hann að gera sér greiða – að losa hana við gamla skammybyssu, ekki ósvipaða þeirri sem notuð var til að bana eiginmanni hennar. Það yrði, sagði hún, vandræðalegt ef lögreglan kæmist á snoðir um hana. Klumb gerði sem hún bað. Nágranna sinn bað Dolly að fela hina skammybyssuna og varð hann við þeirri bön hennar.

Dolly handtekin
Í júlí, 1923, hljóp á snærið hjá lögreglunni. Hún komst á snoðir um að Shapiro gengi með úr Freds, sem átti að hafa verið stolið í innbrotinu. Til að bæta gráu ofan á svart fyrir Dolly þá hafði Klumb, sem hafði fengið reisupassann hjá henni, upplýst lögregluna um að hann hefði, að ósk Dolly, hent einni skammybyssu af tveimur sem hún átti.

Lögreglan fann skammybyssuna í tjöruþytt sem Klumb hafði hent henni í. Málið komst aftur á síður dagblaðanna og áður nefndur nágranni kom færandi hendi til lögreglunnar, með hvort tveggja skammybyssu og frásögn. Dolly var handtekin fyrir morð.

Otto kastað á dyr
Á meðan Dolly var í varðhaldi

Walburga „Dolly“ Oesterreich Hafði alltaf karlmann, helst fleiri en einn, innan seilingar.



hafði hún áhyggjur af Otto sínum, sem hírðist allslaus í risi heimilis hennar. Hún bað því Shapiro að færa honum eitthvað matarkyns. Hann og Otto spjölluðu saman og Shapiro komst að áratugar löngu sambandi Ottos og Dolly. Shapiro vísaði Otto umsvifalaust á dyr. Meðferð málsins dróst svo mánuðum skipti, en erfiðlega gekk að finna hvort tveggja ástæðu

morðsins og frekari sönnunargögn. Einnig var mikil ráðgáta hvernig Dolly gat læst sig sjálf inni í fataskápnum og fleygt lyklinum fram á gang. Þegar þarna var komið sögu voru báðar skammybyssurnar svo illa farnar og ryðgaðar að ekki var hægt að færa sönnur á að þær hefðu verið notaðar við verknaðinn. Dolly varð svo veik að henni



Otto Sanhuber
Lýsti sér síðar sem kynlífsþræl Dolly.

Þegar Otto kom á heimili hjónanna, grunlaus með öllu, tók Dolly á móti honum íklædd nælonsokkum og silkislopp.

var vart hugað líf og að lokum voru ákærur felldar niður vegna skorts á sönnunargögnum.

Draugurinn í risinu
Shapiro og Dolly voru áfram elskendur og hann flutti að lokum inn á heimili hennar. Þar bjuggu þau saman í um sjö ár og var samband þeirra frekar róstudamt.

Otto Sanhuber fór til Kanada, kvæntist þar konu og bjó þar um skeið. Síðar sneri hann aftur til Los Angeles. Um svipað leyti, árið 1930, sá Shapiro sitt óvænna, í kjölfar alvarlegrar deilu hans og Dolly, og sagði skilið við hana. Hann upplýsti lögregluna um tilvist Ottos Sanhuber og voru þau bæði handtekin. Í blöðum þess tíma fékk Otto viðurnefnið „draugurinn í risinu“.

Málalok
Í þetta sinn var Dolly ákærð fyrir samsæri um að fremja morð og Otto ákærður fyrir morð. Niðurstaða kviðdóms var að Otto væri sekur um morð en málið var fyrnt og Otto gat aftur um frjálst höfuð strokið.

Í aðskildum réttarhöldum yfir Dolly kom klofinn kviðdómur henni til bjargar. Þar sem engin frekari sönnunargögn höfðu fundist var að lokum fallið frá frekari kærnum og málum á hendur Dolly.

Af Otto Sanhuber spurðist ekkert meir og Dolly hafði sennilega lært sína lexíu því hún bjó með einum og sama manningnum næstu þrjá áratugi. Walburga „Dolly“ Oesterreich safnaðist til feðra sinna árið 1961. ■



Dropi af náttúrunni
Kaldunnin þorsklifrarolía



„Þegar kemur að næringu og heilsu vel ég aðeins það besta“
Andri Rúnar Bjarnason
Knattpyrnumaður Helsingborg



Nýjar bragðtegundir með lífrænum kjarnaolíum úr ferskri grænmyntu, engifer og fennil



ÞAR SEM REYNSLAN ER HVAÐ MEST

Hvort sem það sé um að ræða 50 manna
hóp eða 1.500 manna stórdansleik



S: 555 0005
S: 896 4850

Helgarkrosssgátan

	krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510		þannig að...	sólguð		sáðlönd	bölvar			
	steðjar									
	mála									
	Höfundar- réttur skilyrtur.		2	grátur gáleysi						
	ídyfan									
	↗				↖	bjáni				
			sund							
Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð	↓	hrein	fiskar	stúlka rell		8		4 eins	6	álpast
stoppi						slælega sansar				
kvendýr					þegar		deig			5
fuglar						↑	bæta		skítugt	
		til gjalla			sumblar plötu- spilara					
skúti				tré droll				2 eins	9	sank
eftir		7	suð lumma				sef			
sagginn							ögn hnefinn			
	↓	2 eins dró			49 eiðfesti			úldin	mjög	4
ýta				snótin						
útungun				bón eldstæði			tjúlluð			glundri
	↘					↗	vistarveru féfletti			
bróðir Abels					pena gargi					
	viður		nefgöng gíg				krafs	brella	heiti	
uns					1	renniloka				
	3	tré kvendýr				duglausa				árföður
ávana				rauðleit				öðlast		
slabb						tætta				

1	2	3	4	5	6	7	8	9

Sudoku

Auðveld

				5	9	4		2
		1		2	4			8
	6		7	8			9	
7	1			9		8	5	6
				3		7		
			5				2	
2	3		8				6	
	7	6	2	4		5		
1				7				

Erfið


1			6					3
					2			9
6	8			4				
	9							2
		1					5	
7					8		9	
	2	5	1	6		8		
		4		5	3			
9		6	7			2		

Verðlaunagáta

Helgarkrosssgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið **krossgata@dv.is**



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...
Jóhanna Lövdahl
Lausnarorðið var **KJÁNAPRIK**
**Jóhanna hlýtur að launum bókina Brandarar handa bys-
sumönnunum**



**Í verðlaun fyrir gátu helgar-
blaðsins er bókin Gamlinginn sem
hugsaði með sér að hann væri
farinn að hugsa of mikið**

Gamlinginn sem hugsaði með sér að hann væri farinn að hugsa of mikið
Höfundur: Jonas Jonasson

Gamlinginn sem hugsaði með sér að hann væri farinn að hugsa of mikið er sjálfstætt framhald af hinni geysivinsælu bók Gamlinginn sem skreidd út um gluggann og hvarf. Allan Karlsson dvelur á Balí með Juliusi vini sínum sem býður honum í skemmtiferð í loftbelg á hundrað og eins árs afmælisdaginn. Sú ferð á bara að taka dagsstund en fyrr en varir er gamli maðurinn orðinn heimspekktur kjarnorkuvopnasérfræðingur í þjónustu Kims Jong-un, leiðtoga Norður-Kóreu. Og það er bara byrjunin, áður en yfir lýkur hefur hann haldið fundi bæði með Donald Trump og Angelu Merkel og austur í Rússlandi fylgist Vladimir Pútín agndofa með afrekum hans! Nanna B. Þórsdóttir þýddi.



Castello
PIZZERIA

ALVÖRU TILBOÐ



FJÖLSKILDUTILBOÐ

4.490

ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR

WWW.CASTELLO.IS



STÓR PIZZA MEÐ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM

2.190



9" HÁDEGISTILBOÐ

1.590



12" HÁDEGISTILBOÐ

1.990



3.490

12" HEIMSENDINGAR TILBOÐ



4.190

15" HEIMSENDINGAR TILBOÐ

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

Einfaldir réttir fyrir Eurovision sem henta öllum

Það er alveg nauðsynlegt að hafa eitthvað gott á boðstólum til þess að nasla á meðan horft verður á **Eurovision** á laugardagskvöldinu. Algengt er að margir hittist saman og getur mataræði fólks verið mismunandi. Góður gestgjafi passar sig vel og vandlega á því að hafa eitthvað fyrir alla og ákváðum við því að finna þrjár góðar uppskriftir sem ættu að henta þeim sem eru á ketó, þeim sem eru vegan og svo þeim sem borða hvað sem er. Uppskriftirnar eru einfaldar, taka stuttan tíma að útbúa en eru allar svo bragðgóðar að enginn ætti að fara ósáttur heim eftir partíið.

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Ketó-ostasnakk Hönnu:

Hanna Þóra Helgadóttir, bloggari á síðunni fagurkerar.is, hefur verið dugleg að prófa sig áfram með alls konar ketó-uppskriftir sem hún er dugleg að birta á Instagram-síðu sinni: hannathora88

- Innihald:
- Rifinn mozzarella-ostur
 - Himalaja-salt
 - Hvítlauksduft

Aðferð:
Mozzarella-ostinum er dreift í stærð

munnbíta á bökunarpappír, smá himalaja-salti er dreift yfir ásamt örlitlu hvítlauksdufti. Osturinn er bakaður við 200°C þar til hann er orðinn gullinn og stökkur. Þá er platan tekin út og ostinum leyft að kólna þar til hann verður alveg stökkur. Tilvalið er að bera ostasnakkið fram með lárperumauki (guacamole).
Mynd: Instagram/hannathora99



Rjómaostaídyfa sem svíkur engan:

Blaðakona á ritstjórn lofar því að enginn verði svekktur á þessari einföldu en bragðgóðu uppskrift:

- Innihald:
- Rjómaostur
 - Laukur
 - Paprika
 - Sweet chili-sósa
 - Snakk eða kex eftir smekk

Aðferð:
Áður en hafist er handa skiptir miklu máli að þrifa hendurnar vel eða vera í einnota hönskum. Rjómaosturinn er tekinn og settur í skál. Laukur og paprika eru skorin niður í litla bita og fer magnið eftir smekk hvers og eins. Grænmetinu er svo hnoðað vel saman við ostinn og í kjölfarið sett ofan í skál sem bera á réttinn fram í. Þá er tekin sweet chili-sósa og henni hellt yfir ostinn. Þetta er svo borið fram með því snakki eða kexi sem hverjum og einum finnst gott. Gott er að taka sweet chili-sósuna með á borðið því reynslan sýnir að flestum þykir gott að bæta á hana jafnóðum.

Rjómaostur og sweet chili-sósa getur ekki klikkað.



Vegan edamame-baunir:

Edamame-baunir eru virkilega góðar og einfaldar til framreiðslu. Þær innihalda mikið prótein og eru því ekki bara ljúffengar heldur hollar líka.

- Innihald:
- Edamame-baunir
 - Maldon-salt
 - Krydd eftir smekk

Aðferð:
Byrjið á því að sjóða edamame-baunirnar í belgnum þar til þær hafa náð góðri mykt. Sigið vatnið frá baununum og setjið þær á pönnu ásamt ólífuolíu og steikið þar til þær verða örlítið stökkar.


Berið baunirnar fram í belgnum og stráið maldon-salti yfir ásamt því kryddi sem ykkur þykir gott. Baunirnar eru svo borðaðar úr belgnum og honum hent.



Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í
þjónustu og varahlutasölu
í aftanivagna af öllum gerðum.
Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum.
Bilanagreining í bremsukerfum vagna.
Stilling á loftventlum.
Sérpantanir á varahlutum.


SUMAR- SMELLIR



GOODREADS


„Yndislestur frá
upphafi til enda.“

KIRKUS REVIEW



NÝ

Hinn stórkostlegi
gamlingi snýr aftur
í meinfyndinni bók
sem fær lesendur
til að skella upp úr.



Ný bók um háska-
kvendið Stellu Blómkvist
sem slær ekki slöku við
frekar en fyrri daginn.

 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | Laugardaga 11–16 | www.forlagid.is



Verktakar Sýnar á greiðslufrest

Orðið á götunni er að allir verktakar Sýnar verði nú settir á tveggja mánaða greiðslufrest. Með þessu nýja fyrirkomulagi sparar fyrirtækið sér að greiða þeim laun næstu tvo mánuði, en um er að ræða nokkuð stóran hluta af starfsfólki fyrir-tækisins.

Sýn birti í vikunni afkomu fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins og jókst hagnaður um 620 milljónir milli ára. En þar skipti mest 817 milljóna króna sölu-hagnaður vegna samruna dótturfélaga. Rekstrartekjurnar sjálfar jukust ekki nema um eitt prósent og hlutabréf hafa fallið um nærri helming á einu ári. Þá voru greiddar 137 milljónir vegna starfsloka stjórnenda.



Á hvað er Heið-ar að horfa ?

Ég hef verið dálítið einsleitur þegar kemur að sjónvarpsefni, þar sem ég er smá sci-fi-, zombie- og vampíru-þátta perri. Ég lá heima í heilan mánuð eftir aðgerð og þá var ég duglegur að renna í gegnum sjónvarpsefnið hjá bæði Sjónvarpi Símans og Netflix. Þættirnir voru eðlilega misgóðir, en á tímabili þá var mér sama hversu lélegt efnið var, svo lengi sem ég hafði eitt-hvað til að góna á þegar ég lá fyrir.

Ég tók rispu í að horfa á þættina Z Nation á Netflix, hámhorfði á sérú eitt en missti svo fljótlega áhugann þegar ég byrjaði á sérú tvö. Það var engin sérstök ástæða fyrir því, ég var held ég bara kominn með nóg af þeim. Þeir í raun og veru fjalla um enda-lok heimsins, veiru sem fer á milli manna og breytir alsak-lausum manneskjum í upp-vakninga sem vilja bara heila í for-, aðal- og eftirrætt. Það ein-kenndi Z Nation hins vegar að þarna voru samankomnir lík-lega lélegustu leikarar og leik-konur Hollywood en mér var alveg sama.

Áfram gott sjónvarp!



Lilja Katrín nýr ritstjóri DV

Lilja Katrín Gunnarsdóttir, núverandi yfirmaður dægur-máladeildar DV, hefur verið ráðin sem ritstjóri Frjálsrar fjölmiðlunar. Mun hún formlega taka við stjórnartaumunum á mánudag en einnig verður annar ritstjóri ráðinn til félagsins sem rekur DV og dv.is

„Þetta er gífurlega spennandi verkefni og talsverð áskorun, en það er ágætt við og við að þjóta út fyrir þægindarammann. Mér þykir afar vænt um DV og tel mig afar heppna að fá að þróa miðilinn áfram í samvinnu með góðu fólki,“ segir Lilja Katrín.

”Ég á því stóran reynslubanka að leita í og er ávallt þakklát því fólki sem ég hef unnið með í þessum bransa á lífsleiðinni

Hinn nýráðni ritstjóri hefur fimmtán ára reynslu og hefur meðal annars starfað sem ritstjóri Séd og heyrt og vefstjóri Mannlífs. Þá hefur hún einnig starfað sem

umsjónarmaður innblaðs Frétta-blaðsins og Lífsins á Vísi. Hún er með háskólagráðu í kvikmynda- og sjónvarpsþáttaleiklist. Hefur hún einnig starfað á því sviði, bæði sem leikari og handritshöfundur.

„Ég hef átt þeirri lukku að fagna síðustu fimmtán árin að vinna undir og með mörgu af fremsta fjölmiðlafólki landsins. Ég á því stóran reynslubanka að leita í og er ávallt þakklát því fólki sem ég hef unnið með í þessum bransa á lífsleiðinni. Þau hafa leitt mig á þann stað sem ég er á í dag.“ ■



Tilttekt

Við tökum til og bjóðum valdar vörur á stórlækkuðu verði.

FRITZ HANSEN, ROSENDAHL, STELTON, ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO, JOSEPH JOSEPH, CARL HANSEN, HAY OG ALLIR HINIR

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

15-70% AFSLÁTTUR

**Í DAG FÖSTUDAG,
Á MORGUN LAUGARDAG,
OG Á SUNNUDAG
16. - 19. MAÍ**